**allt**
**SWAROVSKI-KRISTALLAR**
*Stjörnurnar elska Swarovski*
• tíska • matur • heimili
**Í MIÐJU BLAÐSINS ▶**



**SÉRBLAÐ**
**VESTURLAND OG VESTFIRÐIR**
*Sögustaðir og sagnabrot*
eini kútterinn á íslandi
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ÍDAG ▶**








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. júní 2005 - 161. tölublað – 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Fréttasími: 821 7530


**FIMMTUDAGUR**



## Fjöldi hljómsveita á Iceland Airwaves

Hljómsveitirnar The Zutons, The Fiery Furnaces og The International Noise Conspiracy eru á meðal fjölmargra sveita sem munu spila á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni sem verður haldin í Reykjavík dagana 19. til 23. október.

UNGT FÓLK 48

## Dropi í hafið



Ákvörðun iðnríkja um að fella niður skuldir átján fátækralanda er lítilræði miðað við það fé sem þau hafa áður lofað að reiða fram, segir Þorvaldur Gylfason.

UMRÆÐAN 25

## FH-ingar áfram á sigurbraut – unnu toppslaginn

Allan Borgvardt var hetja FH-inga er hann skoraði eina mark leiksins gegn Val á Hlíðarenda í gærkvöldi. Íslandsmeistararnir hafa unnið alla sex leiki tímabilsins.

ÍÞRÓTTIR 34



**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÁFRAM HLÝTT Í BORGINNI** Bjart með köflum vestan til en rigning á austurhluta landsins. Hiti 7-19 stig, hlýjast inn til landsins sunnan- og suðvestanlands.

VEÐUR 4




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005. Lestur á fimmtudögum.

# Hundruð offitusjúklinga bíða eftir meðferð

**380 offitusjúklingar eru nú á biðlista eftir meðferð á Reykjalundi. Að meðaltali eru þeir 90 prósentum yfir kjörþyngd. Þörfin á auknum fjármunum vegna stóraukinna afkasta á Reykjalundi er brýn.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæplega 400 offitusjúklingar eru á biðlista á Reykjalundi. Langflestir bíða eftir að komast í offituaðgerð á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, að sögn Ludvigs Guðmundssonar yfirlæknis.

„Af þessum hópi bíða um 130 eftir fyrsta viðtali á göngudeild,“ segir Ludvig. „Þá verða eingöngu 50 á göngudeild og 200 sem bíða eftir að komast hingað í meðferð á dagdeild eða í innlögn. Gera má ráð fyrir að 75-80 prósent allra sem hingað leita fari í maga-hjáveituaðgerðina á Landspítalanum.“

Ludvig segir offitu alheimsvandamál sem Íslendingar fari ekki varhluta af. Hér hafi offita meðal fullorðinna meira en tvöfaldast á síðustu 20 árum og þjaki meira en fimmtung fullorðinna Íslendinga. Meðal níu ára barna hafi fjöldi offitutilvika fjórfaldast á síðustu 24 árum. Ofþyngd hefur einnig aukist og eru um 65 prósent fullorðinna yfir æskilegri þyngd. Brýnt sé að snúa þessari þróun við, því offitu fylgja alvarlegir sjúkdómar, svo sem sykursýki, kæfisvefn, hjarta- og æðasjúkdómar, stoðkerfisverkir, slitgigt, ýmis krabbamein, ófrjósemi og andlegir sjúkdómar.

„Að meðaltali eru þeir sem hingað koma 90 prósentum yfir kjörþyngd,“ segir Ludvig. „Hér er eingöngu fengist við alvarlega offitu sem ekki er hægt að meðhöndla heima, ef svo má segja. Þá erum við að ræða um konur sem eru 110-140 kíló og karla sem eru 130-170 kíló eða þar yfir.“

Samkvæmt gildandi þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið á Reykjalundur að sjá um þjónustu við 25 offitusjúklinga á ári. Það dugir engan veginn til, því fjöldi þeirra sem fengið hafa meðferð hefur aukist úr 45 árið 2001 í 60 á árunum 2003-2004.

Að sögn Ludvigs hefur verið farið fram á endurskoðun þjónustusamningsins þannig að hægt sé að taka inn 100-110 manns á ári, sem myndi svara albrýnustu þörfinni. Heildarkostnaður vegna þjónustu Reykjalundar yrði þá 65 milljónir króna á ári. **– jss**

**BIÐTÍMI Á REYKJALUNDI**

| |
|---|
| 90 hafa beðið frá 2005 |
| 194 hafa beðið frá 2004 |
| 91 hefur beðið frá 2003 |
| 5 hafa beðið frá 2002 |

Vilja lækka olíuverð:

# OPEC eykur framleiðslu

**AUSTURRÍKI, AP** Ráðherrar OPEC, samtaka olíuútflutningsríkja, ákváðu í gær að auka framleiðslukvóta hráolíu um hálfa milljón fata á dag, með það fyrir augum að lækka heimsmarkaðsverð. Neikvæðra afleiðinga hás olíuverðs hefur í auknum mæli farið að gæta í alþjóðahagkerfinu að undanförnu.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að ákveðið hafi verið að auka framleiðslukvótann frá og með 1. júlí úr 27,5 milljónum í 28 milljónir fata á dag.

Ennfremur var ákveðið að framleiðslukvótinn verði aukinn um hálfa milljón fata til viðbótar síðar á árinu, lækki heimsmarkaðsverðið ekki á þriðja ársfjórðungi.

Olíuverð hélt þó áfram að hækka á mörkuðum í gær. Miðlarar höfðu þegar gert ráð fyrir framleiðsluaukningunni en að þeirra mati mun hún ekki duga til að fullnægja eftirspurn nógu vel til að verðið lækki svo nokkru nemi. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ERILSAMT Á GATNAMÓTUM** Til stendur að ljúka við breikkun gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar fyrir sumarlok. Við gatnamótin verða sex akreinar í hverja átt. Einnig verður sérakrein fyrir strætisvagna á ferð austur Miklubraut.

Kringlumýrargatnamót:

# Þrettán akreinar

**SAMGÖNGUMÁL** Vinna við breikkun gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar er nýhafin. Til stendur að breikka Kringlumýrarbraut frá Listabraut í suðri að Háaleitisbraut í norðri og Miklubrautina frá göngubrúnni við Kringluna í austri og Lönguhlíð í vestri. Við gatnamótin sjálf verða sex akreinar í hverja átt. Á kafla bætist svo þrettánda akreinin við fyrir strætisvagna.

Til stendur að framkvæmdum og frágangi verði lokið að fullu þann 29. ágúst. **-oá**

Rannsókn vegna gruns um misnotkun á fjórum stúlkum:

# Yngsta stelpan þriggja ára

**LÖGREGLUMÁL** Reykvískur karlmaður á fertugsaldri sætir nú rannsókn vegna gruns um kynferðisleg brot á fjórum stúlkubörnum. Stúlkurnar voru á aldrinum þriggja til þrettán ára þegar brotin voru framin. Við rannsókn á heimili mannsins fundust tugir barnaklámmynda í tölvu hans. Að sögn Sigurbjörns Víðis Eggertssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns í Reykjavík er rannsóknin langt komin.

Nokkur ár eru liðin frá því að talið er að fyrsta brotið hafi verið framið, en meint misnotkun er talin hafa átt sér stað um árabil. Fyrsta kæran barst lögreglu í mars, en þrjár kærur hafa borist síðan. Maðurinn er ásakaður um að hafa snert stúlkurnar, eða látið þær snerta sig á ósæmilegan hátt. Refsiramminn fyrir slík brot er allt að tólf ára fangelsi. Ramminn er hins vegar sjaldan nýttur til fullnustu.

Málið tengist ekki rannsókn lögreglu á manni á fertugsaldri sem handtekinn var í gær vegna gruns um að tölvubúnaður hans innihéldi barnaklám. ■




KRINGLU KAST
Nýtt kortatímabil
-opið til 21
Kringlan



## SPURNING DAGSINS

*Ólafur Darri, er fólk fífl?*

„Nei, að sjálfsögðu er fólk ekki fífl.“

Fólk eyðir meiri peningum en áður, en kaupmáttur launa hækkar ekki að sama skapi. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, sagði í Fréttablaðinu í gær að umframeyðslan væri að líkindum kostuð með lánum.

Aðgerð lögreglu gegn handrukkurum:

# Þrjátíu handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Höfð voru afskipti af 30 manns á aðfararnótt laugardags í aðgerðum lögreglu gegn handrukkurum. Enginn þeirra er enn í haldi lögreglu. Það var lögreglan í Reykjavík, í samstarfi við ríkislögreglustjóra sem stóð fyrir aðgerðinni, sem búin er að vera í undirbúningi í talsverðan tíma. Að sögn Karls Steinars Valssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns, var tilgangurinn meðal annars sá kortleggja hverjir séu mest í handrukkun.

Auk þess að hafa afskipti af 30 einstaklingum, sem allir tengjast handrukkun á einhvern hátt þótt ekki séu þeir allir taldir handrukkarar, fannst eitthvað af fíkniefnum og bareflum sem eru nú í vörlu lögreglu.

Karl Steinar segist eiga von á að framhald verði á þeim málum sem þeir höfu afskipti af nú um helgina. Yfirheyrslum sé nú lokið en það sé of snemmt að segja til um hvort einhver af þessum 30 verði kærðir vegna handrukkunar. Einhverjir mega þó eiga von á kæru vegna fíkniefnanna sem fundust í aðgerðinni.

Karl Steinar segist hvetja borgara sem hafa sætt hótunum handrukkara til að setja sig í samband við lögreglu og kæra.

- SS



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**KARL STEINAR VALSSON** Hvetur borgara sem hafa sætt hótunum handrukkara til að kæra slíkt til lögreglu.

Guðjón A. Kristjánsson

## Undarlegt mat á vanhæfi

**EINKAVÆÐING** „Við ætlum að komast að því hjá ríkisendurskoðanda á fundi fjárlaganefndar í dag hvernig hann fari að því að draga vanhæfismörk við 26,3 prósenta eignaraðild forsætisráðherra og fjölskyldu hans,“ segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslyndaflokksins. Guðjón segist jafnframt ætla að spyrja ríkisendurskoðanda hvar hann hafi fengið leiðbeiningar um mat á vanhæfisástæðum. „Við höfum ekki séð nein lögfræðiálit um þetta og ég veit ekki hvaða gildi minnisblað ríkisendurskoðanda hefur um vanhæfi forsætisráðherra,“ segir Guðjón. ■



**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

## Hæfi metið á minnisblaði

**EINKAVÆÐING** „Meginatriði þessa máls er að aðeins hefur komið fram minnisblað Ríkisendurskoðunar um hugsanlegt vanhæfi forsætisráðherra í bankasölumálinu,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar. „Álit ríkisendurskoðanda er ekki dómsorð og borgararnir geta ekki treyst því að þetta sé hafið yfir vafa. Það verður aðeins gert fyrir dómstólum eða rannsóknarnefnd sem Alþingi getur skipað,“ segir Ingibjörg Sólrún og kveðst bíða niðurstöðu fundar fjárlaganefndar með ríkisendurskoðanda í dag. ■



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

# Hverfandi líkur á réttarhöldum um vanhæfi

**Sigurður Líndal fyrrverandi lagaprófessor telur að Ríkisendurskoðun geti fjallað um vanhæfi. Hann segir að niðurstaða embættisins um hæfi forsætisráðherra hljóti að standa nema Alþingi ákveði annað.**

**EINKAVÆÐING** „Í máli forsætisráðherra reynir á mat á hæfi og reglur þar að lútandi,“ segir Sigurður Líndal fyrrverandi lagaprófessor. Hann telur að hlutverk Ríkisendurskoðunar geti falist í skoðun á hæfisreglum.

Í minnisblaði síðastliðinn mánudag komst ríkisendurskoðandi að því að ástæðulaust væri að vefengja hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra til afskipta af sölu Búnaðarbankans á sínum tíma.

Ríkisendurskoðandi segir í sama minnisblaði að spurningum um hæfi eða vanhæfi valdhafa sé lögfræðilegt álitaefni sem löggjafinn hafi ekki ætlað Ríkisendurskoðun að leysa úr.

„Hér þarf að meta hvort hagsmunir forsætisráðherra séu verulegir eða óverulegir, hvort hann fái ekki litið hlutlægt á málavöxtu og að hve miklu leyti hann hafi komið nálægt þessu. Ég held að niðurstaða Ríkisendurskoðunar hljóti að standa nema Alþingi taki aðra ákvörðun.“

Sigurður Líndal bendir jafnframt á að heimild sé í stjórnarskrá lýðveldisins til þess að skipa rannsóknarnefndir. „Það er afar sjaldan gert en slíkar nefndir hafa vald af ýmsum toga. Þótt stjórnmálaflokkur skipaði lögfræðinga til að rannsaka málið yrði að tilgreina og leggja fyrir þá ákveðnar forsendur. Þeir geta ekki yfirheyrt menn, kallað þá fyrir eða heimtað skýrslur eins og rannsóknarnefnd mundi geta gert eða dómstólar,“ segir Sigurður og telur fram að málið sé ekki á því stigi. „Ég sé ekki hvernig ætti að standa að þessu nema Alþingi skipaði formlega rannsóknarnefnd ef ástæða þætti til. Alþingi yrði að samþykkja slíkt og ætli séu nokkrar líkur til þess. Rannsóknarnefnd var síðast skipuð af Alþingi árið 1955. Ef ekki kemur til kasta rannsóknarnefndar eða dómstóla er lítið hægt að gera.“

Sigurður bendir á að fræðilega sé fyrir hendi ákæruvald Alþingis og landsdómur. „Brjóti ráðherra af sér eru til lög um ráðherraábyrgð og landsdómur dæmir í slíkum málum. Hann hefur að vísu aldrei komið saman í liðlega eina öld eða frá stofnun. Það hefur hins vegar gerst til dæmis í Danmörku þar sem ríkisréttur hefur verið kallaður saman.“

johannh@frettabladid.is



**SIGURÐUR LÍNDAL LAGAPRÓFESSOR** „Ég sé ekki hvernig ætti að standa að þessu nema Alþingi skipaði formlega rannsóknarnefnd ef ástæða þætti til.“



**Í JÁRN** Einn hinna sextán grunuðu íslömsku öfgamanna sést hér leiddur á brott í Gramenet nærri Barcelona í gær.

Handtökur á Spáni:

## Hryðjuverkagrunur

**SPÁNN, AP** Spænska lögreglan upplýsti í gær að hún hefði handtekið sextán menn grunaða um tengsl við hryðjuverkahópa íslamskra öfgamanna.

Fimm hinna handteknu eru grunaðir um að hafa verið viðriðnir lestarsprengjutilræðin í Madríd í mars 2004, sem bönuðu hátt í 200 manns. Hinir mennirnir ellefu eru sagðir hafa tengsl við Abu Musab al-Zarqawi, jórdanska spellvirkjann sem fer fyrir uppreisn í Írak. ■

Frakkar og Hollendingar:

## Voru ekki að hafna ESB

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Franskir og hollenskir kjósendur voru ekki að hafna Evrópusambandinu er þeir greiddu atkvæði gegn stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslunum. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem gerð var í löndunum tveimur eftir að öruggur meirihluti kjósenda í þeim báðum hafði hafnað staðfestingu sáttmálans.

Kjósendur tilgreindu mjög margvíslegar ástæður fyrir því að hafa sagt „nei“, þar á meðal óánægju með efnahagsástandið og skort á upplýsingum. ■




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Starfsmanni í félagslegri heimaþjónustu sagt upp störfum:

# Grunaður um fjárdrátt

**FÉLAGSMÁL** Starfsmaður í félagslegri heimaþjónustu er talinn hafa dregið sér fé frá fjórum íbúum á vernduðu heimili í að minnsta kosti eitt ár. Starfsmaðurinn, sem hafði unnið lengi hjá borginni, var umsvifalaust leystur frá störfum þegar fjárdrátturinn kom í ljós.

Starf mannsins var umsýsla og aðstoð við geðfatlaða sem lokið hafa meðferð og verið er að hjálpa að fóta sig í samfélaginu. Hann keypti meðal annars mat fyrir fé sem íbúarnir fjórir greiddu í sjóð í hverjum mánuði. Samkvæmt reglum borgarinnar eiga starfsmenn hennar ekki að fara með fjármuni íbúa á vernduðum heimilum.

Ekki liggur fyrir hvort mennirnir munu fá peninga sína til baka.

Reykjavíkurborg og Landspítalinn koma sameiginlega að þessum vernduðu íbúðum, en starfsmaðurinn tengdist Landspítalanum ekki. Málið er nú í rannsókn hjá velferðarsviði og innri endurskoðun borgarinnar og þegar henni lýkur verður ákveðið hvort málið verður sent til lögregluyfirvalda.

- grs



**VANN HJÁ REYKJAVÍKURBORG** Maðurinn er talinn hafa dregið sér fé úr matarkaupasjóði íbúa á vernduðu heimili


vega bréf
Esso
Vinnur þú fjórhjóladrifinn
Mitsubishi Outlander í eitt ár?
Nældu þér í vegabréf á næstu ESSO stöð og láttu stimpla það hjá ESSO um allt land í sumar. Fullstimpluðu vegabréfi skilar þú svo inn og færð um leið sérstakan sumarglaðning. Vegabréfin fara í pott og glæsilegir vinningar eru dregnir út vikulega í allt sumar. Þú gætir unnið glæsilegt golfsett, rafmagnsbíl fyrir börn eða jafnvel 42" Plasma sjónvarp! Aðalvinningurinn er svo dreginn út í sumarlok þegar einn heppinn þátttakandi fær eins árs afnot af fjórhjóladrifnum Mitsubishi Outlander, tryggðum hjá VÍS, ásamt heilum 1.000 lítrum af gæða bensíni frá Esso
STIMPLAÐU ÞIG INN Í SUMARIÐ!

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 15.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 65,87 | 66,21 |
| Sterlingspund | GBP | 119,94 | 120,56 |
| Evra | EUR | 79,68 | 80,16 |
| Dönsk króna | DKK | 10,71 | 10,77 |
| Norsk króna | NOK | 10,11 | 10,17 |
| Sænsk króna | SEK | 8,59 | 8,64 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 96,48 | 97,06 |

*Gengisvísitala krónunnar*

112,32

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Átökin í Írak:

# Ástralskur gísl frelsaður

**ÍRAK, AP** Íraskir og bandarískir hermenn frelsuðu í gær ástralskan gísl sem hafði verið í haldi mannræningja í 47 daga. Þá fórust tugir Íraka í sjálfsmorðssprengjutilræðum.

Douglas Wood, 64 ára ástralskur verkfræðingur, þakkaði írösku hermönnum fyrir aðstoðina við frelsun sína úr höndum uppreisnarmanna sem héldu honum föngnum í húsi í vesturhluta Bagdad.

Ástralíustjórn hafði neitað að verða við kröfu mannræningjanna um að kalla heim þá 1.400 áströlsku hermenn sem eru í fjölþjóðlega setuliðinu í Írak. Nick Warner, sem stýrir hryðjuverkavarnaáætlun Ástralíustjórnar, sagði að ekkert lausnargjald hefði verið greitt fyrir Wood.

Í Khalis, 20 kílómetra norðvestur af Bakúba, gekk maður íklæddur íröskum hermannabúningi inn í mötuneyti þar sem fjöldi hermanna sat að snæðingi og sprengdi sprengjur sem hann bar á sér. Að minnsta kosti 26 hermenn fórust í sprengingunni og tugir særðust.

Þá var í gær einnig gerð sjálfsmorðsárás með bílsprengju á lögreglustöð í austurhluta Bagdad. Átta lögreglumenn fórust. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FRELSINU FAGNAÐ** Ástralski verkfræðingurinn Douglas Wood fagnar frelsinu á hersjúkrahúsi í Bagdad í gær. Myndin er úr myndbandi frá Bandaríkjaher.



**GUÐMUNDUR ÁRNI STEFÁNSSON** Segist búa yfir þeirri reynslu sem til þurfi.

Guðmundur Árni Stefánsson:

# Tilhlökkun en tregi

**SENDIHERRAR** Aðspurður hvort hann hlakki ekki til að taka við nýju starfi segir Guðmundur Árni: „Mér líst prýðilega á Svíþjóð og það er heilmikil tilhlökkun í mér en auðvitað dálítill tregi líka. Ég er búinn að vera í pólitísku vafstri nú í 25 ár þannig að þetta er auðvitað mikil breyting. Ég verð nú hálfrar aldar gamall í haust og einmitt á slíkum tímamótum fer maður að velta því fyrir sér hvað maður ætlar að gera í framtíðinni. Ég tel mig búa yfir þeirri reynslu sem til þarf eftir að hafa starfað sem bæjarstjóri og ráðherra.“ ■

Schiavo-málið:

# Ólæknandi heilaskaði

**BANDARÍKIN, AP** Krufning á Terri Schiavo hefur leitt í ljós að heilaskaði hennar var það mikill að bati var útilokaður.

Niðurstöður krufningarinnar voru birtar í gær, tveimur mánuðum eftir að Schiavo dó. Þar með var staðfest að eiginmaður Schiavo hafði rétt fyrir sér en vonir um að lækning væri hugsanleg, sem foreldrarnir og aðrir héldu í og vildu því ekki að hún yrði aftengd vélunum sem höfðu haldið henni á lífi í 15 ár, reyndust ekki á rökum reistar. ■

# Útvarpsstjóri og þingmaður í sendiherrahóp

**Ráðgert er að flytja sendiráð Íslands í Mósambík til Suður Afríku. Þrír fyrrverandi ráðherrar í sendiherrastöðum flytjast heim.**

**SENDIHERRAR** Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri fer til starfa hjá utanríkisþjónustunni 1. september næstkomandi og verður sendiherra í Kanada með aðsetur í Ottawa. Guðmundur Árni Stefánsson þingmaður Samfylkingarinnar verður sendiherra í Stokkhólmi frá sama tíma og hættir því þingmennsku í sumar.

Ekki hefur verið tilkynnt um breytingar í sendiráði Íslands í Mósambík. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er í undirbúningi að flytja sendiráðið frá Mósambík til Suður Afríku. Gert er ráð fyrir að Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mannfræðiprófessor við Háskóla Íslands taki við sendifrúarstöðu þar næsta vor.

Kjartan Jóhannsson, sendiherra í Brüssel, Jón Baldvin Hannibalsson, sendiherra í Helsinki og Þorsteinn Pálsson, sendiherra í Kaupmannahöfn flytjast allir til Íslands samkvæmt tilkynningu utanríkisráðuneytisins í gær.

Ýmsar aðrar breytingar verða á mannahaldi í utanríkisþjónustunni. Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra í Genf flyst til Brüssel, en sendiherra í Genf verður Kristinn F. Árnason skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofunnar. Jón Egill Egilsson tekur við starfi hans þar.

Hannes Heimisson aðalræðismaður í New York verður sendiherra í Helsinki. Guðmundur Eiríksson sendiherra í Kanada fer í leyfi frá störfum og Sigríður Snævarr flyst á skrifstofu ráðuneytisstjóra og og verður staðgengill Gunnars Snorra Gunnarssonar ráðuneytisstjóra.

Ásgeir Friðgeirsson, sjálfstætt starfandi ráðgjafi, er næsti maður á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi og ætti samkvæmt því að taka við þingsæti Guðmundar Árna Stefánssonar þegar hann hefur störf í utanríkisþjónustunni. Ásgeir kveðst ekki enn hafa gert upp við sig hvort hann taki þingsætið.

johannh@frettabladid.is



**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON** Kemur heim frá Helsinki



**KJARTAN JÓHANNSSON** Kemur heim frá Brüssel



**GUÐMUNDUR ÁRNI STEFÁNSSON** Nýr sendiherra fer til Stokkhólms



**MARKÚS ÖRN ANTONSSON** Nýr sendiherra fer til Ottawa



**SIGRÍÐUR DÚNA KRISTMUNDSDÓTTIR** Fer til Suður Afríku



**ÞORSTEINN PÁLSSON** Kemur heim frá Kaupmannahöfn



**PAUL GILL** Breski atvinnumótmælandinn verður í haldi fram á mánudag meðan hlutur hans er í rannsókn.

Slettumótmælin:

# Fimm milljóna skemmdir

**UMHVERFISVERND** Skemmdir í Nordica hóteli, sem mótmælendendur gegn stóriðju á Ísland ollu í fyrradag, nema sennilega um fimm til sex milljónum að sögn hótelstjóra. Bæði varð tjón á tölvubúnaði og innréttingum á hótelinu þegar þrír einstaklingar réðust inn í ráðstefnusal og slettu grænlitaðri súrmjólk yfir gesti á alþjóðlegri ráðstefnu um áliðnaðinn.

Bretinn Paul Gill hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á mánudag, en hann er talinn hafa stjórnað aðgerðunum. Íslendingunum tveimur hefur verið sleppt úr haldi og hafa hérlend náttúruverndarsamtök gefið út tilkynningar þar sem þau segjast enga aðild eiga að þessum mótmælum. ■

## SLÖKKVULIÐ

**ELDUR Í SKRIFSTOFUHÚSI** Eldur kom upp á neðstu hæð þriggja hæða skrifstofuhúss á Selfossi síðdegis í gær. Greiðlega gekk að slökkva eldinn, að sögn lögreglu, enda breiddist hann ekki út fyrir kompuna þar sem hann átti upptök sín. En reykur barst um allt húsið. Rannsókn stendur yfir á eldsupptökum.

*Verslaðu við traustan aðila!*

**Ægisskyggnin**

–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu



ÆGIS skyggni

• íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfrítt efni • endalausir möguleikar

• góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur

**OPIÐ:**
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is

## VEÐRIÐ Í DAG

**HÖFUÐBORGIN Í SÉRFLOKKI**
Veðurhorfurnar fyrir suðvestanvert landið eru afar góðar. Hlýtt og þar verður einnig að líkindum sólríkast. Reyndar gæti góðviðr-ið teygt sig yfir á Snæfellsnes en norðan við það verður svalara.
**ÚRKOMA AUSTAN TIL**
Það verður fremur svalt með norður- og austurströndinni og úrkomusvæði liggur yfir austurhluta landsins sem gengur til vesturs. Gæti dropað á Akureyri síðdegis. Ekkert sérstaklega spennandi horfur fyrir þetta svæði!!

### Um hádegi




### Á morgun, 17. júní




Yfirleitt hægur vindur.

### Laugardagur




Hæglætisveður. Hætt við stöku skúrum norðan og austan til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C | hálfskýjað | París | 25°C | skýjað | Alicante | 30°C | heiðskírt |
| Osló | 21°C | hálfskýjað | Berlín | 25°C | léttskýjað | Milano | 28°C | hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 25°C | heiðskírt | Frankfurt | 26°C | hálfskýjað | New York | 27°C | skúrir |
| Helsinki | 20°C | heiðskírt | Madrid | 32°C | heiðskírt | San Francisco | 17°C | skýjað |
| London | 17°C | léttskýjað | Barcelona | 27°C | hálfskýjað | Orlando/Florida | 34°C | þrumuveður |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Lambaveisla
um helgina!
40%
afsláttur
við kassa
SS RAUÐVÍNSLEGIÐ
LAMBALÆRI
998 kr. kg
Þú sparar 670 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.668 kr./kg.
SPARAÐU
Ristorante
PIZZA SALAME
Dr.Oetker
PIZZA SPECIALE
DR. OETKER
PIZZUR
299 kr. pk
30%
afsláttur
við kassa
GOURMET BBQ ÚRB.
GRÍSAKÓTILETTUR
1.399 kr. kg
Þú sparar 599 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.998 kr./kg.
Mundu
CHESTER
FRIED
NÓATÚN
OPIÐ
TIL KL. 21 ALLA DAGA



## KJÖRKASSINN

*Var eðlilegt af Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra að kynna sjálfur skýrslu ríkisendurskoðanda?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 17% |
| Nei | 83% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Óttast þú verðbólgu?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Árið 2005 er baráttuár kvenna:

# Konur skunda á Þingvallafund

**KVENRÉTTINDI** Sunnudaginn 19. júní verða níutíu ár liðin frá því að konur fengu kosningarétt og í tilefni af því ætla öll helstu kvenréttindasamtök landsins að efna til Þingvallafunds kvenna á sunnudaginn undir ákallinu „Skundum á Þingvöll og treystum vor heit.“

Árið 2005 verður baráttuár kvenna, en alls eru yfir þrjátíu áfangar á leiðinni sem eiga stórafmæli í ár. Sem dæmi má nefna að Kvenfélagasamband Íslands var stofnað 1930 og Vigdís Finnbogadóttir var kosin forseti árið 1980.

Einnig verður athöfn í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík laugardaginn 18. júní þar sem leggja á blómsveiga á leiði margra frumherjanna í baráttu kvenna.

Þetta var kynnt á blaðamannafundi í gær. Á honum var einnig undirritaður samstarfssamningur við Landsbankann sem verður bakhjarl baráttuársins og styrkir það alls um 3,5 milljónir.

Rútur til Þingvalla munu leggja af stað frá Tækniháskóla Íslands og Aðalbyggingu Háskóla Íslands klukkan 12:00. Dagskráin á Þingvöllum hefst 13:00. ■




**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Björgólfur Guðmundsson og Kristín Ástgeirsdóttir undirrita hér styrktarsamninginn. Til hægri er séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir.

Mótmæli vegna Falun Gong:

# Handteknir fengu bætur

**DÓMSMÁL** Sættir náðust fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í máli þriggja ungra manna sem sæta máttu handtöku þegar þeir mótmæltu sumarið 2002 við heimsókn Jiang Zemin, forseta Kína, framgöngu kínverskra stjórnvalda í garð Falun Gong hreyfingarinnar.

Að sögn Sigríðar Rutar Júlíusdóttur, lögmanns mannanna, gekk dómur í máli fjórða mannsins í febrúar síðastliðnum þar sem ríkið var dæmt til greiðslu bóta upp á 90 þúsund krónur, auk dráttarvaxta, vegna handtöku hans. „Á grundvelli þess dóms var svo þessum málum lokið með sátt,“ sagði hún, en ríkið féllst á að greiða þremenningunum sömu bætur.

- óká

Breskir fjölmiðlar:

# Allir fluttir af Fleet Street

**BRETLAND, AP** Þau tímamót urðu í fjölmiðlasögu Bretlands í gær, að síðasta fjölmiðlafyrirtækið flutti frá Fleet Street sem í þrjúhundruð ár var aðsetur virtustu dagblaðanna sem gefin voru út í bresku höfuðborginni.

Það var Reuters-fréttastofan sem flutti höfuðstöðvar sínar endanlega frá Fleet Street í gær, en dagblöðin voru öll farin þaðan áður. Þau starfa nú öll í úthverfunum, í byggingum sem eru sérstaklega byggð yfir starfsemina.

„Fleet Street, sem var landfræðileg miðja bresku pressunnar, er nú sem yfirgefið þorp, hlaðið minningum á hverju horni,“ sagði David Meara í messuræðu fyrir fullu húsi í St.Bride's-kirkjunni, sem hefð er fyrir að sé kirkja blaðamanna í London.■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**STJÓRNARSKRÁIN „JÖRÐUÐ“** Danskir andstæðingar stjórnarskrársáttmála ESB „jörðuðu“ hann með táknrænum hætti í Kaupmannahöfn í gær í tilefni af leiðtogafundinum sem hefst í Brussel í dag.

# Klofningur sjaldan meiri

**Leiðtogafundur Evrópusambandsins hefst í Brussel í dag. Vonlítið þykir að samkomulag takist þar um helstu deilumálin, stjórnarskrársáttmálann og fjármögnun sambandsins 2007-2013.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Klofningur hefur sjaldan virst vera meiri í Evrópusambandinu en nú.

Djúpstæður ágreiningur um árlegar endurgreiðslur sem breski ríkissjóðurinn fær úr sameiginlegum sjóðum ESB, um rausnarlegar niðurgreiðslur til franskra bænda, óvænt ólíkar leiðir sem Frakkar og Þjóðverjar hafa reynst fara varðandi stjórnarskrársáttmála sambandsins, og veikt gengi evrunnar leggst allt á eitt um að varpa skugga á leiðtogafundinn sem hefst í Brussel í dag og setur lokapunktinn á formennskumisseri Lúxemborgar.

Talað hefur verið um þennan leiðtogafund sem tækifæri til að hleypa nýju sjálfstrausti í Evrópusambandið, hálfum mánuði eftir að kjósendur í Frakklandi og Hollandi höfnuðu stjórnarskrársáttmála sambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslum og settu framhald Evrópusamvinnunnar þar með í uppnám.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, brýndi leiðtogana til dáða í gær. Tækist þeim ekki að leysa þann hnút sem stjórnarskrármálið er nú komið í kunni það að steypa sambandinu í „endalausa kreppu og stöðnun“. Líklegast þykir þó að ekki takist neitt samkomulag um „björgun“ stjórnarskrársáttmálans.

Síðustu vikuna fyrir leiðtogafundinn hafa deilur um fjárlagaramma sambandsins fyrir tímabilið 2007-2013 komið mjög skýrt upp á yfirborðið. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, tjáði bæði Jacques Chirac Frakklandsforseta og Gerhard Schröder Þýskalandskanslara að hann myndi beita neitunarvaldi gegn fjárhagsáætluninni ef hreyft verði við bresku endurgreiðslunum án þess að niðurgreiðslukerfi landbúnaðarins í ESB yrði jafnframt tekið til gagngerrar endurskoðunar. Það kerfi gleypir um 40 af hundraði allra útgjalda ESB.

Bretar taka við ESB-formennskunni um næstu mánaðamót. ■

Björgólfur Guðmundsson:

# Konur eru gáfaðri

**UMMÆLI** Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, fór á kostum þegar hann undirritaði styrktarsamning bankans vegna baráttuárs kvenna í gær. „Konur eru sýnilega betur gefnar en karlmenn,“ sagði hann. Þessu til stuðnings vísaði hann í nýlega könnun um það hvaða fyrirtækjum landsmenn treystu best, en samkvæmt henni treystu konur Landsbankanum mun betur en karlmenn. „Þær skynja hlutina betur,“ sagði Björgólfur. ■

Reykjanesbær:

# Kærði kynferðisbrot

**LÖGREGLA** Lögreglan í Keflavík rannsakar kynferðisbrot sem átti sér þar stað í heimahúsi um helgina.

Kona um tvítugt hefur kært mann á svipuðum aldri fyrir að nýta sér ölvunarástand hennar eftir gleðskap sem stóð á laugardagskvöld og fram á aðfaranótt sunnudags. Enn á eftir að kalla til einhver vitni og vill lögregla því ekki fara nánar í málsatvik meðan rannsókn stendur yfir. Ekki liggur til að mynda fyrir hvort um nauðgun var að ræða eða annars konar misneytingu.

- óká

## MEXÍKÓ

**ÞJÓÐARMORÐ Í ÁKÆRUSKJALIÐ** Hæstiréttur Mexíkó úrskurðaði í gær að sérskipuðum saksóknara væri heimilt að bæta þjóðarmorði við ákæruatriði á hendur Luis Echevarria, sem var forseti landsins er fjöldi námsmanna í kröfugöngu voru drepnir af öryggissveitum árið 1971. Meirihluti dómsins komst að þeirri niðurstöðu að málið væri ekki fyrnt.




Bláa lónið – lækningalind:

# Mikilvæg viðbót við psoriasismeðferð

**HEILBRIGÐISMÁL** Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra og Eðvarð Júlíusson, stjórnarformaður Bláa Lónsins, afhjúpuðu við opnun lækningalinda Bláa lónsins á föstudag áletraða hraunhellu sem tákna á upphaf framkvæmda við lindina. Lækningalindin, sem er samvinnuverkefni íslenskra stjórnvalda og Bláa lónsins er sögð stórbæta þjónustu við psoriasissjúklinga, auk þess að vera tímamótaverkefni í heilsutengdri ferðaþjónustu.

Í ávarpi sínu benti Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra á að Tryggingastofnun hafi greitt kostnað psoriasis- og exemsjúklinga sem þurft hafi að leita meðferðar í lóninu. „Hin virku efni í jarðsjónum; steinefni, kísill og þörungar, ásamt ljósameðferð gera það að verkum að psoriasismeðferð Bláa lónsins hefur reynst mjög mikilvæg viðbót og valkostur við meðferð þessa erfiða sjúkdóms,“ sagði hann og kvaðst fullviss um að rannsóknar- og lækningastarfsemi lækningalindarinnar efldi heilbrigðisþjónustu í landinu enn frekar.

-óká



**VIÐ OPNUN LÆKNINGALINDAR BLÁA LÓNSINS** Eðvarð Júlíusson stjórnarformaður Bláa lónsins og Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra afhjúpuðu áletraða hraunhellu þegar opnuð var lækningalind fyrir psoriasissjúklinga í Bláa lóninu síðasta föstudag.

# Þjóðhátíðin byrjar hjá okkur



## Kjúklingalundir

**grillaðar með kóríander og hvílauksmarineraðar**

30% afsláttur við kassa

**TILBOÐ 1.467 kr/kg**

Merkt verð 2.095,-



20% afsláttur við kassa

**Nýtt** í Hagkaupum

## New Orleans

BBQ svínarif

**TILBOÐ 1.239 kr/kg**

Merkt verð 1.549,-

**KJÚKLINGALUNDIR f. fjóra**

| | |
|---|---|
| 600 g | hreinsaðar kjúklingalundir |
| 2 litlir | hvítlauksgeirar |
| 1/2 búnt | ferskur kóríander |
| 300 ml | extra virgin ólífuolía |
| 1 msk | hunang |
| 2 msk | sojasósa |
| 1 msk | fínt skorið rautt chilli |
| 1 tsk | fínt rifinn engifer |

landslið matreiðslumeistara

Skerið hvítlauk og kóríander fínt niður og setjið í skál ásamt ólífuolíunni, hunanginu og sojasósunni. Bætið chilli og engiferinu út í og leggið kjúklingalundirnar í löginn í 2 tíma inni í ísskáp. Hitið grillið eða grillpönnu og steikið kjúklingalundirnar 2-3 mín. á hvorri hlið eða þar til þær eru eldaðar í gegn.



Eyþór Rúnarsson
Yfirmatreiðslumaður
á Sigga Hall Óðinsvéum
Meðlimur í landsliði matreiðslumeistara



Bezt

40% afsláttur við kassa

## Bezt grísahnakki

Kryddleginn

**TILBOÐ 929 kr/kg**

Merkt verð 1.549,-



Glæsilegt úrval af **JIM BEAM** sósum

**Nýtt** í Hagkaupum



20% afsláttur við kassa

**SS** - mexíkó- og ostapylsur.



**Kettle Chips** - 5 teg. af úrvals snakki sem klikkar ekki.



30% afsláttur við kassa

**Ostahúsið - Skyr desert**

Gildir til 19. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hver er nýráðinn forstjóri Samkeppniseftirlits?

2 Hvað heitir forsætisráðherra Svíþjóðar?

3 Með hvaða liði leikur Tryggvi Guðmundsson knattspyrnumaður?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

SÍNE um hlutfallslega fækkun námsmanna erlendis:

# Frjálst val um námsland

**MENNTAMÁL** Námsmannahreyfingarnar á Íslandi hafa síðustu árin verið sammála um að Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) eigi að lána fyrir skólagjöldum í grunnnámi erlendis. Þetta segir Heiður Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra námsmanna erlendis. „LÍN lánar nú þegar fyrir skólagjöldum í grunnnámi hér heima,“ segir hún. „Það skiptir máli að fólk hafi val um námsland.“

Heiður fagnaði áhuga Verslunarráðsins á námsmönnum erlendis og vonaðist eftir frekari rannsóknum í kjölfarið á mikilvægi náms erlendis fyrir íslenskt atvinnulíf.

Um minnkandi aðsókn íslendinga í nám í Bandaríkjunum segir Heiður að hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001 skipti máli. „Við töldum okkur skynja stífari kröfur og meiri skriffinnsku í kringum umsóknir um nám þar þótt reglurnar breyttust óverulega.“ Einnig telur hún að óhagstætt gengi og hækkandi skólagjöld síðustu árin skipti máli.

Hún vakti líka athygli á því að íslenskum nemendum í Þýskalandi hefði einnig fækkað mjög mikið síðustu árin.

-grs



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HEIÐUR REYNISDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra námsmanna erlendis

Sri Lanka:

## Stjórnin gæti klofnað

**SRI LANKA, AP** Samsteypustjórnin á Sri Lanka stefndi í að klofna í gær.

Marxistaflokkur, einn af burðarflokkum stjórnarsamstarfsins, hótaði að segja skilið við stjórnina í mótmælaskyni við áætlun um að deila með Tamílatígrunum erlendu hjálparfé sem borist hefur vegna tjónsins sem flóðbylgjan á Indlandshafi olli. Samkvæmt vopnahlés-samkomulagi annast aðskilnaðarsinnar Tamílatígra stjórn á vissum svæðum landsins.

Marxistaflokkurinn gaf forsetanum, Chandrika Kumaratunga, frest til miðnættis í gær til að hætta við að skrifa undir áætlunina.■

Rúandskir flóttamenn:

## Sendir heim frá Búrúndí

**BÚRÚNDÍ, AP** Ráðamenn í Búrúndí hafa sent nauðuga heim 3.600 flóttamenn frá Rúanda. Fulltrúar Sameinuðu Þjóðanna og samtakanna Læknar án landamæra segja að yfirvöld í Búrúndí hafi meinað þeim aðgöngu að flóttamannabúðunum þar sem flóttamennirnir þjuggu áður. Þeir hafa því ekki haft tækifæri til að litast þar um og athuga hvort einhverjir flóttamenn séu þar enn þá.

Að sögn friðargæsluliða á svæðinu slösuðust einhverjir flóttamannanna þegar þeir reyndu flýja með því að stökkva af pallbílum sem keyrðu þá yfir landamærin.

Flóttamennirnir hafa sennilega ekki viljað aftur til Rúanda þar sem margra þeirra bíður lítið annað en ævilöng fangelsisvist eða jafnvel dauðadómur vegna voðaverkanna sem unnin voru í Rúanda árið 1994. ■

Garðslanga lögð í tröppur:

## Vatn lak inn í kjallara

**SLÖKKVILIÐ** Vatnstjón varð í húsi við Fríkirkjuveg í Reykjavík seint á þriðjudagskvöld, en þar hafði garðslanga verið látin ofan í kjallaratröppur þar sem niðurfall var stíflað.

Að sögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hlaust af þessu nokkurt tjón þegar vatnsyfirborð hækkaði og vatn lak inn í kjallarann. Til dæmis var komið þriggja sentímetra djúpt vatn í skjala- og fundaherbergi í húsinu. Vaktmaður Securitas kallaði til slökkviliðið.

Þá var slökkvilið einnig kallað út sama kvöld vegna elds í vinnuskúr við Naustabryggju, sem greiðlega gekk að slökkva.

- óká

# Tæplega hundrað milljóna skattsvikasektir

**Fjórir forsvarsmenn Lífsstíls ehf. og dótturfyrirtækja voru í gær dæmdir til greiðslu sekta upp á samtals 96,6 milljónir króna. Til vara voru þeim gerðir fangelsisdómar frá 3 upp í 12 mánuði. Fyrrum aðalféhirðir Landssímans var fundinn sýkn saka. Dómar þriggja eru til refsiauka í Landssímamálinu.**

**DÓMSMÁL** Kristján Ragnar Kristjánsson, Árni Þór Vigfússon, Ragnar Orri Benediktsson og Stefán Hjörleifsson, fyrrum framkvæmdastjóri Japis, hlutu í gær milljónasektir í Héraðsdómi Reykjavíkur í einum anga Landssímamálsins. Í heild snýst málið um vanskil á 56 milljónum króna vegna virðisauka- og vörsluskatta Lífstíls ehf. og fyrirtækja sem undir það heyrðu. Sveinbjörn Kristjánsson, fyrrum aðalféhirðir Landssímans, var sýknaður af ákærum í málinu.

Sektargreiðslurnar nema um það bil tvöföldum áætluðum vanskilum líkt og lög kveða á um. Árni Þór var dæmdur til greiðslu 8,6 milljóna króna eða til að sæta ella 5 mánaða fangelsi. Kristjáni Ragnari Kristjánssyni var gerð 65,8 milljón króna sekt, eða 12 mánaða fangelsi ella, en hann fór að mestu með fjármál Lífstíls. Ragnar Orri Benediktsson var dæmdur til greiðslu 15,2 milljóna krjóna eða sæta ella 8 mánaða fangelsi. Stefán Hjörleifsson, fyrrum framkvæmdastjóri Japis, var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár og til að borga 7 milljón króna sekt eða sitja öðrum kosti inni í þrjá mánuði.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SVEINBJÖRN MÆTIR Í DÓMSAL** Sýknudómur yfir Sveinbirni Kristjánssyni, fyrrum aðalféhirði Landssímans, sem hér sést mæta við uppkvaðningu dóms í gær, var ekki rökstuddur sérstaklega í dómnum, en hann var um tíma stjórnarmaður og meðstjórnandi í dótturfélögum Lífsstíls ehf., Kaffi Le ehf. og Planet Reykjavík ehf.

Sá munur er á dómunum að hjá Kristjáni Ragnari, Árna Þór og Ragnari Orra er litið á sektirnar sem refsingarauka við fyrri dóm í Landssímamálinu og ekki talið að skattabrotin hefðu leitt til þyngri fangelsisdóms. Þeim er því ekki gerð sérstök fangelsisrefsing. Stefán kom hins vegar ekki við sögu í Landssímamálinu sjálfu og fær því skilorðsbundinn dóm nú, auk sektargreiðslunnar.

Brynjar Níelsson verjandi Kristján Ragnars taldi hann ekki eiga fyrir sektinni og gerði ráð fyrir að venju samkvæmt fengi hann að taka út refsingu sína í samfélagsþjónustu.

Stefán Hjörleifsson vildi ekki tjá sig um dóminn fyrr en hann hefði haft tækifæri til að kynna sér hann. Lögmaður hans er í útlöndum og því taldi hann einhverja daga eiga eftir að líða þar til viðbragða við dómunum, eða ákvörðunar um áfrýjun, væri að vænta frá sér. Í fyrri yfirlýsingum hefur hann neitað allri sök í málinu. Árni Þór vildi ekki tjá sig um dóminn.

Kristján Ragnar og Árni Þór voru í Héraðsdómi Reykjavíkur báðir dæmdir í tveggja ára fangelsi fyrir að hylma yfir fjárdrátt Sveinbjörns hjá Landssímanum. Hæstiréttur mildaði svo dómana í 18 og 15 mánaða fangelsi. Dómur Ragnars Orra var mildaður úr átta mánuðum í þrjá. Sveinbjörn var í héraði dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir stórfelldan fjárdrátt og áfrýjaði þeim dómi ekki.

olikr@frettabladid.is

| Nafn | Landssímamálið<br>Héraðsdómur | Skattsvik<br>Hæstiréttur | Héraðsdómur |
|---|---|---|---|
| Sveinbjörn Kristjánsson | 54 mánuðir | – | sýkna |
| Árni Þór Vigfússon | 24 mánuðir | 15 mánuðir | 8,6 milljónir í sekt |
| Kristján Ragnar Kristjánsson | 24 mánuðir | 18 mánuðir | 65,8 milljónir í sekt |
| Ragnar Orri Benediktsson | 8 mánuðir | 3 mánuðir | 15,2 milljónir í sekt |
| Stefán Hjörleifsson | – | – | 7,0 milljónir í sekt |


e-korthafar fá
20% afslátt
af öllum vörum í
Debenhams í dag.




Fiton/SÍA FI013313

DEBENHAMS

Afslátturinn gildir einnig fyrir þá sem sækja um e-kort á staðnum.

e kort
www.ekort.is

Að sjálfsögðu bragðast hann betur en annar bjór.  Við höfum haft meira en 600 ár til að fullkomna uppskriftina.  Brugghúsið okkar hefur verið starfrækt i Leuven í Belgiu frá árinu 1366 sem þýðir að við höfum verið lengur að en flestir.  Á þessum tíma höfum við upplifað ýmsar breytingar.  Viðskiptavinir okkar drekka til dæmis bjórinn ekki lengur til að verjast plágunni, eins og þeir gerðu á miðöldum.  Hvað sem öðru líður þá er eitt sem hefur ekki breyst allan þennan tíma, Stella Artois er enn bruggaður samkvæmt aldagamalli hefð úr besta fáanlega hráefni.  Þess vegna eigum við enn tryggan hóp viðskiptamanna, 600 árum síðar.




0,0%



**LÖGREGLUMAÐUR STÖÐVAR MÓTMÆLANDA** Lögreglumaður í Lundúnum stöðvar hér mótmælanda með umferðarkeilu á höfðinu fyrir utan innanríkisráðuneyti Breta þar sem undirbúningsfundur fyrir G8-fundinn stóð yfir.

Rannsókn á merkingum málverka:

# Auðveldar eftirlit með fölsunum

**MYNDLIST** Viktor Smári Sæmundsson, forvörður, hefur fengið 400.000 króna styrk frá Rannsóknarsjóði Listasafns Háskóla Íslands til að vinna sjálfstætt að söfnun og rannsóknum á höfundarmerkingum frumherja íslenskrar myndlistar.

„Þetta eru framhaldsrannsóknir sem ég er að byggja ofan á þekkingargrunn sem þegar er til staðar,“ segir Viktor Smári, sem er í rauninni að halda áfram þeirri vinnu sem hann hóf meðan rannsóknin á stóra málverkafölsunarmálinu stóð yfir. Mál ákæruvaldsins byggðist að miklu leyti á rannsóknum Viktors Smára. Hæstiréttur sneri sakfellingu héraðsdóms upp í sýknu á sínum tíma og réði þar mestu að rannsóknir Viktors Smára voru ekki dómteknar þar sem hann vann hjá Listasafni Íslands sem var kærandi í málinu.

Viktor er nú hættur hjá Listasafni Íslands og ætlar að halda áfram að safna saman höfundarmerkingum frumherjanna og byggja upp gagnagrunn um höfundarmerkingar frumherja íslenskrar myndlistar. „Ég vonast til þess að þetta hjálpi mönnum í framtíðinni til að þekkja upprunalegar áritanir,“ segir Viktor Smári

- grs



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**VIKTOR SMÁRI SÆMUNDSSON FORVÖRÐUR** Viktor fékk 400.000 króna styrk til að stunda rannsóknir á höfundarmerkingum frumherja íslenskrar myndlistar

Vorleiðangur Hafró:

## Áta yfir meðaltali

**SJÁVARRANNSÓKNIR** Þann 1. júní síðastliðinn lauk árlegum vorleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar. Athuganir voru gerðar á 114 stöðum umhverfis landið. Helstu niðurstöðurnar voru að sjávarhiti væri hár og mikil selta sunnanlands og vestan, en hiti um meðallag og selta undir meðallagi norðan- og austanlands. Gróður var víðast hvar lítill en átumagn við landið var yfir langtímameðaltali á flestum rannsóknarstöðvum.

Alls tóku tólf vísindamenn þátt í leiðangrinum og þar af þrír frá erlendum samstarfsstofnunum. Leiðangurinn var farinn á rannsóknarskipinu Bjarna Sæmundssyni og Sólveig R. Ólafsdóttir var leiðangursstjóri. ■



Talebani í sjónvarpsviðtali:

## Segir bin Laden á lífi

**PAKISTAN, AP** Akthar Usmani, háttsettur foringi talebana, sagði í viðtali sem birt var á pakistönsku einkasjónvarpsstöðinni Geo í gær að Osama bin Laden og talebanaleiðtoginn Mullah Omar væru báðir á lífi og við góða heilsu.

„Ég er í reglulegu sambandi við Mullah Omar og tek við skipunum frá honum,“ sagði Usmani. Enginn hefur getað staðfest þessar staðhæfingar Usmanis.

Usmani var háttsettur í talebanastjórninni í Afganistan áður en henni var steypt haustið 2001.



**EIRÍKUR JÓNSSON** „Mætum á fund með ráðherra eftir helgi.“



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** „Vil hafa gott samstarf við kennaraforystuna.“

# Mæta á boðaðan fund eftir helgi

**Formaður Kennarasambandsins segir að tilgangurinn með samstarfsslitum við menntamálaráðuneytið hafi verið að vekja athygli á óviðunandi ástandi. Menntamálaráðherra ætlar að funda með kennaraforystunni eftir helgi.**

**MENNTAMÁL** „Markmiðið var aldrei að hætta samstarfinu við menntamálaráðuneytið heldur aðeins að vekja athygli á því ástandi sem við vorum óánægð með,“ segir Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands en Kennarasambandið sendi frá sér tilkynningu í gær um það að sambandið hefði sagt sig frá öllu samstarfi við ráðuneytið vegna styttingu náms til stúdentsprófs.

Eiríkur segir að hann og Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kennarasambandsins, hafi átt fund með fulltrúum menntamálaráðuneytisins 28. apríl síðastliðinn þar sem lagðar voru fram áherslur Kennarasambandsins og segir Eiríkur að í framhaldinu hafi verið búist við því að fundur fengist með ráðherra en til hans hafi ekki verið boðað og því hafi verið gripið til þess ráðs að slíta samstarfi við ráðuneytið.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að skilaboð Kennarasambandsins hafi komið henni mjög á óvart. „Ég er búin að leggja mikla áherslu á að eiga gott og mikið samstarf við alla aðila vegna þessa máls. Ég hef í því skyni fundað með framhaldsskólakennurum allra skóla milliliðalaust og það hafa komið mjög margar og góðar ábendingar af þeim fundum. Ég er búin að bjóðast til að hitta fulltrúa Kennarasambandsins núna strax eftir helgi. Það hefur aldrei verið vandamál af minni hálfu og ég hef allan þann tíma sem ég hef verið í ráðuneytinu unnið þannig að ég vil hafa samráð og gott samstarf við fólk, kennaraforystuna sem aðra og tek á móti þeim með opnum hug,“ segir Þorgerður Katrín.

Eiríkur segir að fulltrúar Kennarasambandsins muni mæta á fund sem ráðherra hefur boðað til eftir helgi. „Við munum að sjálfsögðu mæta á fund eftir helgi og ég vona að þetta verði til þess að samskiptin verði í eðlilegu fari,“ segir hann.

hjalmar@frettabladid.is

Umboðsmaður Alþingis:

## Rétt staðið að ráðningum

**ÚRSKURÐUR** Umboðsmaður Alþingis hefur úrskurðað í máli tveggja umsækjanda sem töldu sig hlunnfarna við ráðningar í stöður hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Samkvæmt úrskurðinum telur umboðsmaður ólíklegt að þeir annmarkar, sem þó hafi verið á undirbúningi málsins, ættu að leiða til ógildingar á ráðningu þeirra sem störfin hlutu.

Einhverja formgalla sá umboðsmaður á framkvæmd ráðninganna og í úrskurðinum eru ábendingar um hvað betur hefði mátt fara. Á vef lögreglunnar kemur fram að farið verði yfir þær ábendingar. ■

Slasaður varnarliðsmaður:

## Ríkið ekki bótaskylt

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað íslenska ríkið af kröfum fyrrum starfsmanns varnarliðsins um bætur vegna vinnuslyss sem hann lenti í árið 1993.

Maðurinn klemmdist milli lyftara og kassa þegar verið var að tæma gám í einni af birgðastöðvum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli. Hann leitaði til læknis daginn eftir og fékk verkjalyf en var ekki frá vinnu. Sex árum síðar leitaði hann svo aftur til læknis og rakti þráláta bakverki til slyssins. Maðurinn fór fram á tæplega 1,5 milljónir króna í bætur með vöxtum. Skaðabótanefnd neitaði manninum einnig um bætur.

-óká

Samkaup styrkja Alþjóðahúsið:

## Framandi réttir í verslunum

**NEYTENDUR** Verslunarkeðjan Samkaup hefur ákveðið að verja hluta af ágóða af sölu Náttúru grænmetissalata til Alþjóðahússins. Hafa aðilarnir enn fremur ákveðið að hefja samstarf sín á milli þar sem matreiðslumenn frá Tyrklandi, Indlandi og Kína matreiða ýmsa alþjóðlega rétti í verslunum Samkaupa fyrir viðskiptavini verslananna. Uppskriftabæklingi með ýmsu fræðandi efni frá Alþjóðahúsinu verður enn fremur dreift í verslunum Samkaupa um allt land.

- hb


2 fyrir 1 til
Ítalíu
23. júní frá kr. 19.990
Síðustu sætin

Verð kr. 19.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum. 2 fyrir 1 tilboð, 23. júní. Netverð á mann.

Bíll frá kr. 2.600
Verð á dag, m.v. bíl í A flokki í 7 daga eða meira. Innifalið: Ótakmarkaður akstur, kaskó- og þjófnaðartrygging og skattar.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Bologna á Ítalíu þann 23. júní.
Nú er tækifæri til að leggja Ítalíu að fótum sér.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


Bandarískur liðhlaupi:

## Heim eftir fjörutíu ár

**BANDARÍKIN, AP** Charles Jenkins, sem gerðist liðhlaupi úr bandaríska hernum fyrir fjörutíu árum og ílentist í Norður-Kóreu, kom í gær til Bandaríkjanna í fyrsta sinn síðan hann hvarf úr herdeild sinni á markalínu Suður- og Norður-Kóreu. Erindi Jenkins er að heimsækja háaldraða móður sína. Með honum í för eru japönsk eiginkona hans og dætur þeirra tvær.

Hjónin kynntust í Norður-Kóreu, þar sem þau voru bæði í haldi yfirvalda um áratuga skeið og látin kenna norðurkóreskum leyniþjónustumönnum ensku og japönsku. Þau fengu að flytja til Japans fyrir þremur árum.

Eftir að ljóst varð hvað orðið hefði um Jenkins var hann rekinn úr hernum með skömm og dæmdur af bandarískum herdómstól í Japan til 25 daga fangelsisvistar, sem hann afplánaði þar á síðasta ári. Hann fékk nú heimild til að dvelja í eina viku í Bandaríkjunum til að heimsækja móður sína og skyldfólk í Norður-Karolínu. ■



**LENT VESTRA** Charles Jenkins og japönsk eiginkona hans, Hitomi Soga, lent á Dulles-flugvelli við Washingtonborg í gær.

## ÞÝSKALAND

**RANNSÓKN HELDUR ÁFRAM** Þýski stjórnarskrárdómstóllinn hafnaði í gær beiðni ríkisstjórnarflokkanna, Jafnaðarmannaflokksins og græningja, um að þingrannsókn á vegabréfaáritanamálinu svonefnda, sem varð að miklu hneykslismáli, yrði flýtt svo unnt yrði að ljúka henni fyrir þingkosningar sem boða á í haust. Þessi úrskurður kemur stjórnarflokkunum illa í aðdraganda kosninganna.

# allt að lækka

## við gerum betur



NÝTT!

BAUTABÚRIÐ - fullt búr matar

BBQ sósa og brauð fylgja frítt með

**399** kr.kg.

Bautabúrs hamborgarar m. BBQ sósu



betra verð!

520 kr. lækkun á kg.

**779** kr.kg

Þurrkryddaðar lambagrillsneiðar
verð áður 1299 kr.kg.



40% afsláttur

**359** kr.kg

Heill, ferskur kjúklingur
áður 598 kr. kg




40% afsláttur

verðlækkun 310 kr.kg

**465** kr.kg

Buffaló vængir
verð áður 775 kr.kg.




verðlækkun 430 kr.kg

40% afsláttur

**645** kr.kg

Hunangsgljáð læri
verð áður 1.075 kr.kg.

## Patak´s sósur með kjúklingnum



Tikka masala,
Korma,
Rogou Josh
Jalfrezi
Dopiaza




fitulítill ís góður með berjunum



b erjadagar í Nettó

mikil verðlækkun!

**99** kr.pk.

Jarðarber 200gr. askja.



mikil verðlækkun!

**139** kr.pk.

Hindber 125gr. askja.



m ikil verðlækkun!

**199** kr.pk.

Bláber 125gr. askja.



mikil verðlækkun!

**199** kr.pk.

Brómber 125gr. askja.

LOKAÐ Á MORGUN 17. JÚNÍ

## allt í matinn á einum stað

netto

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 16. - 19. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi



**KOSIÐ Í ÍRAN** Írönsk kona sem styður umbótasinnann Mostafa Moin í forsetakosningunum sem fram fara í Íran á morgun, föstudag, heldur á mynd af honum á síðasta degi kosningabaráttunnar í Teheran í gær.

Yfirlýsing frá kennurum í Landakoti:

# Segja ryki slegið í augu fólks

**SKÓLAMÁL** Sjö kennarar í Landakotsskóla hafa sent frá sér yfirlýsingu vegna tölvupósts sem stjórn skólans sendi til foreldra í fyrradag. „Okkur finnst enn og aftur að verið sé að slá ryki í augu nemenda og foreldra varðandi stöðu mála í skólanum. Við höfðum bundið vonir við að nýr formaður myndi bregðast við með því að leiðarljósi að höggva að rótum vandans,“ segir í yfirlýsingunni. „Því miður hafa þær vonir brugðist.“

Síðastliðið mánudagskvöld fundaði Björg með fulltrúum þessara kennara. „Á þeim fundi kom nákvæmlega ekkert fram sem bendir til þess að skólastjórn og yfirstjórn Landakotsskóla, ætli á nokkurn hátt að breyta stjórnarháttum sínum, né heldur að læra af fyrri mistökum.“

Kennarahópurinn hefur farið fram á það að sjá bréf frá þriggja manna kennararáði, en Björg greindi frá því á fundinum að hún myndi ekki beita sér fyrir því.

Björg Thorarensen vildi ekki tjá sig um yfirlýsinguna í gærkvöldi og sagðist hafa tekið þá ákvörðun að skiptast ekki á skoðunum um málefni skólans í fjölmiðlum. **- grs**



**LANDAKOTSSKÓLI** Ekki sér enn fyrir endann á deilunni.

Bæjarstjóraskipti á Álftanesi:

## Gunnar Valur hættir í haust

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Guðmundur G. Gunnarsson, forseti bæjarstjónar Álftaness, verður ráðinn í stöðu bæjarstjóra bæjarfélagsins frá og með 1. september næstkomandi. Ákvörðun um þetta var tekin á fundi bæjarstjórnar síðdegis í gær.

Gunnar Valur Gíslason, fráfarandi bæjarstjóri, óskaði í bréfi til bæjarstjórnarinnar eftir því að láta af störfum í ágústlok af persónulegum ástæðum. Hann var ráðinn sveitarstjóri Bessastaðahrepps árið 1992 og hefur gegnt stöðu bæjarstjóra frá því 17. júní í fyrra, en þá var sveitarfélagið formlega gert að bæjarfélagi.

Guðmundur G. Gunnarsson hefur verið oddviti hreppsnefndar frá árinu 1990, að tveimur árum undanskildum og er forseti bæjarstjórnar. **-óká**

### EVRÓPUSAMSTARF

**KOMA NÝIR Í STJÓRN ESA**
Á þriðjudag var tekin ákvörðun um skipun nýrra fulltrúa í stjórn ESA, eftirlitsstofnunar EFTA. Kurt Jäger frá Liechtenstein tekur til starfa 1. júlí og um næstu áramót taka einnig til starfa Björn T. Grydeland frá Noregi og Kristján Andri Stefánsson frá Íslandi. Eftirlitsstofnunin hefur eftirlit með framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

### DÓMSMÁLARÁÐUNEYTI

**VARARÍKISSAKSÓKNARI RÁÐINN**
Dómsmálaráðherra hefur skipað Ragnheiði Harðardóttur saksóknara í embætti vararíkissaksóknara frá og með 1. júlí. Þá hefur ráðherra einnig skipað Óskar Bjartmarz varðstjóra í embætti yfirlögregluþjóns hjá sýslumanninum á Seyðisfirði frá og með 1. ágúst.

# Forsjárlausum unglingum vísað frá tjaldsvæðum

**Drykkjulæti, sóðaskapur og skemmdarverk hafa undanfarin sumur sett ljótan blett á tjaldsvæðin á Akureyri. Um næstu helgi er von á fjölda gesta til bæjarins og fá forsjárlaus ungmenni undir 18 ára aldri ekki að tjalda á Akureyri.**

**FERÐAMENN** Tjaldsvæðið við Þórunnarstræti á Akureyri, ofan við Sundlaug Akureyrar, verður lokað um næstu helgi og segir Þóra Ákadóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, það í fyrsta sinn sem tjaldsvæðið sé lokað á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Mikið hefur verið um ólæti og slæma umgengni á tjaldsvæðinu kringum 17. júní og tvær undanfarnar verslunarmannahelgar, og hafa íbúar í nágrenni svæðisins ítrekað lagt fram kvartanir. Til að taka á vandanum hafa bæjaryfirvöld ákveðið að takmarka aðgang ungmenna að báðum tjaldsvæðum bæjarins og auka gæslu.

Í bréfi sem íbúar í nágrenni tjaldsvæðisins sendu Kristjáni Þór Júlíussyni, bæjarstjóra, og Birni Jósef Arnviðarssyni, sýslumanni á Akureyri, í síðustu viku er dregin upp ófögur mynd af ástandinu á tjaldsvæðinu undanfarin sumur. Segir þar að íbúarnir fái lítinn sem engan nætursvefn vegna drykkjuláta umræddar helgar, og þegar dagur rís gangi börn og fullorðnir fram á áfengisdauð ungmenni við gangstéttir eða í bílum sínum. „Fjöldi gesta af tjaldsvæðinu ráfar um nágrenni þess þegar líða tekur á nóttina, meðal annars inn í garða fólks, gerir þar þarfir sínar, situr við drykkju, gerir upp sakir hvert við annað og eðlar sig. Eignir fólks eru fjarlægðar eða skemmdar, svo sem garðstólar, hjól eða sláttuvélar. Leikföng barna hverfa. Farið er inn í garðhús og skúra. Migið er utan í húsveggi og bíla, í runna og á lóðir. Þvottur hverfur af snúrum,“ segir meðal annars í bréfinu.

Til að stemma stigu við þessu hefur bæjarráð Akureyrar ákveðið að tjaldsvæðið við Þórunnarstræti verði ekki opnað fyrr en 20. júní í ár. Verið er að ljúka við að girða svæðið af og verður ferðafólki beint á tjaldsvæðið að Hömrum, innan og ofan við byggðina á Akureyri. „Einungis þeir sem náð hafa 18 ára aldri fá að gista á tjaldsvæðinu að Hömrum um helgina og er rekstraraðilum svæðisins er skylt að vísa forsjárlausum ungmennum frá.

Tilgangurinn er að skapa fjölskylduvænt umhverfi og afmá útihátíðastimpilinn sem fylgt hefur tjaldsvæðunum,“ segir Þóra.

**kk@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**TJALDSVÆÐIÐ VIÐ ÞÓRUNNARSTRÆTI** Enginn fær að gista á tjaldsvæðinu nú um þjóðhátíðarhelgina og um verslunarmannahelgina. Í sumar verður tjaldsvæðið eingöngu opið fjölskyldufólki með tjaldvagna, hjól-og fellihýsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**UMRÆDD AUGLÝSING** Á henni sést mynd af stórum Víking bjór og vörumerki viskíframleiðandans Jack Daniel's.

Lýðheilsustöð:

## Athuga auglýsingar á áfengi

**AUGLÝSINGAR** Áfengis- og vímuvarnadeild Lýðheilsustofnunar hyggst kanna hvort auglýsingar þær sem uppi hafa verið á bensínstöðvum Ego síðustu daga brjóti í bága við áfengis- og tóbaksvarnarlög.

Á þeim er kynnt tilboð til viðskiptavina stöðvarinnar frá matsölustað í Reykjavík en það tvennt sem er mest áberandi á spjöldunum er stórt glas af Víking bjór og vörumerki viskíframleiðandans Jack Daniel's. Á henni kemur reyndar fram að um léttöl sé að ræða og að ekki sé um viskí að ræða heldur steikarsósu sem nefnd er eftir drykknum. **- aöe**

### BANDARÍKIN

**ÖLDRUÐ KONA BORIN ÚT** Betty Dick, 83 ára gömul kona, stendur nú í málaferlum við Bandaríkjastjórn, sem ætlar að bera hana út af heimili sínu þar sem hún hefur búið óáreitt í aldarfjórðung. Konan býr í kofa á níu hektara landskika örfáum kílómetrum frá Klettafjallaþjóðgarðinum sem ríkið á. Einu nágrannar hennar eru elgir en konan hefur aldrei borgað leigu. Því á nú að bera hana út.

„Aldrei alvöru atvinnugrein?"

Um þessar mundir setja rauðar, fagurlega skreyttar, tveggja hæða rútur svip sinn á borgarmyndina. Þessar rútur aka með ferðamenn um borgina í s.k. „Hop On – Hop Off" ferðum, sem eru þekktar frá mörgum borgum í Evrópu. Ekið er vítt og breitt um borgina og kennileiti skýrð út, en leiðsögn er á 8 tungumálum. Farið er frá Arnarhóli á klukkutíma fresti, alla daga vikunnar frá kl. 10.00-16:00.

Fréttablaðið birti grein 8. júní s.l. undir ofangreindri fyrirsögn. Í greininni var fjallað um vanda ferðaþjónustunnar í hnotskurn og verður ekki farið út í efnisatriði greinarinnar og engin afstaða tekin til hennar sem slíkrar.

Hins vegar má segja að val myndar af „Hop On – Hop Off" rútu á bls. 13 með innskoti þar sem vísað er til orða Vilhjálms Bjarnasonar hagfræðings þar sem hann segir að fyrirtækjum er „...haldið á floti með styrkjum frá hinu opinbera..." vægast sagt óheppileg, svo vægt sé að orði komist, enda má ætla að ummælin eigi við myndina.

Það eru tvö fyrirtæki sem standa að ofangreindum ferðum; SBK hf. í Keflavík, sem reka rúturnar og Kynnisferðir ehf. sem sjá um markaðssetningu og sölu ferðanna.

Hvorugt þessara fyrirtækja þiggur ríkisstyrki af nokkru tagi, eins og ætla má af mynd við grein Fréttablaðsins. Þeim er ekki „haldið á floti með styrkjum", heldur hafa þau bæði verið rekin með hagnaði undanfarin ár og skilað eigendum sínum arði. Gjaldþrot og kennitöluflakk annarra fyrirtækja í ferðaþjónustu hafa vissulega snert bæði fyrirtækin. Styrkur SBK hf. og Kynnisferða ehf. felst í góðri stjórnun og hæfum, reynslumiklum starfsmönnum sem vilja hag viðskiptavina og fyrirtækjanna sem mestan.

14. júní 2005
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
starfsmannastjóri Kynnisferða ehf.

Kynnisferðir
REYKJAVIK EXCURSIONS



Egilsstaðir:

# Ný álma við menntaskóla

**STÆKKUN** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, tóku í gær fyrstu skóflustunguna að nýrri kennslu- og stjórnunarálmu við Menntaskólann á Egilsstöðum. Byggingin verður 1.067 fermetrar að flatarmáli og mun rísa á lóð skólans, við hlið núverandi skólahúss. Trésmiðjan Einir annast framkvæmdina en kostnaður verður um 190 milljónir króna og á byggingin að verða tilbúin haustið 2006. Ríkissjóður mun greiða 60 prósent af kostnaðinum en Fljótsdalshérað 40 prósent. **- kk**

Endurskoða þarf stöðu Byggðastofnunar:

# Stofnunin stendur ekki undir sér

**BYGGÐAMÁL** „Stofnunin hlýtur að endurskoða stöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna," segir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ræddi um vanda stofnunarinnar á ársfundi hennar fyrir helgina og sagði núverandi lánastefnu fremur þjóna stöðnuðu atvinnulífi en framsæknum iðnaði.

Valgerður segir fátt benda til þess að fjármögnunarstarfsemi stofnunarinnar geti orðið fjárhagslega sjálfbær. Aðalsteinn vill ekki meina að svo sé þrátt fyrir að rekstur í óbreyttri mynd geti ekki staðið undir sér. „Ég er ekki sannfærður um að aðgengi landsbyggðarinnar að fjármagni sé orðið gott og þá er enn þá þörf fyrir stofnunina," segir Aðalsteinn en bætir við að hlutverk stofnunarinnar sé ekki að keppa við viðskiptabankana. „Ef þeir geta sinnt þessu nægilega vel er ekki lengur þörf fyrir okkur."

Fjögurra manna nefnd hefur verið skipuð til þess að fara yfir stöðu stofnunarinnar og aðgerðir sem grípa megi til. „Við eigum ekki von á byltingu en breyttar aðstæður kalla á endurmat stofnunarinnar," segir Aðalsteinn. „Þetta er kærkomið tækifæri til þess að endurskoða og marka stefnuna upp á nýtt." **- ht**



**AÐALSTEINN ÞORSTEINSSON** Forstjóri Byggðastofnunar segir stofnunina verða að endurskoða stöðu sína í ljósi breytinga á íslensku atvinnulífi.



**FRÁ VERÐLAUNAAFHENDINGUNNI** Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, var viðstödd þegar verðlaun og viðurkenningar voru afhent.

Þróunarfélag Austurlands:

# Héraðsprent verðlaunað

**VERÐLAUN** Héraðsprent á Egilsstöðum hlaut hvatningarverðlaun Þróunarfélags Austurlands árið 2005 fyrir metnaðarfulla uppbyggingu á prentsmiðjurekstri. Verðlaunagripurinn kom að venju úr höndum handverksfólks á Austurlandi og var að þessu sinni áletraður stuðlabergslampi frá Álfasteini á Borgarfirði eystri.

Viðurkenningar Þróunarfélagsins fyrir athyglisverða nýsköpun og metnaðarfull þróunarverkefni í austfirsku atvinnulífi hlutu Ferðaskrifstofa Austurlands, Íslensk olíumiðlun á Norðfirði og Hótel Svartiskógur í Jökulsárhlíð. **- kk**

Samvinna gegn fuglaflensu:

# Samnorrænt bóluefni

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisyfirvöld Norðurlanda ætla að kanna möguleika á að framleiða sameiginlega bóluefni gegn fuglaflensu.

Norrænir heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar ákváðu þetta á fundi í Þórshöfn í Færeyjum.

Sérstakur vinnuhópur verður skipaður í þessu skyni. Er honum gert að skila tillögum sínum í nóvember. Á ráðherrafundinum kom fram að litið er á fuglaflensuna sem mestu heilbrigðisógn sem heimurinn hefur staðið frammi fyrir um langa hríð. Af hálfu Íslands var lögð áhersla á að kanna möguleika á framleiðslu bóluefnis enda væri það mikilvægast fyrir utan að móta alþjóðlega stefnu um viðbrögð við hinni miklu ógn. **- jss**

## NOREGUR

**DALAI LAMA Í ÓSLÓ** Dalai Lama, andlegur leiðtogi Tíbetmanna, kom í gær í þriggja daga opinbera heimsókn til Noregs. Heimsóknina hóf hann í Ósló, þar sem hann tók við Friðarverðlaunum Nóbels árið 1989. Nú, sextán árum síðar, er hann enn útlægur frá heimalandi sínu, sem hefur verið undir kínverskri stjórn síðan árið 1951.



# Frábær tilboð í Grafarholti



## Heflað pallaefni



**28x120 mm***
Lengd 5,7m
628757
Verð áður 147 kr/m
**129 kr/m**

## Gólfplötur 22 mm



**25% afsláttur**

60x240 sm
133155

**Gipsplötur***
120x255 sm, 13 mm
120115

**Stálstoð***
35x70, L=3,3 m
123122

**Filtleiðari***
70 mm, L=3,60 m
124125

## Greni panill



**14x85 mm***
Lengd, 2,7 og 4,8 m
57027/48
Verð áður 98 kr/m
**78 kr/m**

**Hurð, Harðtex***
80 sm. Ómáluð
93322
**4.990**

**Hurð, Hvít***
90 sm, slétt
93333
**7.990**

**Járnað karmsett***
12 sm. Án þröskuldar.
93015
**3.890**

**Gerefti MDF***
9x65, L= 215 m
93014
**480**



Lyftanleg sæti

**Garðborð***
Ósamsett
600242
**4.590**

## Parket á frábæru verði



**Eik, Vivaldi***
6 mm, 3ja stafa
146965
**2.990 kr/m²**



**Beykiparket***
Karelia, smella 14 mm
146571
**750 kr/m²**



**4.590**

**Skjólveggur***
París, 90x180 sm
603245



**4.690**

**Skjólveggur***
París, 180x90 sm
603265

## Fallegt fyrir blómin



**Blómaker***
Á fótum, 40 sm.
604030
**1.990**



**Blómakassi***
Ferhyrndur
604010
**1.690**



**Blómakassi***
Þríhyrndur
604015
**1.990**

# Ekkert mál

Opnunartími í Grafarholti

| OPIÐ VIRKA DAGA | LAUGARDAGA | SUNNUDAGA |
|---|---|---|
| 8-19 | 9 - 19 | 10 - 19 |

* Tilboðin gilda í Húsasmiðjunni Grafarholti til 20. júní eða á meðan birgðir endast.

# 65% afsláttur
## af Jotun pallaolíu




990
~~2.190~~




**Jotun pallaolía**
3 ltr.
7049123/33/37

**Tilboðið gildir í öllum verslunum Húsasmiðjunnar**



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

„ORÐRÉTT“

*„Segja má að íslenska lambakjötið sem stendur til boða í verslunum í dag sé ekki fyrsta flokks því flestar vænustu steikurnar eru uppseldar.“*

JÓHANN ÓLAFSSON, HJÁ BÆNDASAMTÖKUNUM, Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Að sjálfsögðu fagna ég stöðunni.“*

ÓSKAR BJARTMARZ, NÝRÁÐINN LÖGREGLUMAÐUR Á SEYÐISFIRÐI, Í DV.

nær og fjær
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? LAUFEY TRYGGVADÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI KRABBAMEINSSKRÁR

# *Á von á barnabarni í Danmörku*


LAUFEY TRYGGVADÓTTIR

„Það er frábært að frétta,“ segir Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands, sem var stödd suður á Ítalíu þegar blaðamaður sló á þráðinn. „Ég var að koma frá Feneyjum og er á leið til Austurríkis. Okkur hefur liðið ferlega vel hérna. Maðurinn minn hefur verið að þeysast á milli funda en ég hef ekki þurft að láta mér leiðast enda er nóg að gera sér til dægradvalar í Feneyjum. Þetta er yndisleg borg. Ég hef farið nokkrum sinnum áður til Ítalíu vegna vinnunar og það er alltaf gaman að koma hingað.“ Laufey flakkar mikið vegna vinnunar og var í Bandaríkjunum að flytja fyrirlestur áður en hún kom til Ítalíu. „Við höfum safnað merkilegum gögnum í Krabbameinsfélaginu og menn vildu fá að heyra af þeim.“

Laufey og maður hennar gera ráð fyrir því að dvelja í nokkra daga í Austurríki áður en þau halda heim á leið. Sumrinu hefur hún þó ekki hugsað sér að verja í eintóma vinnu því hún á von á barnabarni. „Dóttir okkar, sem á von á barni, býr í Danmörku og við ætlum að heimsækja hana. Það er því heilmargt skemmtilegt framundan.“ ■

## SJÓNARHÓLL
SULLUMBULL Á ALÞINGI


GUÐMUNDUR SÆVAR GUÐJÓNSSON

### *Ótækt*

„Ég er hissa á að fólk skuli koma svona fram,“ segir Guðmundur Sævar Guðjónsson, forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar, um uppákomuna sem varð á álráðstefnunni á Hótel Nordica í gær þar sem grænlitu skyri var slett á fundarmenn. „Menn geta sjálfsagt aldrei séð við svona en þetta er ótækt,“ segir Guðmundur Sævar og spyr sjálfan sig og aðra hvort vopnaðir verðir þurfi að vera við dyr ráðstefnusala í framtíðinni. „Hér eru haldnar margar ráðstefnur og mörg fyrirmenni á ferðinni og það þarf að skoða öll þessi mál upp á nýtt og vakta menn sem gefa sig út fyrir að vera atvinnumenn í mótmælum.“

Aflakló á nýjum miðum:

## Vigfús veiðirlúðu

Vigfús Vigfússon, á Dögg SF, landaði tveimur til þremur tonnum af lúðu á þriðjudag, að því er fram kemur á fréttavefnum horn.is. Lúðurnar ku vera af öllum stærðum og mældust þær stærstu um tveir metrar að lengd. Samkvæmt horn.is lagði Vigfús lúðulínuna við Ingólfshöfðann og verður aflinn seldur ferskur til Englands.

Fylgir fréttinni að Vigfús Vigfússon hafi hingað til ekki lagt lúðuveiðar fyrir sig. Hann þykir með fisknari trillukörlum og kollegi hans orðaði það þannig við horn.is að það væri alveg sama hvaða veiðarfæri hann setti í sjóinn, alltaf væri mokveiði hjá Fúsa.

Lúðu má matreiða á ýmsan máta, til dæmis grilla, steikja og sjóða. Þá má snæða hana hráa.

- bþs



# Slegist um garðsláttinn

**Samkeppnin í garðslættinum er hörð og heyrst hefur af undirboðum á markaðnum. Á meðan sumir óttast ástandið eru aðrir rólegir og benda á að nóg sé af görðum.**

Fjöldi fólks hefur ýmist ekki tíma eða nennu til að slá garðana sína og kaupir þá þjónustu af þeim sem hana bjóða. Fjölmargir taka að sér garðslátt og daglega auglýsir hátt í tugur sláttumanna þjónustu sína í smáauglýsingum dagblaðanna.

„Ég vil frekar nota tímann til að spila golf,“ sagði garðeigandi, sem ekki slær sjálfur í samtali við Fréttablaðið. Hann vildi ekki láta nafns síns getið af ótta við að þykja flottræfill. Sonur hans annaðist sláttinn lengi vel en eftir að hann flutti að heiman ákvað karl að kaupa þjónustuna utan úr bæ.

„Það er mikið að gera núna,“ segir Bjarni Jóhann Þórðarson, sem rekur sláttuþjónustuna Garðar best. Hann hefur verið sautján ár í bransanum og hefur slegið garða sumra viðskiptavinanna í öll þau ár. Hann segir samkeppnina harða og verður var við undirboð. „Einhverjir eru duglegir að bjóða mjög lágt í lóðir sem eru meira virði. Það eru undirboð í þessu.“ Bjarni Jóhann heldur þó sínu og vel það því árlega bætast nýir viðskiptavinir í hópinn.

Sigurður Ólafsson hefur slegið garða í þrjú ár og tekur undir með Bjarna Jóhanni þegar kemur að samkeppnismálunum. „Já, samkeppnin er hörð í þessu. Það sést ekki síst á öll auglýsingunum,“ segir hann en er þó hvergi banginn. „Sumarið fer að verða fullbókað hjá mér.“

Algengt verð fyrir slátt á einbýlishúsagarði er á bilinu fimm til sjö þúsund krónur en fyrir fjölbýlishúslóðir þarf að greiða frá fimmtán og upp í 45 þúsund krónur, allt eftir stærð. Verðið hefur hækkað lítillega með árunum sem kemur meðal annars til af því að atvinnumenn í garðslætti þurfa nú að greiða fyrir móttöku grass hjá Sorpu. bjorn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**SLEGIÐ Í GEGN** Bjarni Jóhann Þórðarson sláttumaður á sláttuvél af stærra taginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**KANTARNIR TEKNIR** Tólum af ýmsu tagi er beitt á iðagrænt grasið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**MARGAR HENDUR VINNA LÉTT VERK** Fjölmenni vinnur við að slá og hirða garða í einkaeigu á sumri hverju.






Bjarki „halti“ og Guðbrandur „blindi“ klárir í slaginn:

# Hlakka til að byrja að ganga

Á mánudag hefst Íslandsganga þeirra Bjarka Birgissonar og Guðbrands Einarssonar hringinn í kringum landið. Þeir félagar ganga undir kjörorðinu „Haltur leiðir blindan, til betra lífs“ og vilja þeir vekja athygli á aðstæðum fatlaðra á Íslandi.

Undirbúningur hefur staðið síðustu mánuði og allt að verða klárt. Þeir ferðast við þriðja mann því Tómas Birgir Magnússon, íþróttakennari og félagi þeirra, mun fylgja þeim eftir akandi með fellihýsi í eftirdragi, sem verður svefnstaður þeirra.

„Við erum orðnir spenntir,“ segir Guðbrandur og Bjarki leggur áherslu á tilhlökkunina sem býr í brjósti hans.

Fáir hafa gengið hringinn í kringum Ísland en sjónvarpsmaðurinn Sveppi er í þeim hópi. Bjarki og Guðbrandur skora einmitt á Sveppa og félaga hans í Strákunum að hitta þá einhvers staðar á hringnum og láta þá malla ofan í sig ógeðsdrykk.

Íslandsgangan hefst á mánudag og munu þeir félagar leggja af stað frá Sjónarhóli, Háaleitisbraut 13, klukkan níu árdegis.

- bþs

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Í GÓÐUM GÍR** Guðbrandur Einarsson, Tómas Birgir Magnússon og Bjarki Birgisson.

Og kroppurinn blómstrar í allt...

# SUMAR Á NINGS



Fáið öndina senda heim eða borðið á staðnum!

## Crispy Aromatic önd

*Vinsælasti kínverski rétturinn á veitingahúsum um allan heim*

Hálf önd með 18 pönnukökum, vorlauk, agúrku, sósu og steiktum hrísgrjónum, frábær aðalréttur fyrir 2 einnig spennandi forréttur fyrir 4-6

Fyrst setur þú sósu á pönnukökuna, síðan agúrku, önd og vorlauk þar yfir. Pönnukökunni er síðan rúllað upp og rétturinn er tilbúinn.

ATH! TIBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2l. COKE MEÐ TILBOÐINU

krónur **1745** á mann

krónur **3490** fyrir tvo



NÝTT!

## Sumartilboð

- Djúpsteiktar rækjur með súrsæti sósu
- Kjúklingur og grænmeti með drekasósu
- Svínakjöt og grænmeti með sataysósu
- Heilsunúðlur með eggjum og grænmeti.
- Ís frá Häagen-Dazs

ATH! TIBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2l. COKE MEÐ TILBOÐINU

krónur **1495** á mann

krónur **2990** fyrir tvo

Þú getur valið um 3 bragðtegundir af **Häagen-Dazs** með Sumartilboðinu



- Bailey's
- Macadamia Nut Brittle
- Strawberries & Cream

Ungfrú Ísland 2005 og Ungfrú Reykjavík 2005 Unnur Birna Vilhjálmsdóttir velur heilsurétti Nings

BARNABOX
2 kjúklingaleggir
franskar,
kokkteilsósa
og glaðningur
kr. 550

# NINGS

*Við notum eingöngu* **LO SALT**

**LO SALT** inniheldur 66% minna sodíum *heilsunnar vegna.*

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12

**Pöntunarsími 588 9899**

## SVONA ERUM VIÐ

ÁÆTLAÐUR FJÖLDI ÍSLENDINGA




Heimild: Hagstofan

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING** NÁMSMENN ERLENDIS

# *Danmörk nú tekin fram yfir Bandaríkin*

Fyrir sex árum voru álíka margir Íslendingar við nám í Danmörku og Bandaríkjunum, en nú eru nærri fjórfalt fleiri Íslendingar við nám í Danmörku. Hvað veldur?

Síðustu ár hafa skólagjöld farið hækkandi í Bandaríkjunum og íslenska gengið hefur verið óhagstætt gagnvart dollarnum. Ekki bættu árásirnar þann 11. september úr skák. Þótt óvíst sé með ótta íslenskra stúdenta við hryðjuverkaárásir er þekkt að erfiðara varð að komast til Bandaríkjanna. Reglur um skólavist í Bandaríkjunum breyttust í sjálfu sér ekki mikið, en öll framkvæmd þeirra breytti um svip. Öll skriffinnska varð stífari og minna mátti út af bera í umsóknarferlinu. Það má líka velta því fyrir sér hvort ímynd bandarísks þjóðfélags í hugum Íslendinga hafi breyst vegna viðbragða Bandaríkjamanna við árásunum.



Námsmönnum hefur snarfjölgað í Danmörku, fækkað í Bandaríkjunum án mikilla breytinga í öðrum löndum.

Það er því ekki líklegt að miklar breytingar verði á næstunni þótt gengi krónunnar sé hagstætt nú þar sem það eru fleiri þættir sem miklu skipta. Ekki má heldur gleyma því að nám erlendis er oftast skipulagt langt fram í tímann.

Það þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart þótt Íslendingar sæki til Danmerkur. Við lærum dönsku í grunnskóla, uppbygging námskerfisins er svipuð, námsmenn komast strax inn í velferðarkerfið og þurfa lítið að greiða fyrir barnagæslu. Auðvelt er fyrir maka að fá vinnu og skólagjöld eru engin. Ferðalög til Danmerkur eru líka orðin ódýr síðustu ár og stutt að skjótast. Það má líka velta fyrir sér ákveðnum margfeldisáhrifum. Það hve íslenskir nemendur eru orðnir fjölmennir hvetur aðra til að fara þangað – enda þekkja orðið flestir hvað bjórinn er ódýr. Því þarf ekki að koma á óvart að nemendur sem annars kynnu að hafa farið til Bandaríkjanna kjósi Danmörku frekar.

## SPURT & SVARAÐ

**ÞENSLA Í ÍSLENSKU HAGKERFI**



SNORRI JAKOBSSON

### *Seðlabankinn með stjórn á stöðunni*

Mörgum hefur síðustu daga orðið tíðrætt um stöðu efnahagslífsins og áhrif virkjanaframkvæmda og álverssmíða á það. Blaðið sneri sér til Snorra Jakobssonar sem er hagfræðingur hjá greiningardeild KB banka og spurði:

**Er íslenska hagkerfið að ofhitna?**

Það er ekki hægt að fullyrða að hagkerfið sé að ofhitna en flestir hagvísar í hagkerfinu benda til þess að mikil þensla sé til staðar. Verðbólgan, vinnumarkaðurinn, innflutningur og fleira benda flest í sömu átt. Stýrivextir Seðlabankans eru þó eins og þeir ættu að vera og bankinn virðist hafa ágætis stjórn á stöðunni. Það var mjög lítið nýtt sem kom fram í skýrslu í OECD en það má undirstrika það sem greiningardeildin hefur oft bent á að gengi krónunnar getur ekki haldist hátt endalaust. Einhvern tímann hlýtur að hægja á gjaldeyrisinnstreyminu. Ég get ekki tekið undir sjónarmið OECD um að hækka þurfi stýrivexti, það myndi einungis styrkja gengið. Mesta hættan er í genginu, krónan gæti veikst snögglega sem myndi hafa neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja og leiða til aukinnar verðbólgu.

# Glímt við verðbólguna

**Alþjóðlegar stofnanir hafa varað við þenslu í efnahagslífinu og því að skellurinn geti orðið harður ef fram haldi sem horfi. Óttast er að verðbólgan hækki, sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarsátt á vinnumarkaði. Útflutningsgreinar og ferðaþjónusta kvarta undan háu gengi krónunnar.**

Alþjóðlegar stofnanir á borð við OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafa undanfarið varað við því að hagkerfi Íslands sé að ofhitna. Einkaneysla landsmanna eykst jafnt og þétt, þó svo að launin okkar hækki ekki að sama skapi, krónan er sterk í samanburði við aðra gjaldmiðla og Seðlabankinn keppist við að hækka stýrivexti til að sporna við verðbólgu.

Vaxtamunur við útlönd er kominn upp í 6,5 prósent og erlendir



**FRÉTTASKÝRING**
EFNAHAGSMÁL

**ODDUR ÁSTRÁÐSSON**
BLAÐAMAÐUR

spákaupmenn því farnir að líta hýru auga til þess að braska með íslensku krónuna með ófyrirséðum afleiðingum. Viðskiptahalli við útlönd er óhagstæður upp á marga milljarða króna og aldrei hefur verið auðveldara að fá lán til lengri eða skemmri tíma til að fjármagna einkaneyslu.

Húsnæðismarkaðurinn þenst út og húsnæðisverð hefur hækkað vísitölu neysluverðs, sem aftur eykur verðbólgu. Þrátt fyrir allt þetta heldur ríkisstjórnin skattalækkunaráformum sínum til streitu og keppist við að framkvæma. En hvað þýðir þetta allt saman og er hætt við því að illa fari? Nokkur viðvörunarmerki eru uppi sem þarf að taka mark á.

**Gengið**

Gengi íslensku krónunnar er óvenjuhátt um þessar mundir. Ákvarðanir Seðlabankans um að hækka stýrivexti til að halda verðbólgu niðri stuðla að því að halda genginu háu og stöðugu.

Gengið er sá verðmiði sem settur er á íslensku krónuna í alþjóðlegum viðskiptum og því í sinni einföldustu mynd hagstætt fyrir innflutning að gengið hækki en hagstætt fyrir útflutning að gengið lækki. Viðskiptahalli við útlönd er oftast óhagstæður hér á landi, meira er flutt inn en út og því ætti að vera hagur landans að gengið haldist heldur hátt og stöðugt. Á móti kemur að á meðan gengið er hátt fást færri krónur fyrir útfluttan varning og hefur það valdið útflutningsgreinunum nokkrum vandræðum og viðskiptahallinn því aukist.

Ef gengið hrynur óvænt er í raun erfitt að segja til um það hverjar afleiðingarnar verða en eflaust kemur það til með að valda vandræðum fyrir flesta þá sem treysta að einhverju leyti á það að gengið haldist stöðugt. Þar má telja heildsala, námsmenn erlendis, útflutningsaðila og fleiri. Það að hægt sé að treysta því að gengið haldist nokkuð stöðugt er lykilforsenda fyrir árangursríkum viðskiptum við útlönd.

**Verðbólgan**

Há verðbólga þýðir að við fáum stöðugt minna fyrir hverja krónu og því er mikilvægt að halda henni í skefjum til að það sé jafnvægi á milli kjara og verðlags. Þegar væntingar og neysla aukast hækkar verðlag að sama skapi vegna lögmálsins um framboð og eftirspurn, við fáum minna fyrir hverja krónu og þá er verðbólga. Hlutverk Seðlabankans er að beita stýrivöxtum til að sporna við verðbólgu og þegar þeir hækka verður einfaldlega dýrara að fá skammtímalán, sem leiðir til þess að minni peningar eru í umferð. Á móti kemur að neysluvenjur fólks virðast hafa breyst að því leytinu til að nú taka einstaklingar frekar langtímaneyslulán en áður og stýrivextirnir draga síður úr neyslu.

Fari verðbólgan úr böndunum gæti það haft nokkuð alvarlegar afleiðingar fyrir launamenn og vinnumarkað. Almennir kjarasamningar Alþýðusambandsins gera til að mynda ráð fyrir því að samningar falli úr gildi ef verðlag hækkar umfram ákveðin mörk. Því má gera ráð fyrir átökum á vinnumarkaði hækki verðbólga mikið. Með aukinni verðbólgu hefur almenningur svo líka minna á milli handanna til einkaneyslu á sama tíma og áfram þyrfti að greiða af gömlum syndum langtímalánanna.

**Hvað geta stjórnvöld gert?**

Einföld þumalputtaregla segir að stjórnvöld eigi að halda að sér höndum þegar vel árar, safna í ríkissjóð og veita svo innspýtingu í atvinnulífið þegar aftur harðnar á dalnum. Núna stendur ríkið hins vegar í stórframkvæmdum sem ýta undir þenslu og hefur byrjað að lækka skatta, sem einnig ýtir undir þenslu á sama tíma og vel gengur að öðru leyti í atvinnulífinu. Fjármálaráðherra sagði á fundi á dögunum að við gætum þetta og blés þar með á allar hrakspár. Eins og fyrr segir geta ófyrirséðir hlutir haft áhrif á þróun mála og því mun tíminn einn leiða í ljós hvað verður. ■



**GEIR H. HAARDE** Fjármálaráðherra blés á allar hrakspár á dögunum þegar hann sagði að við gætum lækkað skatta og haldið áfram með framkvæmdir ríkisins.

**VIÐSKIPTAHALLI VIÐ ÚTLÖND ÁRIN 1999-2004**
(tölur í millj. króna)




Heimild: HAGSTOFAN

**RAUNGENGI ÍSLENSKU KRÓNUNNAR MIÐAÐ VIÐ HLUTFALLSLEGT NEYSLUVERÐ**




Heimild: SEÐLABANKINN

**BREYTINGAR Á VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS FRÁ 1999-2004**




Heimild: HAGSTOFAN




emmessís
- HVERJIR ERU BESTIR?
BATMAN BEGINS
BATMAN
NÝTT
Lakkrís
Djæf
NÝTT
Súkkulaði
Hnetu
Jarðarberja
Vanillu
Jarðarberja
SJEIK
SJEIK
Súkkulaði
Daim
Banana
Hnetu
Toppar
Pinnar
NÝTT
Vanillu
Jarðarberja
Popp
Karamellu
Tyggjó
Vanillu Stöng
Sykur-lausir
NÝTT
NÝTT
Sport Stöng
Ananas Lurkur
Appelsínu Lurkur
Lurkar
Tívolí
Tommi og Jenni
Grænn
Mars Ice Cream
Maltesers
SNICKERS
SNICKERS

EKKERT BRUÐL

Tilboðin gilda til sunnudags 19. júní
eða meðan birgðir endast

OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG SAMKVÆMT VENJU

# Opnum klukkan tíu!



Dunlop

LOCO JUNIOR

Alvöru golfsett fyrir barnið
Tvær stærðir, eitt verð
5 - 8 ára og 9 - 12 ára

LOCO JUNIOR BARNAGOLFSETT

8900 KR.

SÉRVÖRU VERSLANIR

17 HLUTA TÍTAN GOLFSETT

15900 KR.

17 hluta
títan golfsett

Dunlop



TRAMBÓLÍN
3.6 metra
14900 KR.

ÖRYGGISNET
fyrir trambólín
10900 KR.

SÖLUSTAÐIR:
Holtagarðar
Smáratorg

Gleði í garðinn - gleði í bústaðinn!



ÞJÓÐFÁNINN

99 KR.

## Fjallahjól 24" og 26"

EKKERT BRUÐL

Álstell, diskabremsur
að framan og aftan,
dempari í gaffli og
stelli, Shimano gírar.

21 gír

24" FJALLAHJÓL

12900 KR.

26" FJALLAHJÓL

13900 KR.

Ótrúlegt verð



SÉRVÖRU VERSLANIR



20 RJÓMA SMÁBOLLUR

299 KR.

## 21" sjónvarp



21" PANVIEW SJÓNVARP

15900 KR.

450 stykki á þessu verði!



FERSK
Kirsuber

599 Kg KR.

15-20 kirsuber á dag, segja náttúrusinnar hafa sömu áhrif á nýrnaganginn og mörkuð neysla trönuberja og jarðarberja.



BLÁBER 125g

159 KR.

## Mataráhöld í sveitina



VELJIÐ SJÁLF!
25 bollar,
25 diskar,
25 hnífar,
25 teskeiðar,
25 skeiðar
eða 25 gafflar

99 25 stykki KR.



Allt sem þarf, er vatn, olía og vöfflujárn!

Vöffluduft
ÞURREFNABLANDA
fyrir um 20 vöfflur

179 HÁLFT KÍLÓ KR.



129 250 GRÖMM KR.



PÖNNUKÖKUSÍRÓP

259 709 ml KR.

Kandí floss



BOXIÐ

159 KR.

LOKAÐ Í ÖLLUM BÓNUSVERSLUNUM 17. JÚNÍ

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Sveitabjúgu
KOFAREYKT FRÁ KJARNAFÆÐI
SVEITABJÚGU
299 kg KR.
HÁLFUR LÍTRI
EKKERT BRUÐL
39 KR.
500 ml
259 kg KR.
Kartöflur
1 KÍLÓ - NÝJAR FRANSKAR
NÝ uppskera
Hangikjöt
FRAMPARTUR MEÐ BEINI KF
HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
699 kg KR.
Gleðilega þjóðhátíð!
Kjúklingur
NÝGRILLAÐUR, STÓR OG SAFARÍKUR
EKKERT BRUÐL
Lærisvöðvi
KRYDDAÐUR ÍSLANDSGRÍS
GRILL GRÍSAVÖÐVI
1189 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1698kr.
40% afsláttur við kassann
BÓNUS SVÍNAKÓTELETTUR
839 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1398kr.
STÓR OG SAFARÍKUR
799 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Svínakótelettur
KRYDDAÐAR OG KLÁRAR Á GRILLIÐ
Nýtt kortatímabil!
REYKTUR SILUNGUR
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
Regnboga
SILUNGUR REYKTUR
REGNBOGASILUNGUR REYKTUR
1499 kg KR.
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
ALI úrbeinaður svínahnakki
1049 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
ÚRBEINAÐUR GRILLKRYDDAÐUR
ALI SVÍNAHNAKKI
GRILLKRYDDAÐAR
ALI SVÍNAKÓTELETTUR
ALI GRILLKÓTELETTUR
1049 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
30% afsláttur við kassann
Gott á grillið
Gott á grillið
250 GRÖMM
FROSINN TÚNFISKUR
Túnfiskur
FROSINN TÚNFISKUR
199 KR.
250g
NÝ uppskera
STEINALAUS
Vatnsmelóna
99 kg KR.
Opið til hálf átta í kvöld
BÓNUS




# neytendur

**VERÐKÖNNUN** ASÍ Á LEIKJANÁMSKEIÐUM SUMARSINS:

## Allt að fjórðungshækkun milli ára

Gjald fyrir þáttöku á sumarnámskeiðum hvers konar fyrir börn hafa víða hækkað í verði milli ára samkvæmt nýrri úttekt Alþýðusambands Íslands. Standa reyndar allmörg félög og samtök sem slík námskeið halda í stað milli ára en aðrir hækka umtalsvert.

Knattspyrnuskóli Stjörnunnar í Garðabæ kemur langverst út úr könnuninni. Þar hefur gjaldið fyrir tveggja vikna námskeið hækkað um tæp 70 prósent frá síðasta ári. Þá kostaði samsvarandi námskeið sex þúsund krónur en kostar nú tíu þúsund. Mikill munur er annars á kostnaði en það skýrist að hluti til af mismunandi þjónustu sem í boði er og er í raun ekki lagt mat á við könnunina.

Hækkun frá 5.5 prósent að 25 prósent hefur orðið á öllum námskeiðum sem í boði eru gegnum Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur en verð hjá íþróttafélögum utan suðvesturhornsins er að mestu leyti það sama milli ára. -aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Í kjölfarið á umsókn nýs aðila á lóð undir bensínstöð á Ísafirði stukku gömlu olíufélögin öll til og óskuðu einnig eftir lóðum undir bensínstöðvar.*

Esso Shell olís

**BENSÍNVERÐ**

| 95 okt. Sjálfsafgreiðsla ódýrasta verð | jún.04 | jún.05 | Munur +/- |
|---|---|---|---|
| SIGLUFJÖRÐUR | 108,90 | 110,70 | +1,8 |
| ÍSAFJÖRÐUR | 107,90 | 107,70 | - 0,2 |
| HÚSAVÍK | 106,90 | 108,70 | +1,8 |
| HÖFN | 105,90 | 108,70 | +2,8 |
| EGILSSTAÐIR | 107,90 | 108,70 | +0,8 |
| VESTMANNAEYJAR | 108,90 | 109,70 | +0,8 |
| REYKJAVÍK | 101,00 | 106,10 | +5,1 |



**FJÓRIR Á VERÐI EINS** Lengi vel ráku olíufélögin þrjú, Skeljungur, Olís og Esso, saman bensínstöð á Ísafirði og reyndar víðar.

## Annars flokks viðskiptavinir

**Meðan allmargir íbúar á landsbyggðinni eru farnir að njóta sama vöruverðs í matvöru, lyfjum og öðru og íbúar höfuðborgarinnar er enn langur vegur frá því að olíufélögin hafi fylgt í kjölfarið.**

Meðan sívaxandi fjöldi íbúa í þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni býr nú loks við sömu eða sambærilega verðlagningu á matvörum og lyfjum eins og íbúar á suðvesturhorni landsins gildir það sama ekki um eldsneytisverð. Hægt er að telja á fingrum annarrar handar þá staði úti á landi þar sem íbúar njóta sömu kjara og fyrir sunnan og eru þeir flestir innan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar. Deila má um hversu virk sú samkeppni, sem forstjórar olíufélaganna ítreka að sé til staðar, er.

### Stóraukið aðdráttarafl Ísafjarðar

„Það er nokkuð merkileg staðreynd að olíufélögin hafa ætíð borið því við að ástæða hærra bensínverðs úti á landi sé flutningskostnaður,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðareigenda.

Hann segir íbúa úti á landi hafa búið við hærra verð á eldsneyti um langa hríð og gagnrýnir að á sama tíma og lágvöruverslanir geta víða boðið íbúum sama verð og í verslunum á höfuðborgarsvæðinu sé verðstefna olíufélagana sú sama og hún hefur verið undanfarin ár og áratug. „Ég hefði haldið að viðskiptavinir olíufélaganna úti á landi ættu eðlilega að njóta sömu kjara og viðskiptavinir þeirra á suðvesturhorni landsins. Annar punktur sem stundum heyrist er að félögin hafi ekki efni á að halda úti stöðvum öðruvísi en að hækka verðið en á móti kemur að ekkert bannar þeim að leggja niður stöðvar sem ekki bera sig. Gott dæmi um tvískinnungshátt gömlu félaganna er að lengi vel ráku félögin þrjú saman bensínstöð á Ísafirði. Nú nýlega þegar nýr aðili á markaðnum óskaði eftir lóð undir bensínstöð stukku öllu þrjú til og óskuðu sömuleiðis eftir lóðum. Hvað olli því að lóðir undir nýjar stöðvar á Ísafirði urðu svo eftirsóttar þá? Þetta er allt á sömu bókina lært en að öllu jöfnu finnst mér eðlileg krafa neytenda og sjálfsögð skylda olíufélaganna að vera ekki að okra á viðskiptavinum sínum með þeim hætti sem gert er.“

### Kemur ekki heim og saman

Annað kemur ekki heim og saman við fullyrðingar olíufélaganna varðandi flutningskostnað. Á Sauðárkróki er lítri af 95 oktan bensíni á 108,70 krónur í sjálfsafgreiðslu. Tuttugu mínútum utar í Skagafirðinum á Hofsósi er sami lítri á 110,70. Meðan tveggja króna munur á lítra virðist ekki mikill er hann talsverður á ársgrundvelli. Íbúi á Sauðárkróki sem fyllir tankinn tólf sinnum á ári greiðir fyrir það 78.264 krónur en íbúi á Hofsósi sem beinir viðskiptum sínum að stöð bæjarins tólf sinnum á ári greiðir tæpum 1500 krónum meira fyrir sama skammt eða 79.704. Þrátt fyrir verðmuninn hafa íbúar á Sauðárkróki val um þjónustustig meðan íbúar Hofsóss verða að dæla sjálfir hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Meginmunurinn liggur þó í þeirri staðreynd að á Sauðárkróki eru gömlu olíufélögin þrjú, Skeljungur, Olís og Esso, öll með stöðvar eða aðstöðu. Aðeins ein er á Hofsósi og sé farið yst í fjörðinn til Siglufjarðar er Olís eina olíufélagið á staðnum. Þar er reyndar bæði þjónusta og sjálfsafgreiðsla í boði en lítraverð í sjálfsafgreiðslu engu að síður það sama og á Hofsósi.

### Óbreytt staða

Bensínverð almennt virðist vera nokkuð tilviljanakennt og munurinn á verði milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta hefur minnkað milli ára eins og sjá má á meðfylgjandi töflu. Kemur þar á óvart að meðan lægsta verð á lítra í Reykjavík hefur hækkað um rúmar fjórar krónur hefur verð á Ísafirði lækkað um tuttugu aura. Engu að síður er verð að jafnaði mun hærra um leið og komið er út fyrir áhrifasvið suðvesturhornsins.

Hæst er bensínverðið að öllu jöfnu á þeim stöðum þar sem samkeppni er engin eða í töluverðri fjarlægð. Á það meðal annars við um Mývatn, Hallormsstað, Ólafsvík, Bíldudal og Seyðisfjörð. 110,70 krónur kostar 95 oktana bensínlítri á þessum stöðum. Með lægsta verð í Reykjavík í samanburði greiðir íbúi í Ólafsvík rúmum fjögur þúsund krónum meira á ársgrundvelli fyrir að koma kerrunni frá A til B.

### Kostnaður breytilegur

Fréttablaðið lagði fram fyrirspurn til forstjóra Olís, Esso og Skeljungs vegna þessarar greinar. Spurt var hvaða réttlæting lægi að baki mismunandi verðlagningu úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu. Svör bárust frá tveimur þeirra.

„Það er stefna Olíufélagsins að hafa verðmun á eldsneyti eftir landsvæðum sem allra minnstan og í því sambandi má nefna að þjónustuverð er það sama um land allt,“ segir Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Esso. “Sjálfsafgreiðsluafsláttur á minnstu stöðvunum okkar er tvær til þrjár krónur og að lágmarki fjórar krónur á okkar þjóðvegastöðvum, og síðan fimm krónur á stærri markaðssvæðunum. Verðlagning okkar tekur mið af kostnaði og markaðsaðstæðum. Það liggur fyrir að kostnaður við að selja og afhenda eldsneyti er meiri eftir því sem magnið er minna og þannig er það víðast um heiminn. Við erum þó stöðugt að reyna að lækka kostnaðinn með meiri sjálfvirkni með uppsetningu á sjálfsölum og okkar viðskiptavinir fá að njóta þess.“

Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga- og áhættusviðs hjá Olís, ítrekaði að verðlagning væri bundin heimsmarkaðsverði og gengi íslensku krónunnar en stefnan sé ávallt að bjóða viðskiptavinum fyrirtækisins samkeppnishæft verð og góða þjónustu. Hann bendir á að verðmismunur skýrist einnig af mismunandi rekstarkostnaði sem og staðsetningu hverrar stöðvar fyrir sig.

albert@frettabladid.is

ECCOES OF THE WORLD



15% AFSLÁTTUR Á ÖLLUM GOLFSKÓM FRÁ MIÐ. TIL SUN.

ALLIR HELSTU GOLFSPILARAR LANDSINS NOTA ECCO - Kynning á ECCO golfskóm fimmtudaginn 16. júní.

19.995 kr. - verð áður
14.995 kr. - verð nú



Nr. 39224
Stærðir: 40 - 47

Kringlan 553 8050 ecco

# Eitt líf – njótum þess



# Heilsu og hægindadagar
# Tilboðin í fullum gangi!

Mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum - komdu og finndu þitt rúm

## Fjöldi tilboða á stillanlegum rúmum!



## Amerískir gaflar með hönnun í takt við tímann

**King**
193x203 cm.
**Cal. King**
183x213 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
**162.900,-**




**Queen**
152x203 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
**134.900,-**

www.design.is @ 2005



15 sekúndur

**Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!**

# Ekki missa af þessu!!!

**Betra BAK**

*Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477*
*betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is*
*Opið virka daga frá kl. 10-18*
*Lokað á laugardögum í júní og júlí*

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin, verður afhent í kvöld.

## Þróttmikið leikhúslíf

Kröftug starfsemi atvinnuleikhúsa er ekki sjálfgefin í þrjú hundruð þúsund manna samfélagi. Því er aðdáunarvert að fylgjast með leikhúslífi landsmanna en þar hefur farið saman á síðustu árum æ meiri fagmennska og hressilegt áræði. Hvort tveggja hefur birst í nýjungum og tilraunum sem eru fyllilega í takt við það sem best gerist í miklu fjölmennari Evrópulöndum. Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin sem afhent verða í Þjóðleikhúsinu í kvöld, er góður vitnisburður um þennan þrótt.

Hér verður ekki getið sér til um verðlaunahafa kvöldsins. Hitt er brýnna að minna á mikilvægi leiklistarlífs í landinu, svo og annarra tengdra lista, svo sem myndlistar, tónlistar og bókmennta. Í reynd er það nefnilega svo að liststarfsemi er einn allra besti mælikvarði á lífsgæði þjóða.

Aðsókn að íslenskum leikhúsum er meiri en í þeim löndum sem Íslendingar bera sig oftast saman við. Vel á þriðja hundrað þúsund leikhúsgesta setjast framan við sviðið á hverju leikári þegar best gengur. Útlendingar hrista náttúrlega höfuðið þegar þeir heyra þessi ósköp, en þeir eru jafnframt minntir á að leikhús á Íslandi hafa alltaf höfðað til fleiri en útvalinna og þess þrönga hóps í hverju samfélagi sem nefnir sig menningarvita. Leikhús Íslands eru allra – enda hefur það ávallt verið svo að fjölbreytnin hefur verið ráðandi í verkefnavali; leikhúsin hafa öðru fremur þjónað sem alþýðuleikhús, blandan á milli gamans og alvöru, léttmetis og drama hefur einatt tekist með afbrigðum vel. Fyrir vikið flykkist allur almenningur í leikhús. Nýlegt dæmi er hvellsprenging í aðsókn að sýningum Leikfélags Akureyrar á síðasta leikári en gestafjöldinn jafngilti því að allir bæjarbúar hefðu séð sýningar félagsins á einum vetri. Það er mikill leikhússigur. Eins má nefna þær þúsundir leikhúsgesta sem fylltu hverja sýninguna af annarri í Þjóðleikhúsinu á meðan leikverk Sigurðar Pálssonar um söngfuglinn Edith Piaf var á fjölunum. Og þá er heldur ekki úr vegi að nefna nýlegar barna- og fjölskyldusýningar á sígildum leikverkum og söngleikjum í atvinnuleikhúsunum þremur sem gengu lengur fyrir fullum sal en bjartsýnustu menn þorðu að vona.

En leikhús landsmanna eru ekki aðeins í stærstu plássunum, eins og höfuðstöðunum syðra og nyrðra. Leikhúsin eru um allt land og vart er hægt að finna þau þorp á landinu sem státa ekki af þróttmiklu áhugamannaleikfélagi. Mörg af fámennari byggðarlögum landsins, svo sem Ísafjörður, Dalvík, Húsavík og Hornafjörður, eru rómuð fyrir sterka leikhúshefð sína. Í bæjum sem þessum eru leikhúsin máttarstólpar menningarlífsins og sannur mælikvarði á andann í plássinu.

Það er ánægjulegt að á Íslandi hefur skapast sterk og rík leikhúshefð. Mikilvægt er að hlúa að þessari hefð og sýna starfi leikhúsmanna þá virðingu sem þeim ber. Þar munar verulega um viðhorf ríkisvaldsins og sveitarfélaga. Með réttu má segja að leikhús landsmanna séu spegill samfélagsins; þau sýna hvaða þrótt það geymir og sýna í reynd á hvaða stigi menning þess er. Metnaðarfull og áræðin leikhús, þar sem fagmennska ræður för, þrífast ekki nema í bestu samfélögum sem vilja gera vel við fólkið sitt.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Minnisblað og réttarfar

Íslensk stjórnskipan og valdakerfi lætur ekki að sér hæða. Stjórnarandstaðan krefst þess nú að vafinn um hæfi eða vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra í bankasölumálinu fái réttarfarslega meðferð, enda sé ekkert að marka mat ríkisendurskoðanda á minnisblaði. Hver eru úrræðin? Dómstólar taka ekki á málinu nema einhver, sem telur afskipti Halldórs af bankasölumálinu hafa skaðað hagsmuni sína, höfði mál til ógildingar bankasölunni. Þetta þykir harla ólíklegt. Stjórnarandstaðan getur krafist þess að Alþingi verði kallað saman og lagt þar til að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd sem hefði víðtækt vald til yfirheyrslu og skýrslutöku. Nær útilokað er að meirihluti Alþingis samþykki slíka tillögu.



### Meirihlutinn hefur rétt fyrir sér

Er málið þá í öngstræti? Sigurður Líndal lagaprófessor bendir á það í Fréttablaðinu í dag að til sé Landsdómur og lög um ráðherraábyrgð. Til hans kasta kemur ef og þegar ráðherrar gerast brotlegir í embætti. Þessi leið er vægast sagt fjarlæg því fljótt á litið þarf úrskurð rannsóknarnefndar Alþingis áður en lög um ráðherraábyrgð koma til álita. Um þetta er fjallað í síðustu grein laganna um ráðherraábyrgð. Og Landsdómur hefur aldrei komið saman eins og Sigurður Líndal hefur bent á.
Hér er því komin upp staða sem kenna mætti við fjötrun eða „double bind“ eins og það var kallað í frægri bók um sálfræðileg efni eftir Gregory Bateson. Framkvæmdavaldið hefur alla þræði í hendi sér. Ráðherrarnir hafa að mati margra málsmetandi manna allt nauðsynlegt vald yfir Alþingi, löggjafarvaldinu, og áþreifanlegt vald yfir vali dómara í Hæstarétt. Reyni stjórnarandstaðan rannsóknarnefndarleiðina verður niðurstaðan á eina leið: Tillagan verður felld og meirihlutinn vinnur. Láti hún ógert að reyna eitthvað frekar vinnur meirihlutinn einnig. Og tilgátan um fjötrun kveður svo einnig á um að minnihlutinn sé fastur í þessum aðstæðum.
Þannig verður ekki annað séð, en minnihluta þingsins séu allar bjargir bannaðar og aldrei fáist réttarfarsleg svör um hugsanlegt vanhæfi forsætisráðherra.

johannh@frettabladid.is

# Dropi í hafið

Í DAG
FYRIRGEFNING ERLENDRA SKULDA



ÞORVALDUR GYLFASON

*Af þessu má ráða örlætið á bak við skuldafyrirgefninguna í þessum áfanga: fjárhæðin, sem fátækralöndunum er nú gefin eftir, nemur ekki nema einum hundraðasta af þeirri upphæð, sem iðnríkin hafa fyrir löngu lofað að reiða fram.*

Ákvörðun átta iðnríkja um að létta loksins erlendum skuldum af átján fátækralöndum sætir tíðindum, því að hingað til hafa iðnríkin daufheyrzt við ýmsum áskorunum í þessa veru. Rök þeirra hafa hingað til verið á þá leið, að stórskuldugar þjóðir verði hvað sem það kostar að standa í skilum, því að ella myndi lánstraust þeirra þverra, og fátækar þjóðir hafi allra sízt efni á litlu lánstrausti. Þetta var heldur harðneskjuleg afstaða af hálfu lánardrottnanna vegna þess, að fólkið í mörgum þessara skuldugu þróunarlanda var og er saklaust af skuldasöfnun stjórnarherranna, einkum og sér í lagi í einræðislöndum.

Nú kveður sem sagt við nýjan tón. Að undirlagi Bandaríkjamanna og Breta hafa sjö helztu iðnríkin (hin fimm eru Frakkland, Japan, Ítalía, Kanada og Þýzkaland) auk Rússlands orðið ásátt um að létta af þessum átján þróunarlöndum erlendum skuldum þeirra við þrjár alþjóðastofnanir. Heildarfjárhæðin nemur a.m.k. 40 milljörðum Bandaríkjadollara. Þessi eftirgjöf er talin munu létta greiðslubyrði ríkjanna átján um einn og hálfan milljarð dollara á ári næstu ár. Afslættinum er komið þannig fyrir, að ríkin átján munu komast af með að greiða Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington og einnig Afríkuþróunarbankanum í Túnisíu einum og hálfum miljarði dollara minna í vexti og afborganir á hverju ári framvegis en þau hefðu ella þurft að gera. Það er búbót. Ríkisstjórnir iðnríkjanna hafa boðizt til eða búast nú til að brúa bilið, enda eru þær bakhjarlar þessara þriggja stofnana.

Hvað er þetta mikið? Ef Íslendingar hefðu tekið að sér að reiða fram þessa fjárhæð, hefði reikningurinn hljóðað upp á 325.000 kr. á hvert mannsbarn í landinu á hverju ári. En íbúar iðnríkjanna sjö eru rúmlega 700 milljónir, svo að reikningurinn er ekki nema röskir tveir dollarar á mann á ári, þegar allt kemur til alls. Það er lítilræði í ljósi þess, að iðnríkin hafa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sagzt munu stefna að því að leggja fram á hverju ári jafnvirði 0,7% af landsframleiðslu sinni til þróunarhjálpar, en það heit hefur þó ekkert iðnríkjanna að framan hirt um að efna enn sem komið er, fjarri því. Hefðu þau staðið við heitstrengingarnar, myndu þau á hverju ári leggja fram fjárhæð, sem nemur 200 dollurum á mann á ári. Af þessu má ráða örlætið á bak við skuldafyrirgefninguna í þessum áfanga: fjárhæðin, sem fátækralöndunum er nú gefin eftir, nemur ekki nema einum hundraðasta af þeirri upphæð, sem iðnríkin hafa fyrir löngu lofað að reiða fram. Afslátturinn nemur röskum fimm dollurum á mann á ári í löndunum átján.

Hver eru þau annars þessi átján lönd? Fjórtán þeirra eru Afríkulönd (Benín, Búrkína Fasó, Eþíópía, Gana, Madagaskar, Malí, Máritanía, Mósambík, Níger, Rúanda, Senegal, Tansanía, Úganda og Sambía). Hin löndin fjögur eru í Mið- og Suður-Ameríku (Bólivía, Gvæjana, Hondúras og Níkaragva). Nokkur þessara landa (einkum Eþíópía, Gana, Mósambík, Senegal, Tansanía og Úganda) hafa tekið sér tak undangengin ár og gert ýmislegt vel og eru því vel að afslættinum komin og þurfa í reyndinni á miklu meira hjálparfé að halda. Ýmis önnur lönd, sem einnig eru skuldug upp fyrir haus, fá ekki sömu fyrirgreiðslu vegna þess, að þau eru ekki talin hafa unnið til hennar. Nígería fær ekki að vera með, enda hefur stjórn landsins farið illa með olíuauð þjóðarinnar og gert lítið til að uppræta landlæga spillingu. Súdan er ekki heldur með, enda murkar stjórnin þar lífið úr saklausu fólki í Darfur. Þetta er allt með ráðum gert. Menn eru hér að þreifa sig áfram með árangurstengda þróunarhjálp af því tagi, sem Jeffrey Sachs, prófessor í New York, hefur lagt til og margir aðrir: að sumum löndum sé veitt sérmeðferð til að verðlauna þau fyrir góða hagstjórn og framfarir og til að senda sem skýrust skilaboð til hinna.

Skuldafyrirgefningin í þessum áfanga verður ekki bundin skilyrðum um frekari framfarir í hagstjórn, heldur er hún hugsuð fyrst og fremst sem viðurkenning fyrir sómasamlega frammistöðu undangengin ár. Eigi að síður er þess vænzt, að hluta fjárins, sem ríkin átján geta nú losað ár hvert, verði varið til uppbyggingar í heilbrigðis- og menntamálum og til að herða baráttuna gegn fátækt og afleiðingum hennar. Er hægt að hugsa sér verðugra verkefni? Kannski virkjun? Meira síðar. ■









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


TILBOÐ
20" LCD
acer
20"LCD
GLÆSILEG HÖNNUN
Vinningshafi iF Desgin 2005 verðlaunana, Acer AL2032W er tilvalinn fyrir þá sem að vilja sameina nýjustu tækni og fallega hönnun í einum pakka
FRÁBÆR SKERPA
Góð upplausn, einstök litadýpt og skýrar myndir gera þennan skjá frábæran fyrir alla myndvinnslu, tölvuleiki og kvikmyndir
TENGIMÖGULEIKAR
Þessi frábæri skjár býður uppá óvenjulegan fjölda tengi möguleika m.a. VGA, DVI, SVHS, SCART og RCA. Allir kaplar fylgja með.
VL15
• Samtals kr. 87.884
5.660
VERÐ 84.900
ACER 4101WLMi
15.4" WIDE SCREEN
acer
VL15
• Samtals kr. 139.642
8.993
1.6GHz Intel Pentium M Dothan með 2MB cache örgjörvi 512MB DDR2 533 minni 80GB harðdiskur • 15,4" XGA skjár 1280x800 DVD±RW DL skrifari • 64MB ATI Mobility Radeon X700 skjákort m/ TV-Out • Innbyggt þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g • Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 134.900
WD HARÐIR DISKAR
WD Western Digital®
SPECIAL EDITION
Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 8MB buffer
FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum
WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður
200GB | 250GB
8.990 | 11.900
VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR
XS - DRIVE II
XDRIVE II
Utanáliggjandi harður diskur og kortalesari Kjörinn fyrir ljósmyndara • Einfalt og öruggt í notkun les flestar gerðir minniskorta hleðslurafhlaða endist í allt að 1.6 klst. • Flott burðartaska fylgir
40GB | 60GB | 80GB
16.900 | 19.900 | 22.900
LOGITECH MX 518
LOGITECH MX 518 öflugasta leikjamúsin í dag! 5.8 megapixlar á sekúndu og 1600dpi upplausn. Hægt að stilla næmni músarinnar án þess að stoppa leikinn
VERÐ 5.990
SÚPERTURN 2
• 2200+ AMD Sempron
• MSI KM3M móðurborð
• 256MB DDR Corsair minni
• 80GB 7200RPM WD - 8MB
• 64MB S3 Unichrome skjákort
• Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
• 10/100 netkort, 6xUSB2
• Medium 300W turn
VERÐ 29.900
MINNISLYKLAR
SanDisk
Cruzer Micro, USB2 minnislyklar frá Sandisk, Fáanlegar stærðir 128MB, 256MB, 512MB, 1GB og 2GB • Geymir gögnin þín, tónlist, ljósmyndir og fl. • Hraðvirkur og einfaldur gagnaflutningur
256MB | 512MB | 1 GB
2.990 | 5.990 | 11.900
8X
Traxdata DVD+R 4,7GB 8x hraða, 25stk
VERÐ 3.990
Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari
VERÐ 2.990
Sennheiser HD 201, létt og þægileg heyrnatól
VERÐ 2.290
MSI PCI þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g (PC54G2)
VERÐ 2.990
MSI GeForce 6 NX6200-TD öflugt 128MB skjákort
VERÐ 9.990
XEROX
17" Xerox XL-775 LCD skjár með glerhlíf, 16ms
VERÐ 29.900
Logitech Webcam Messenger vefmyndavél
VERÐ 4.990
CORSAIR
Hágæða 512MB 400MHz DDR Corsair vinnsluminni
VERÐ 4.990
MasterCard
VISA
Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR
REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730
AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400
KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

# Góðir áhorfendur! Hátíðin er okkar allra

**UMRÆÐAN**
GRÍMAN - ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN



**VIÐAR EGGERTSSON**

Það vekur jafnan undrun og aðdáun þegar íslenskt leikhúsfólk greinir starfsbræðrum sínum í útlöndum frá leikhúsáhuga Íslendinga. Það er óþekkt annars staðar í heiminum að fleiri fari í leikhús en nemur íbúafjölda lands. En þannig er því varið á Íslandi. Við höfum um árabil getað státað af mikilli leikhúsaðsókn. Leiklist er almenningseign á Íslandi. Samspil áhorfenda og leikhúslistamanna er styrkur okkar sem höfum lagt leiklistinni til okkar starfskrafta, en þeir kæmu til lítils ef ekki væru neinir til að njóta. Og þeir eru til hér á landi – svo um munar.

Að kvöldi 16. júní ár hvert höldum við uppskeruhátíð sviðslistanna þegar Íslensku leiklistarverðlaunin, Gríman, eru afhent. Í ár verður hún haldin á stóra sviði Þjóðleikhússins og sjónvarpað um allt land. Við gerum það af því að við viljum að áhorfendur okkar geti tekið þátt í hátíðinni með okkur. Við leikhúsfólk kappkostum því að hátíðin sé einnig skemmtun fyrir landsmenn, þar sem fjöldi listamanna kemur fram okkur öllum til ánægju. Hátíðin er okkar allra. Þá eigum við stefnumót við áhorfendur, horfum til baka til þeirra stunda sem við höfum átt saman á liðnu leikári. Við fögnum öllum þeim góðu stundum og verðlaunum það sem okkur hefur fundist standa uppúr.

Í ár eru Íslensku leiklistarverðlaunin, Gríman, veitt í sautján flokkum. Leiklistarsamband Íslands, sem eru heildarsamtök sviðslistastofnana, félaga og leikhúsa, hefur veg og vanda af hátíðinni og hafa aðildarfélög og stofnanir hennar skipað fulltrúa sína í sérstaka valnefnd til að kjósa um það sem hverjum og einum hefur þótt bera af á árinu á leiklistarsviðinu. Þessi valnefnd 28 fagmanna hefur verið að störfum allt síðasta leikár og hefur haft úr vöndu að ráða við að velja úr um 800 möguleikum, ýmist einstakra listamanna eða sýninga sem voru 67 talsins. Verk af öllu tagi og bera vitni um fjölbreytileika íslensk leikhúss: Leiksýningar, óperusýningar, dansverk, barnaleikrit o.fl. Niðurstaða þessa vals eru þær 75 tilnefningar sem hafa verið kynntar í fimmtán einstökum flokkum.

Þá verða veitt sérstök áhorfendaverðlaun. Þegar hefur verið kynnt hvaða fimm sýningar síðasta leikárs hafa hlotið flest atkvæði á visir.is en síðari áfangi kosningar um Áhorfendaverðlaun Grímunnar stendur nú yfir. Það er símakosning um þessar fimm sýningar. Þar geta áhorfendur kosið þá sýningu sem þeim hefur fundist bera af. Þá mun verndari Íslensku leiklistarverðlaunanna, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, veita sérstök heiðursverðlaun Grímunnar, einstökum listamanni fyrir ævistarf hans.

Góðir áhorfendur! Við hvetjum ykkur til að eiga með okkur stund í kvöld og taka þátt í hátíðinni þegar Gríman verður afhent - ekki síst að taka þátt í kosningunni um Áhorfendaverðlaunin.

Góða skemmtun!

*Höfundur er formaður Leiklistarsambands Íslands*

# *Gleymum ekki pabba*

**BORGÞÓR ÁSGEIRSSON**
SKRIFAR UM FEÐRADAGINN

Bræðrafélagið VKB var stofnað árið 1998 í Vestmannaeyjum. Frá stofnun félagsins hefur meðlimum þess fjölgað ört og hafa markmið þess einnig breyst örlítið. Nú eru 25 virkir meðlimir í félaginu, sem eiga það sameiginlegt að hafa gaman af því að skemmta sér í góðra vina hópi auk þess að starfa í þágu hagsmuna karlmanna.

VKB telur að vegið sé að hagsmunum karlmanna í samfélaginu í dag. Því var eitt þeirra markmiða sem við settum okkur að vinna að hagsmunum karlmanna og teljum við okkur þannig vinna þarft verk í þágu þeirra á Íslandi. Þegar einn meðlimur VKB varð faðir fyrir rúmu ári síðan kom það til tals að ekki væri til neinn feðradagur á Íslandi. Þetta þykir okkur í VKB mjög miður því eins og segir í fjórða boðorðinu, þá skal heiðra föður sinn og móður. Því viljum við skora á fólk að halda heiðri feðra á Íslandi á lofti með því að tileinka þeim dag á íslenska almanakinu.

Feðradagurinn er haldinn hátíðlegur víða um heim. Talið er að fyrst hafi verið haldið upp á feðradag í Bandaríkjunum í kringum 1908 eða 1909. Forseti Bandaríkjanna viðurkenndi svo feðradag sem sérstakan tyllidag nokkrum árum seinna og að dagurinn skyldi vera haldinn þriðja sunnudag í júní ár hvert. Flestar þær þjóðir sem hafa tekið upp feðradaginn eftir Bandaríkjunum hafa einnig notast við þessa dagsetningu. Við Íslendingar ættum að halda upp á feðradaginn í ár og væri vel til fundið að gera það nk. sunnudag, 19. júní, því hann er einmitt þriðji sunnudagurinn í júní. Við í VKB skorum því á forseta Íslands og þingmenn að viðurkenna bæði feðradag og mæðradag sem tyllidaga á íslensku almanaki. Einnig hvetjum við alla Íslendinga til þess að taka af skarið og halda upp á feðradaginn næstkomandi sunnudag og fara með pabba í ísbúðina, bjóða honum út að borða, gefa honum golfkylfu, hamar eða jafnvel uppþvottahanska.

Það er aldrei til nóg af dögum sem við tileinkum því fólki sem eru stærstu fyrirmyndirnar í lífi okkar. Hvort sem það er pabbi eða mamma, þá eiga þau bæði skilið sinn dag sem þau eiga alveg út af fyrir sig og njóta sérstakrar meðferðar.

*Höfundur er félagsmálaráðherra VKB.*




# Reiknikúnstir

**EINAR JÚLÍUSSON**
SKRIFAR UM HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN OG ÞORSKSTOFNINN

Hafrannsóknastofnunin hefur nú reiknað út þorskstofninn í ár. Þó ég hafi bent henni á fyrir aldarfjórðungi að stofnreikningarnir væru rangir og raunverulegur stofn lítið meira en helmingur af því sem Hafró og Alþjóða Hafrannsóknarráðið ICES reikna, lætur hún lítinn bilbug á sér finna en er þó farin að kalla stofnstærð sína bara viðmiðunarstofn.

Hvernig Hafró reiknar út sinn „viðmiðunarstofn“ getur hún sjálf útskýrt, en rétta stofnstærðin finnst sem Afli/Sókn. Nánara tilgreint má nálgast hana með því að deila fiskveiðidánarstuðli hvers aldurshóps í aflann, margfalda með meðalþyngd aldurshópsins í stofni og leggja saman frá 4 ára aldri. Þetta finnst manni að fiskifræðingar ættu að vita en það þýðir nú lítið að útskýra það fyrir þeim.

Samkvæmt skýrslu Hafró (sjá hafro.is) var sóknin 2004 í alla aldurshópa nákvæmlega sú sama og sóknin árið 2003. Hvaða líkur eru á því að fá slíka útkomu út úr reikningum? Þær eru alls engar.

Það er alls ekki niðurstaða, heldur forsenda Hafró að sóknin á síðasta ári hafi verið sú sama og sóknin árið áður. Forsendan er í sjálfu sér ekkert alvitlaus. Ef Hafró hefði hvorki stofnmælingu né veiðidagbækur til að reikna afla á sóknareiningu væri sennilega best að gera aldurs aflagreininguna út frá þeirri forsendu að sóknin hefði ekkert breyst. En samkvæmt stofnmælingunni var sóknin mun meiri 2004 en 2003 í alla aldurshópa. Sérstaklega þá eldri svo hún sýndi líka breytt sóknarmynstur. Kannski finnst Hafró að stofnmælingin og dagbækur flotans sé of ónákvæm til að byggja á þeim og betra að halda sér við forsenduna um óbreytta sókn eða a.m.k. óbreytt sóknarmynstur.

En Hafró getur þá auðvitað ekki fullyrt að sóknin hafi ekkert breyst. Né heldur getur hún fullyrt að stofninn 2004 hafi verið tíu prósent stærri en stofninn 2003. Sé reiknað með óbreyttri sókn leiðir tíu prósent stofnstækkun einfaldlega af tíu prósent aflaaukningu. Hafró er sífellt að spá minnkandi sókn, en vanmetur alltaf sókn ársins. Í fyrra spáði hún að sóknin 2004 yrði fimmtán prósentum minni en sóknin 2003 en nú reiknar hún sem sagt með óbreyttri sókn, en spáir því að sóknin 2005 verði hins vegar fimmtán prósentum minni. Hvort sem það gengur eftir eða ekki verður raunveruleg stærð þorskstofnsins 2005 til 2006 ekki meira en 450 þúsund tonn. 198 þúsund tonna afli úr svo litlum stofni er ofveiði sem leiðir væntanlega til þess að sóknin minnkar ekkert eins og Hafró reiknar nú með.

Hver er annars aflamarkstillaga Hafró? ICES hlýtur að hafa

> *„...fiskifræðingar eru ekkert sérlega hrifnir af þeirri kenningu minni að skilningsleysi og rangir reikningar þeirra séu ástæður fyrir hruni fiskistofna um víða veröld.“*

ráðlagt minna en það er erfitt að lesa annað út úr skýrslu Hafró en 198 þúsund tonn. Björn Ævar Steinarsson sagði þó í hádegisfréttum RÚV 7. júni að einhver misskilningur ríkti um ráðgjöf stofnunarinnar. Ef 25 prósent aflareglan gilti væri niðurstaðan 198 þúsund tonn sem væri minnkun um sjö þúsund tonn en Hafró legði til 20 prósent reglu og það þýddi 180 þúsund tonn sem væri minnkun um fimmtán þúsund tonn. Ja hérna! Björn verður sjálfur að útskýra hvernig 20 prósent geta verið 180 ef 25 prósent eru 198. Eða þá hvernig 180 getur verið minnkun um 15 ef 198 er minnkun um sjö. Ekki kann ég svona reiknikúnstir.

Þorskstofninn kemur mér víst ekkert við. Ég sótti samt um 200 þúsund króna styrk frá rannsóknarsjóði H.A. til að birta í apríl eða maí aldursaflagreiningu fyrir þorskinn. Bað ég Hafró um aflatölurnar og Sjávarútvegsráðuneytið um að ýta á að Hafró skaffaði mér þær eins og ég hef gert undanfarin ár án nokkurs árangurs. Nú ég fékk sömu neitun um smástyrk til rannsókna á þorskstofninum og hruni fiskistofna almennt og ég hef alltaf fengið og Hafró og ráðuneytið virtu mig ekki svars.

Þótt ég hafi ýmislegt annað við eigin peninga að gera hef ég samt hugsað mér að sýna reikninga fyrir íslenska og færeyska þorskstofninn á haustfundi ICES. Alveg óvíst er samt að ég fái það, fiskifræðingar eru ekkert sérlega hrifnir af þeirri kenningu minni að skilningsleysi og rangir reikningar þeirra séu ástæður fyrir hruni fiskistofna um víða veröld.

*Höfundur er eðlisfræðingur.*



# Helgarsprengja

## Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, Kringlu og Akureyri



6.990

## United borðviftur

Glæsilegar borðviftur með hraðastillingum. Hægt að stilla halla á haus. Snúast til beggja hliða.
23cm 1.999kr
30cm 2.499kr
40cm 2.999kr



## Dantax kæliskápur

Mini Kælir/Hitari • 12 lítra • 1 hilla • Kælir 20-25° neðar en umhverfishita • Ljós sem sýnir hvort hann er að hita eða kæla Handfang • 12 og 220V • 12V kapall fylgir
Litur: Silfur

### Olympus C170 myndavél

12.990
fullt verð 14.990-

**Digital myndavél með 4 milljóna punkta upplausn**
4 megapixel
4x digital zoom
Linsa: 6.11mm
1,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða hreyfimyndataka
Þrjár myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
14mb innra minni
Rauf fyrir xD kort
Hugbúnaður fylgir



### Olympus C480Z myndavél

19.990

**Digital myndavél með 4 milljóna punkta upplausn**
4 megapixel
3x optical og 4x digital zoom
Linsa: 6.3-18,9mm
1,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða hreyfimyndataka
Þrjár myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
14mb innra minni
Rauf fyrir xD kort
Hugbúnaður fylgir



### Olympus MJU500 myndavél

29.990
fullt verð 34.990-

**Digital myndavél með 5 milljóna punkta upplausn**
5 megapixel
3x optical zoom og 4x digital zoom
Linsa: 5.8 - 17.4mm
2,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
Sex myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
32mb xD kort fylgir
Hugbúnaður fylgir



9.990



### United MP3 spilari

**MP3 spilari í lyklakippustærð!**
Innbyggt 256mb minni, FM útvarp, Diktafónn, LCD skjár með baklýsingu, hægt að vista tölvugögn eða MP3 lög.
USB tengi fyrir gagnaflutning.
Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu. Heyrnartól og rafhlöður fylgja.



4.990

### Minniskubbur
**xD 256MB**



3.490

### Minniskubbur
**SecureDigital 256Mb**



2.990

### Minniskubbur
**CompactFlash 256Mb**

Gildir til 20. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.067 **+0,16%**

**Fjöldi viðskipta:** 296
**Velta:** 1.350 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Hampiðjan** | +5,97% | **Vinnslustöðin** | -2,50% |
| **Bakkavör** | +3,65% | **FL Group** | -2,49% |
| **Össur** | +2,58% | **Flaga** | -2,17% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,60 +0,50% ... Atorka 5,90 – ... Bakkavör 36,90 +3,70% ... Burðarás 14,60 – ... FL Group 16,10 -2,50% ... Flaga 4,50 -2,20% ... Íslandsbanki 13,40 -1,10% ... KB banki 531 +0,60 ... Kögun 59,50 -0,80% ... Landsbankinn 16,40 -0,60% ... Marel 56,20 – ... Og fjarskipti 3,92 -0,80% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 12,10 -1,20% ... Össur 79,50 +2,60

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

**Ólafur sækir fram...**
Eftir kaup eignarhaldsfélagsins Kjalars á tæpum fjórðungshlut í Eglu er Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa, orðinn mjög umsvifamikill í KB banka en Kjalar er alfarið í eigu Ólafs og fjölskyldu hans. Kjalar keypti hlutinn af þýska bankanum Hauck & Aufhäuser fyrir 5,5 milljarða króna. Ólafur fór fyrir S-hópnum, sem eignaðist um 45 prósenta hlut í Búnaðarbankanum í byrjun árs 2003. Í hópnum voru VÍS, Samvinnutryggingar og Samvinnulífeyrissjóðurinn, auk Eglu. Leið Ólafs að KB banka liggur einnig í gegnum Ker, sem er stærsti hluthafinn í Eglu. Þar á Ólafur um helmingshlut. Egla á um tíu prósenta hlut í KB banka og er markaðsvirði hlutabréfanna um 35 milljarðar króna. Með því að reikna út hlutdeild Kers og Kjalars í hlutabréfum Eglu í KB banka fæst að óbeinn eignarhlutur Ólafs í stærsta banka landsins er um það bil 23 milljarðar króna.



**... en Bakkabræður hafa forskot**
Bakkabræður, Ágúst og Lýður Guðmundssynir, eru einnig gríðarlega stórir hluthafar í KB banka í gegnum stærsta hluthafann, Exista fjárfestingafélag, sem áður hét Meiður. Þeir eiga líklega um 59 prósent í Exista á móti KB banka og nokkrum sparisjóðum. Sautján prósenta hlutur Exista í KB banka er um sextíu milljarða virði. Óbeinn hlutur Bakkabræðra í KB banka nemur því um 35 milljörðum króna. Ólaf vantar því tólf milljarða til að ná Bakkabræðrum.

## Fyrsta erlenda félagið komið

Atlantic Petroleoum var skráð í Kauphöllina í gær og var það fyrsta erlenda félagið sem er skráð þar. Viðskipti fóru ágætlega af stað og um miðjan dag í gær höfðu fjögur viðskipti átt sér stað fyrir rúma eina milljón króna. Gengi bréfa í félaginu var í byrjun dags 341 króna á hlut en var komið í 380 krónur á hlut. Markaðsvirði félagsins er um þrír milljarðar króna. - dh



**FRÁ FÆREYJUM** Fylgst með fyrstu viðskiptunum með bréf Atlantic Petroleum.

# Skaðabætur vegna Enron-hneykslisins

**J.P Morgan Chase og Citigroup fallast á kröfur fjárfesta.**

J.P. Morgan Chase ætlar að borga 2,2 milljarða Bandaríkjadala, rúma 140 milljarða króna, til fjárfesta í Enron sem sökuðu bankann um þátttöku í bókhaldssvikunum sem leiddu til gjaldþrots Enron. Skömmu áður hafði Citigroup fallist á skaðabætur fyrir tvo milljarða Bandaríkjadala, rúma 130 milljarða króna.

Í frétt New York Times segir að einum kafla sé lokið við sættir við stærstu lánveitendur Enron. Aðrir fjárfestingarbankar á borð við Merrill Lynch og Credit Suisse First Boston eiga enn yfir höfði sér skaðabótakröfur af hálfu fjárfesta.

- dh







# Samþykktu tilboð KB banka

**Eigendur rúmlega sextíu prósenta hlutafjár í breska bankanum Singer&Friedlander hafa samþykkt að selja KB banka hlut sinn. Þeirra á meðal er Burðarás.**

Tilkynnt var í gær að KB banki hefði náð takmarki sínu að kaupa 75 prósent af hlutafé í breska bankanum Singer&Friedlander, sem ekki væri þegar í þeirra eigu. Nánar tiltekið vildu eigendur 75,1 prósent hlutafjár selja KB banka hlut sinn. Þeirra á meðal er Burðarás, sem átti um 9,4 prósenta hlut. Fyrir hann fær Burðarás rúma sex milljarða króna.

Markmiðið náðist eftir að frestur til hluthafa, til að samþykkja kauptilboð KB banka, var framlengt um fjórtán daga. Ræður KB banki því yfir tæpum 80 prósentum af öllu útgefnu hlutafé Singer&Fridlander. Fyrir átti KB banki um 19,5 prósent í þeim breska.

Eftir að fyrri frestur rann út höfðu hluthafar fyrir rúm 69 prósent hlutafjár samþykkt tilboðið. Kom það Tony Shearer, forstjóra Singer&Friedlander, ekki á óvart þar sem yfirtökuferlið í Bretlandi væri yfirleitt óskilvirkt. Oft þyrfti að framlengja tilboðsfrestinn og gefa hluthöfum lengri tíma til að senda samþykki sitt.

Nú þarf KB banki að bíða eftir samþykki fjármálaeftirlitsins í Bretlandi, á eyjunni Mön þar sem S&F hefur starfstöð og á Íslandi fyrir kaupunum. Tony Shearer áætlaði að það gæti tekið allt að níutíu daga.

Gengi á Singer&Friedlander í bresku kauphöllinni í gærdag var það sama og kauptilboð KB banka hljóðaði upp á, 316 pens. Miðað við það er markaðsverðmæti breska bankans 547 milljónir punda, um 65 milljarðar króna. KB staðgreiðir fyrir hlutina.

Hluthafar í Singer&Friedlander hafa enn tækifæri til að selja hlut sinn KB banka samkvæmt tilboðinu.

bjorgvin@frettabladid.is



**TONY SHEARER** Forstjóri Singer&Friedlander fær nú nýja herra inn í stjórnarherbergið.

# Íslendingar í Marks og Spencer

**Samkvæmt Guardian hyggjast íslenskir fjárfestar festa kaup á rúmlega þriggja prósenta hlut í Marks & Spencer. Ekki kemur fram í frétt blaðsins hverja um ræðir en nöfn Baugs og Bakkavarar hafa heyrst nefnd.**

Íslenskir fjárfestar hafa undanfarið sankað að sér hlutabréfum í bresku verslunarkeðjunni Marks & Spencer, segir í breska dagblaðinu The Guardian. Hyggjast fjárfestarnir tilkynna á næstu dögum um kaup á rúmlega þriggja prósenta hlut í fyrirtækinu á tæpa 20 milljarða króna.

Ekki kemur fram í frétt blaðsins hverjir umræddir fjárfestar eru en nöfn Baugs, KB banka og Landsbankans eru nefnd í því samhengi.

Vitað er til þess að Baugur hefur verið virkur í kaupum á hlutum í fyrirtækjum í smásölu. Einnig hefur nafn Bakkavarar heyrst, en líkt og Bakkavör sérhæfir matvöruverslun Marks & Spencer sig í tilbúnum matvælum.

Verð á hlutabréfum í Marks & Spencer hækkaði í kjölfar fréttanna úr tæpum sex pensum í 349. Verð á hlut hefur ekki verið hærra í fyrirtækinu síðan í lok apríl.

Rekstur Marks & Spencer hefur gengið brösulega undanfarið en nýverið tók Stuart Rose við starfi framkvæmdastjóra og hefur hann heitið því að snúa rekstrinum við. Fyrir ári bauð fjárfestingafélag Phillips Green 400 pens fyrir hvern hlut í Marks & Spencer, en verð hefur hríðlækkað síðan þá.

Ráðgjafafyrirtækið Seymour Pierce varaði fjárfesta við því í gær að enginn fótur kunni að vera fyrir þessum fregnum og efast um að af kaupunum verði.

-jsk




**VERSLUN MARKS & SPENCER** Breskir fjölmiðlar greina frá því að íslenskir fjárfestar muni á næstu dögum tilkynna um kaup á þriggja prósenta hlut í fyrirtækinu.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 2.56 | 13.28 | 24.02 |
| AKUREYRI | 1.37 | 13.13 | 24.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heimili o.fl.

Ítalskur húsbúnaður úr plasti og postulíni

BLS. 10



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*

**Í dag er fimmtudagur 16. júní, 167. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 12*

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Egill nýtur þess að vera í kvartbuxum í sólinni.

# Kvartbuxur það heitasta í sumar

***Egill „Gillzenegger“ Einarsson, einkaþjálfari og meðlimur í kallarnir.is, er afskaplega hrifinn af kvartbuxum og er búinn að kaupa sér ökklasokka til að fullkomna heildarlúkkið.***

„Það er sumar, sjáðu til, og ég er rosalega hrifinn af kvartbuxunum, sem eru það heitasta í sumartískunni núna. Ég keypti einar kvartbuxur um daginn og þær eru í algjöru uppáhaldi hjá mér. Það eru Levi's-gallakvartbuxur,“ segir Egill.

Egill lætur ekki eitt par af kvartbuxum duga enda verður hann að eiga eitthvað til skiptanna. „Ég sé fleiri og fleiri stráka í kvartbuxum og held að þeir fíli þetta. Auðvitað finnst mörgum þetta stelpulegt en það verður að hafa það. Mér finnst þetta ljómandi,“ segir Egill, en þeir hjá kallarnir.is tolla alltaf í tískunni því þar er tískulögga innanborðs. „Ég reyni að fylgjast með tískunni en síðan sér tískulöggan okkar, hann Snorri, til þess að við kallarnir.is séum flottir. Snorri er verslunarstjóri í Zöru og veit hvað hann syngur. Við erum misjafnlega gáfaðir í þessum málum en Snorri passar að við tökum ekki hræðilegar ákvarðanir þegar kemur að tísku.“ Egill fékk einmitt góð ráð í sambandi við kvartbuxurnar. „Ég er alltaf í ökklasokkum við buxurnar sem er frekar hommalegt en það skapar flott heildarlúkk. Ég var í venjulegum sokkum um daginn og þá tók Snorri mig á teppið og bað mig að gjöra svo vel að kaupa ökklasokka. Ég vissi ekki einu sinni að svoleiðis sokkar væru til en núna er ég alltaf í þeim.“

*lilja@frettabladid.is*

# Próf áður en stigið er á pallana

***Kínverskar fyrirsætur þurfa að taka tískusýningarpróf áður en þær ráða sig til starfa.***



MYND/AP

Þessar fyrirsætur eru væntanlega með próf upp á vasann um að þær kunni rétta göngulagið.

Nú er ekki lengur leikur einn fyrir fyrirsætur að ganga á tískupöllum – alla vega ekki í Kína. Nýtt skoðunarkerfi hefur verið kynnt í höfuðborg Guangdonghéraðs sem miðar að því að koma skipulagi á fyrirsætumarkaðinn.

Einungis fyrirsætur sem hafa staðist tvær prófanir og fengið tvö skírteini mega ganga á tískupöllum og sýna föt á tískusýningum. Þessar prófanir koma í kjölfar kvartanna frá fyrirtækjum í landinu að sumar fyrirsætur sem ráðnar séu geti ekki gengið almennilega á pallinum og auk þess heimti þær of há laun.

Skírteinin sem fyrirsæturnar þurfa að ná sér í eru hæfniskírteini og frammistöðuskírteini en bæði skírteinin endurskoðuð árlega. ■

# LIGGUR Í LOFTINU

## *í tísku*



**Ástralska** ofurfyrirsætan Elle McPherson mun setja nýja snyrtivörulínu á markað í september sem heitir eftir gælunafni hennar, The Body, eða líkaminn. Í línunni verða einnig húðvörur en undirfatalína Elle hefur notið mikilla vinsælda. Elle fékk einmitt verðlaun á Glamour Women of the Year verðlaunahátíðinni sem athafnakona ársins fyrir undirfatalínuna.

**Nýi, heiti** skartgripahönnuðurinn vestanhafs er Vinnie Day. Hann er fæddur og uppalinn í Kenýa í Afríku og hannar fíngerð armbönd með dýrmætum steinum, eyrnalokka og hálsmen. Meðal þeirra sem elska vörur Vinnie er tískutáknið og leikkonan Sienna Miller og fatahönnuðurinn Matthew Williamson en hönnuðurinn sækir innblástur sinn til heimalandsins og Indlands. Hægt er að kíkja á skartið á vefsíðunni vinnieday.com.

**Kvikmyndin** Spice World frá árinu 1997 hefur verið valin hallærislegasta kvikmynd allra tíma í könnun á Amazon.co.uk. Í öðru sæti var Sound of Music, Annie er í því þriðja, Bambi í fjórða og Super Mario Bros í fimmta sæti. Barb Wire tók það sjötta, Thunderbirds sjöunda, Titanic áttunda, Hellboy níunda og Gigli er í tíunda sætinu.

**Fyrirsætan** Tyson Beckford, sem þekktastur er fyrir stinna og flotta magavöðva og að vinna fyrir Ralph Lauren, missti stjórn á bíl sínum í New Jersey nýverið og klessti á staur. Það kviknaði strax í bílnum hans, af gerðinni Dodge Ram, Beckford náði að koma sér út áður en bíllinn varð alelda. Hann fékk sár á höfuðið og nokkrar skrámur og var fljótlega útskrifaður af sjúkrahúsinu í New Jersey og sem betur fer reyndust meiðsl hans ekki alvarleg.



*tiska@frettabladid.is*



**Varir**
Í sumar eiga varirnar að vera frísklegar, glansandi og náttúrulegar. Varasalvinn eða glossið ætti aldrei að vera langt undan til að halda þeim rökum og flottum.



















„Indíánadressið“ er ekki síður fallegt að aftan.



Sparilegur bolur fyrir sumarið. 6.900 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ/BIRKIR B.

Kristín í bláu „indíánadressi“ úr efni sem hún litaði sjálf. Þetta er ekki kjóll heldur pils og bolur sem hægt er að nota saman eða sitt í hvoru lagi.

Fleginn rauður bolur sem er opinn í bakið. Bolir með þessu sniði hafa verið vinsælir hjá Kristínu.

# Hver einasta flík er einstök

*Kristín Kristjánsdóttir hefur hannað föt frá því hún man eftir sér. Nú hannar hún og selur eigin hönnun undir merkinu RYK.*

„Nafnið RYK varð til þegar ég var 14 ára. Þegar ég fór að hanna og selja fyrir alvöru í fyrra kom eiginlega ekkert annað nafn til greina,“ segir Kristín, sem hefur varla undan að sauma og ver mörgum klukkutímum á dag við saumavélina. Kristín saumar öll fötin sjálf og eftirspurnin er mikil. „Ég legg mikið upp úr því að hver og ein flík sé einstök og geri aldrei tvær nákvæmlega eins flíkur. Stundum er ég beðin um það en þá reyni ég að breyta einhverju svo þær séu ekki alveg eins.“

Kristín hefur lokið fyrsta ári af fjórum í kjólaklæðskeranámi við Iðnskólann í Reykjavík og segir námið nýtast vel fyrir fatahönnun. „Það er mjög mikilvægt að læra allan saumaskapinn því þá veit maður hvernig á að sauma fötin og fer ekki að teikna eitthvað sem er ómögulegt að sauma,“ segir Kristín.

Kristín er í alls konar saumaskap og hefur meðal annars saumað nokkra kjóla fyrir fegurðarsamkeppnir. Mest saumar hún þó af bolum og pilsum sem finna má í alls konar útgáfum. „Ég nota aðallega teygjanlegt efni og vinn líka mikið úr blúndu, tjulli og alls konar skrauti. Þar sem markaðurinn á Íslandi er lítill er ekki mikið úrval af efnum hér og það er dálítið erfitt að finna flott efni. Þess vegna byrjaði ég að lita efni sjálf og sauma ansi mikið úr því. Svo er alltaf gott að kaupa efni erlendis, ég er t.d. á leið til London á næstunni og ætla að finna einhver falleg efni þar,“ segir Kristín.

RYK-fötin eru til sölu í versluninni Sirku í Skipagötu á Akureyri og þar er einnig hægt að hafa samband við Kristínu og leggja inn pöntun fyrir sérsaumaða og einstaka flík.

*thorgunnur@frettabladid.is*



Fallegur bolur úr grænu efni og svartri blúndu (t.v.). 6.900 kr.
Sumarlegur blár bolur úr efni sem Kristín litaði sjálf (t.h.) 6.900 kr.












FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Moskus- og ávaxtailmur

NÝTT ILMVATN FRÁ GUCCI.

Frá Gucci er kominn ilmurinn Gucci Envy me. Ilmvatnið er ljúft og glasið einstaklega fágað og flott í anda Gucci. Ilmurinn er blómkenndur moskus- og ávaxtailmur, afskaplega fágaður og ljúfur og lætur ekki mikið fyrir sér fara þótt hann sé afar góður. Bæði er hægt að fá ilmvatnið í þrjátíu og fimmtíu millilítra glasi og sem „body lotion“ með sama ilmi.



## Sexí og ögrandi

KRYDD OG ILMUR AF TRJÁM Í NÝJUM RAKSPÍRA.

Nýi rakspírinn frá Baldessarini ber nafn með rentu, eða Del Mar, sem þýðir frá eða af hafinu enda minnir rakspírinn óneitanlega mikið á ferskt sjávarloftið. Rakspírinn er sexí og ögrandi og maður getur vel ímyndað sér að kyntröll eins og George Clooney úði smá á sig á morgnana fyrir annasaman vinnudag. Rakspírinn er blanda af kryddi og trjáilmi og er seldur í afskaplega karlmannlegu og töff glasi.



## Sólgult og sumarlegt

KENZO SENDIR FRÁ SÉR SÆTAN OG HLÝJAN ILM.

Ilmvatnið Summer er nýr og ferskur ilmur frá Kenzo. Glasið er í hvítum kassa með gulu blómi og glasið sjálft er ljósgult í anda sólar og sumars. Ilmurinn er léttur og sumarlegur og mætti ímynda sér að maður þefi af blómi en ekki af ilmvatni í glasi. Ilmurinn er líka sætur og hlýr og afskaplega endurnærandi.





Ekki láta appelsínuhúðina í friði: raunhæfur árangur hjá 85%*

PERFECTSLIM

EFTIR 24 TÍMA
MINNI APPELSÍNUHÚÐ + STINNANDI ÁHRIF

■ PerfectSlim inniheldur niðurbrjótandi efni gegn fitu, vinnur gegn appelsínuhúð sem safnast hefur fyrir á lærum og rassi.

■ Bætt með Par-Elastyl™, sem sléttir og stinnir húðina stig af stigi.

Árangur:
Eftir 8 daga: +41% þéttari, +89% stinnari**
Eftir 15 daga: -1 cm minna ummál á lærum***

Viltu vita meira: www.lorealparis.com

BODY-EXPERTISE. ÞÍN EIGIN FEGRUNARAÐGERÐ.
ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

Apótekið · Lyfja · Hagkaup · Lyf & heilsa · Apótekarinn · Lyfjaval




L'ORÉAL PARIS



OPIÐ til kl. 21 í kvöld í Kringlunni




ALLIR BOLIR 15% AFSL.

| dömur | | | herrar | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DIESEL Daze | gallabuxur | 5.990 | DIESEL | gallabuxur | 9.990 |
| DIESEL Zink | gallabuxur | 8.990 | 4YOU | jakkar | 4.990 |
| DIESEL | toppar | 2.990 | 4YOU | skyrtur | 2.990 |
| STUDIO NY | mittisjakkar | 7.990 | DIESEL | skór | 3.990 |
| INDIA | sígaunapils | 3.990 | MISSION | leðurjakkar | 15.990 |
| MISSION | leðurjakkar | 14.990 | | | |

nýtt kortatímabil

galleri sautján

kringlunni s.568 9017 - laugavegi s.511 1718 - www.ntc.is



gs skór

KRINGLU-KAST



CAMPER
svart, offwht.,
~~9.990~~ 6.990



AGAIN & AGAIN
svart, offwht.
~~7.990~~ 2.990



DOWN TO EARTH
beis
~~3.990~~ 1.990



AGAIN & AGAIN
svart, rautt, hvítt,
~~5.990~~ 2.990



BILLI BI
svart, rautt
~~11.990~~ 4.990



AGAIN & AGAIN
svart, rautt, koníaks brúnt
~~7.990~~ 2.990



TREND
svart, brúnt, ljósir, ferskju
~~5.990~~ 2.990



SPIRAL
svart, hvítt, bleikt
~~8.990~~ 5.990



AGAIN & AGAIN
hvítt
~~5.990~~ 2.990

Allir dömu-CAMPER
- 30%

gs skór

kringlunni s.512 1760 · laugavegi s.512 1714























Bleikur og mjúkur leðurjakki á 24.000 kr.



Tvískipt rósótt pils. Undirpils og slæða sem er vafin utan yfir á 22.500 kr.



Silfursandalar á 6.400 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Boutique er falleg lítil búð á Skólavörðustígnum.

# Einstakar flíkur á einstakar konur

***Boutique Bella klæðir konur á öllum aldri. Sígildar flíkur eru í öndvegi í versluninni.***

Við Skólavörðustíginn leynist lítil verslunarperla sem heitir Boutique Bella og selur fatnað og fylgihluti fyrir konur. Lítið fer fyrir henni, en eins og taskan hennar Mary Poppins geymir hún fleiri gersemar en maður taldi að gætu þar rúmast. Verslunin, sem stofnuð var síðastliðið haust, er rekin af tveimur systrum og dóttur annarar þeirra sem er sennilega ein ástæða þess að vörurnar höfða til mjög breiðs aldurshóps og konur á öllum aldri ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Vörurnar koma flestar frá Danmörku og segjast þær stöllur vera mjög hrifnar af danskri hönnun, auk þess sem danskar fatastærðir henti íslenskum konum vel. Mikið er lagt upp úr því að hafa fatnaðinn vandaðan og öðruvísi og mikið er um fallega liti í bland við einlitar og sígildar flíkur.

Fylgihlutir eru í miklu úrvali eins og skór, töskur og belti að ónefndu fallegu skarti en við búðarkassann eru skúffurnar stútfullar af fallegu og litríku perluskarti og öðrum gersemum. Ef þetta er ekki nóg, má þarna finna hágæða pelsa frá Svíþjóð og silkimjúka leðurjakka frá Danmörku.



Zebra taska úr rúskinni, skinni og leðri á 28.900 kr.



Saga Mink pels á 338.000 kr.
Hálsmen úr ekta ferksvatnsperlum og ekta skel sem hægt er að hafa bæði sítt og þröngt upp við hálsinn á 12.000 kr.



Steinum prýddur hlírabolur á 6.900 kr.



Hlébarðabelti úr leðri og skinni á 9.800 kr.

# Hattar hefðarfólksins

***Á Royal Ascot-veðreiðunum er afskaplega gaman að fylgjast með höttum.***

Royal Ascot-veðreiðarnar í York á Englandi byrjuðu með hvelli í síðustu viku. Þetta er einn af hápunktum félagsdagskrárinnar hjá hefðarfólkinu en upphafsmaður atburðarins var Anna drottning árið 1711. Vissulega er gaman að fylgjast með veðreiðunum en enn þá skemmtilegra er að fylgjast með höttunum sem hefðarfrúrnar bera. Þær spara ekkert til þegar kemur að höttum og eru þeir líka eins fjölbreyttir og þeir eru margir. Myndirnar tala sínu máli.



Þessi litríki hattur sló öll met.



Sarah Mahmood var með ansi flottan fjaðrahatt.



Edward Claridge sparaði ekkert í þennan gula hatt.



Frábær rauður hattur!



Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Flott á ströndinni

Sumarfrí nálgast og nú fer hver að verða síðastur að ná í rétta búninginn fyrir ströndina. Baðföt eru af ýmsu tagi þetta sumar en samkvæmt tískublöðum er endurkoma bikinísins hápunktur baðfatatískunnar. Árleg sundfata-auglýsingaherferð **H&M** hefur staðið yfir og þá eru veggir metrólestapallanna veggfóðraðir með auglýsingum. Margar stórstjörnur hafa auglýst sundföt fyrir H&M svo sem Claudia Schiffer, Gisele Bundchen og Selma Hayek. Í ár er herferðin undir afrískum áhrifum enda afrísk áhrif sterk í sumartískunni.

Ef við reynum að finna nokkra flokka í baðfatatískunni þá má nefna nýja hippastílinn með **´68 mynstri** og litum, eða úr efnum sem minna á mynstraðan töskustriga. Annar með rómantískum blómum eins og reyndar í fatnaði almennt þetta sumar. Reyndar eru þessi blóm komin út fyrir öll mörk, meira að segja karlmannsskyrtur eru með heilu rósabeðunum í sumar. Síðast en ekki síst er það **„couture“ baðföt**, þau þurfa ekki endilega að vera frá fínu tískuhúsi en eru frambærileg í strandpartý eða til að bregða sér í siglingu á fínni snekkju í St. Tropez! Efnið er heldur þykkara en í öðrum og þau eru einlit frekar en með hippablómum, eins og Havana-bikiní **Hermès** á 480 evrur. Flott með smá skreytingu eins og **Swarovskisteini** eða frægu mynstri, líkt og YSL-bikiníið með munnum sem gamli **Yves Saint Laurent** tók upp úr súrrealískum málverkum Picasso 1968. Kostar 495 evrur. Svo er hægt að bregða sér í bikiní hönnuð af Evu Herzogovu eða láta gott af sér leiða og kaupa **„watheraid“** sundfötin frá H&M þar sem tíu prósent af verðinu renna í sjóð til hreinsunar neysluvatns í þróunarlöndum.

Það er eins með baðföt og með fatnað almennt að auðveldlega má flikka uppá ódýr baðföt með fylgihlutum eins og vel merkum sólgleraugum frá fínu tískuhúsi, skartgripum með afríkumynstri, flottum toppi eða strandpilsi. Svo má auðvitað gera hið gagnstæða, nota eitthvað ódýrt með fínum baðfötum.

Karlasundföt fylgja sömuleiðis tískusveiflum en fjölbreytnin er minni en hjá konunum eins og í svo mörgu, þeir eru líka miklu verri viðskiptavinir bæði í undirfötum og baðfötum. Segja má að þróun síðustu ára haldi áfram, misjafnlega síðar **„surfer“** stuttbuxur eru aðalmálið með Hawaiblómum og það nýjasta **„shorty“**, sem eru þröngar en stuttar buxur og ná aðeins rétt yfir rasskinnarnar. Hins vegar sjást **G-strengir** lítið á ströndinni þótt þeir hafi haldið innreið sína í nærfataskúffur karlmanna í stórborgum.


ERUM AÐ FLYTJA LAGERINN

LAGERSALA

Laugavegi 97

Fáránleg verð:

490,-
990,-
1490,-
1990,-

Opnunartími
fim. 17.júní 12-18
13-17
lau 12-18
sun 13-17

VERO MODA®

JACK & JONES®
www.jackjones.com

EXIT

LAGERSALA LAUGAVEGI 97,
GENGIÐ NIÐUR PORTIÐ FRÁ LAUGAVEGI

!
Talstöðin
FM 90,9



Trúlofunar hringar
Jón & Óskar
Laugavegi 61 • Sími 552 4910
www.jonogoskar.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

*Við höfum flutt*
*verslun okkar og hönnunarverkstæði ofar á Laugaveginn í rúmgott og bjart húsnæði að Laugavegi 52*
Gull & Silfur
*Sími: 552 0620*



Bikiní kúrinn




WaterDrain
vökvajafnvægi
Klórbyngd
úthreinsun
Eplaedik
eykur brennslu
jafnar blóðsykur

allir í form

Mikið úrval af yfirhöfnum
á 50% afslætti

S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16
Topp HÚSIÐ

NÝ SENDING
>leðurjakkar og textílfatnaður



mona
Laugavegi 66 • 101 Reykjavík • Sími: 552 2040 • mona@internet.is

belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Kæra bella donna
til hamingu með þjóðhátíðardaginn
17. júní og kvenréttindadaginn 19. júní.
Við tökum okkur langa helgi og höfum lokað á morgun
17. júní og á laugard. 18. júní.
Opnum eins og vanalega mánudaginn 20. júní.
Vertu þú sjálf – vertu Bella donna

GSM Skart



Fjöldi tegunda
Verð frá 599.-
4 dot....
Laugavegi 100, S. 561 9444
Hagkaupum Smáralind • Hagkaupum Kringlunni • Hagkaup Skeifunni

FM 98,9 BYLGJAN
Gleðifréttir frá Gleðistofu Íslands
Laugardaga kl. 11:30
og alla virka daga kl. 11:30, 16:30 og 21:30









Aðþrengda eiginkonan Eva Longoria með fallega handtösku og hring frá Swarovski.

Ungstirnið Mischa Barton í kristallaskreyttri peysu frá Swarovski.

Beyoncé Knowles reynir ekki að fela Swarovski-djásnið sitt.



# Stjörnurnar elska Swarovski

***Swarovski-kristallar eru það heitasta hjá stjörnunum í Hollywood þegar mikið stendur til.***

Í lok nítjándu aldar stofnaði Daniel Swarovski fyrirtæki sem átti að skera kristalla á sjálfvirkan hátt. Fyrirtækið varð fljótlega mjög farsælt og vann á fjölmörgum vettvöngum eins og framleiðslu sjónafurða, svarfefna og mölunartækja og framleiðslu skreytisteina sem búnir voru til úr kristöllum.

Hálsmen, nælur og eyrnalokkar frá Swarovski eru geysivinsæl um allan heim. Swarovski-kristalperlur eru einnig notaðar til að skreyta kjóla, skó og handtöskur. Swarovski-kristallarnir hafa komið víða við og oftsinnis sést á hátískusýningum, í James Bond-myndum, á fjölmörgum stjörnum í Hollywood og á Óskarsverðlaunahátíðinni svo fátt eitt sé nefnt.

Swarovski er talinn besti kristall í heimi af mörgum enda mjög hreinn.





Kynbomban Carmen Electra er glæsileg með Swarovski-hálsmen og handtösku.

# Peysur, slár og litríkir vettlingar

***Eftir tæp 60 ár í stórtækum rekstri er Rammagerðin enn í fullu fjöri og vöruúvalið í dag er afar fjölbreytt.***

Megináherslan er lögð á vörur fyrir erlenda ferðamenn en það er líka ýmislegt skemmtilegt á boðstólnum sem á allan hátt höfðar einnig til okkar Íslendinga. Rammagerðin, eins og nafnið bendir til, var fyrst fyrirtæki á sviði rammagerðar og innrömmunar en í gegnum árin hefur reksturinn þróast hægt en örugglega og í dag, sem fyrr segir, er meginþorri vörunnar tengdur íslenskri menningu og ætlaður útlendingum eins og ullarflíkur og ýmiss konar minjagripir.

Rammagerðin rekur nú fjórar verslanir á höfuðborgarsvæðinu og er aðalverslunin staðsett í Hafnarstræti 13. Heimasíða fyrirtækisins er líka mjög aðgengileg, www.icelandgiftstore.com og þar er hægt að nálgast allar upplýsingar um vörur og þjónustu Rammagerðarinnar í máli og myndum.



Flíspeysa kr. 9.990 66° Norður. Bleik peysa kr. 6.500 Saga, Prjónawear.

Græn slá og grifflur kr. 6.300 og kr. 2520 M-design.

Fjólublá taska kr. 6.500.



Röndótt húfa og vettlingar kr. 2.580 og kr. 1.810, Icewear.

Lopaherðaslá kr. 5.200 Handprjónað.


Smart hattur sem lítur næstum því út eins og blómabeð.


Flottur gegnsær kjóll í tískulitunum.


Með prúðuleikara á bakinu – það er ekki verra.

# Bestu nemarnir sýna hvað í þeim býr

***Á Graduate Fashion Week reyna hönnunarnemar í Bretlandi að koma sér á framfæri.***

Tískuvikan Graduate Fashion Week var haldin í liðinni viku í Battersea Park í London. Vikan er styrkt af fataframleiðandanum River Island og sýnir hún hönnun hundrað útskriftarnema í 39 bestu hönnunar- og textílskólum í Bretlandi. Sýningin er opin öllum en meðal fyrrverandi nemenda eru John Galliano og Stella McCartney, sem hafa sýnt afurðir sínar. Í vikunni leitast útskriftarnemar eftir því að fanga athygli fjölmiðla sem og tískukaupenda og hefur það oftar en ekki gengið mjög vel enda um hátískuhönnun að ræða.

Tískuvikan hefur verið haldin síðan árið 1991 og rennur allur ágóði til góðgerðarsamtaka. Sérstök River Island Gold verðlaun eru veitt í lok vikunnar en neminn sem vinnur þau fær 20.000 pund í verðlaunafé. Nánari upplýsingar um sýninguna er að finna á vefsíðunni gfw.org.uk.


Bolur fyrir tvo. Sniðugt!


Fáguð lína í svörtu og hvítu.


Speisað og töff. Gylltu skórnir fara vel við appelsínugula kjólinn.









# Ekta sumarilmur

***Fyrirsætan Cindy Crawford sendir frá sér ferskan og léttan blómailm.***




Nýjasti ilmurinn í línu Cindy Crawford fyrirsætu heitir Waterfalls en ilmvatnið ber þetta nafn því Cindy ku hrífast af ólgu fossa. Waterfalls er blóma-, ávaxta- og viðarilmsamsetning. Ilmurinn er ferskur og léttur og ekta ilmur fyrir sumarið. Glasið er ný útfærsla á sígilda Cindy Crawford glasinu með grönnum línum og neðst á glasinu fær skær, grænblár litur vatnsins að njóta sín. Ilmvatnið sjálft er í fínlegum bleikum lit en á öskjunni sjálfri er iðandi foss. Í línunni eru einnig náttúrulegur úði í 30 og 50 millilítra glasi, húðmjólk og sturtugel og lyktareyðisúði í brúsa.

# *Ferskur ilmur og án vínanda*



***Kenzo framleiðir fyrsta sumarilminn í sögu fyrirtækisins.***

Nýi sumarilmurinn Flower frá Kenzo er laus við vínanda, ferskur og léttur. Ilmurinn er ferskur blómailmur þar sem bergamot og sítrusávextir renna saman í eitt en The Bulgarian Rose og White Musk eru áberandi í lyktinni. Glasið er ílangt og fagurt og afskaplega klassískt, skreytt fallegu, rauðu blómi. Þetta er í fyrsta sinn sem Kenzo setur sumarilm á markað.




**Köld súpa**
Kaldar súpur eru frábærar á sumrin þegar heitt er úti og geta verið skemmtilegur forréttur fyrir grillmatinn. Súpan þarf að vera þykk og hana þarf að laga nokkrum stundum fyrir matmálstíma og setja í kæli.



## TUBORG GRÖN: Hálfs lítra plastflaska með skrúftappa



Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. hefur sett á markaðinn Tuborg Grön bjór í 0,5 lítra plastflösku með skrúftappa. Þessi nýjung Ölgerðarinnar hefur fengið góðar viðtökur meðal neytenda enda kemur hún sér vel jafnt í veislunni, útilegunni og annars staðar þar sem gleðin er við völd.

Tuborg Grön er bruggaður hér á landi, er 4,5% að styrkleika, bragðmildur, með fínlega sætu og mildan biturleika.

Tuborg Grön í plastflösku með skrúftappa er til sölu í Vínbúðunum Heiðrúnu og Kringlunni og kostar flaskan 179 krónur.



Svanur hefur ásamt föður sínum rekið Grillvagninn í fjórtán ár.

98,9 BYLGJAN
Hún mætir aftur næsta sunnudagsmorgun kl. 9

# Grillaði 18 fuglategundir í einu

***Feðgarnir Hafsteinn Gilsson matreiðslumeistari og Svanur Hafsteinsson hafa rekið Grillvagninn í fjórtán ár. Þeir segja grillmatseðil Íslendinga ekki hafa breyst mikið á þeim tíma en treysta sér til að grilla nánast allt.***

„Lambið er langvinsælast og þar á eftir kjúklingur og svín," segir Svanur sem finnst Íslendingar ekki mjög nýjungagjarnir í grillsiðunum, að minnsta kosti ekki ef um stórar veislur er að ræða. „Það fellur ekkert í sérstakan jarðveg ef við erum að brydda upp á nýjungum. Það er eins og ef fólk fer á góðan veitingastað þá fer það aftur og aftur til að fá sama matinn. Þá má segja að við séum með sama matseðil og við byrjuðum með."

Svanur segir þó að kjúklingur hafi nánast alveg komið í staðinn fyrir svín undanfarin þrjú ár, en naut heyri nánast til undantekninga.



Heilsteikt lambalæri í Grillvagninum kemur munnvatnskirtlunum af stað.

Hægt er að panta grillvagninn af hvaða tilefni sem er. „Við komum með allt hráefni og borðbúnað og göngum alveg frá eftir borðhaldið. Fólki finnst það greinilega mjög þægilegt."

Svanur segir það þó fara örlítið eftir eðli veislunnar hvað sé vinsælast. „Í brúðkaupum er vinsælt að heilsteikja lamb eða svín og oft er skemmtileg stemning í kringum svínið með eplið í kjaftinum sem snýst hring eftir hring. Það tekur um það bil fimm tíma að heilsteikja svín en ekki nema einn og hálfan tíma að steikja lambið."

Svanur segir að aðalgaldurinn við grillmat sé að meðhöndla hráefnið rétt. „Þeir sem panta með góðum fyrirvara fá til dæmis meiri gæði en hinir sem panta daginn áður. Það þarf að þíða kjötið rétt og krydda það með fyrirvara svo það verði fullkomið."

Svanur grillar ekki mikið fyrir fjölskylduna sína núorðið. „Þetta er eins og með málarann sem málar aldrei heima hjá sér," segir hann. Aðspurður um það óvenjulegasta sem hann hefur grillað minnist Svanur villibráðaveislu þar sem hann grillaði 18 tegundir af fugli. „Það var allt frá dúfum upp í gæsir, en það er hægt að grilla bókstaflega allt." Meðalverð á grillveislu hjá Grillvagninum er 2.500 krónur á mann.

Yggdrasill
Höfum opnað nýja og glæsilega verslun að Skólavörðustíg 16
Yggdrasill
Lífrænt ræktaðar vörur frá 1986 • S: 562 4082

PRÓFAÐU ÞAÐ FERSKASTA FRÁ SÓMA
MEIRA Á MILLI
Nýjar matarmiklar samlokur í innsigluðum umbúðum sem tryggir enn meiri ferskleika.




SÓMI
FERSKUR Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI
www.somi.is



Handhægur matur í gönguferð helgarinnar.

## Gott nesti í gönguferðina

TORTILLUR ERU LÉTTAR, GÓÐAR OG LJÚFFENGAR.

Þeim sem eru að útbúa nestið í gönguferðina eða útileguna má benda á að ágætt er að smyrja tortillas-flatbökur. Þær geymast vel í sínum umbúðum óuppteknar og eru því handhægar að taka upp hvenær sem er á leiðinni. Betra er þó að borða þær ekki alveg nýsmurðar því þær mýkjast og batna ef þær fá að draga aðeins í sig smjörið og áleggið. Ef verið er að útbúa nesti til dagsferðar er því sjálfsagt að smyrja þær að morgni og borða þær þegar líður á daginn.

# SUNRISE: Sívinsælt Chile-vín í kassa




Þegar hópur fólks er saman kominn er oft erfitt að finna vín sem fellur vel að bragðlaukum allra. Þá henta Sunrise-vínin einstaklega vel, enda eru þau einhver vinsælastu rauðvín á Íslandi, og hafa verið um langt skeið. Sunrise Cabernet Sauvignon ilmar af brómberjum, sólberjum, þurrkuðum plómum og vanillu. Það hefur góða fyllingu, langvinnt bragð og hentar með öllu kjöti, pastaréttum og eins með ostum.

Framleiðandi Sunrise, Concha y Toro, leggur mikið upp úr gæðum vína sinna, og hefur fyrirtækið því verið valið vínframleiðandi ársins 2004 í nýja heiminum af hinu virta víntímariti Wine Enthusiast Magazine. Mikil gæði fyrir lítið fé.

Verð í Vínbúðum 3.590 kr. í 3 l kössum.

## Réttu græjurnar skipta sköpum

RÉTT ÁHÖLD GERA ALLA ELDAMENNSKU ÁNÆGJULEGRI OG HIÐ SAMA GILDIR UM GRILLIÐ.

Við grillið er hitinn mikill og opinn eldur sem fólk þarf að varast með því að nota tangir og grillhanska. Áhöldin eru jafnmisjöfn og þau eru mörg en gott er að vera með áhöld sem duga vel og auðvelt er að þrífa.

Þegar búið er að grilla þarf að þrífa öll áhöldin vel með sápuvatni til þess að óhreinindin festist ekki á þeim og ágætt er að gera það um leið og grindurnar af grillinu eru þrifnar. Auk þess á ekki að skilja áhöldin eftir utandyra á grillinu þar sem veðrun getur eyðilagt þau.

Í versluninni Búsáhöldum í Kringlunni er mikið úrval af vörum fyrir eldamennskuna jafnt innan dyra sem utan. Eins og sjá má á þessum myndum er þar hægt að finna eitt og annað sem kemur sem vel við grillið.



Góð svunta er nauðsynleg við grillið. Orskov-svunta í Búsáhöldum á 1.595 kr.



Pensill með silíkonhárum til að pensla matinn á grillinu. Steel Function-silikongrillpensill í Búsáhöldum á 1.980 kr.



Grillhanskar vernda hendurnar gegn hitanum. Orskov-hanski í Búsáhöldum á 750 kr.



Grilltöng er algerlega nauðsynleg. Steel Function-grilltöng í Búsáhöldum á 1.380 kr.



Bakki til að hafa við grillið og setja matinn á. Arabia-leirbakki í Búsáhöldum á 2.220 kr.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR HANDA MINNST FJÓRUM FYRIR 1000 KR. EÐA MINNA.

### Sumarbaka með silungi og spínati

Matur sem gerður er úr afgöngum er oft á tíðum besti og vinsælasti maturinn. Þannig voru pitsur upphaflega afgangamatur og bökur líka. Það er hægt að gera bökur úr næstum því hverju sem er. Mér finnst fátt sumarlegra en hádegisverður þar sem borin er fram ljúffeng baka með brakandi salati og drykkjum sem glitra í sólskininu.

**Botninn**
125 g smjör
175 g hveiti
klípa af salti

**Fylling**
3 egg
2 msk. AB mjólk
150-200 g afgangar af grilluðum silungi (reyktur silungur getur komið í staðinn ef afgangar eru ekki til) (skorinn í bita)
2 lúkufylli af spínati (saxað í strimla)
2 graslaukar (saxaðir niður)
1 hvítlauksgeiri (rifinn)
3 sneiðar sólþurrkaðir tómatar (skornar í strimla)
10 steinlausar ólífur
100 g ostur (rifinn)



Sigtið hveiti og salt saman í skál og brytjið mjög vel kælt smjörið saman við. Notið í fyrstu gaffal við að blanda smjörinu saman við hveitið. Setið 2 msk. af köldu vatni saman við og hnoðið þar til deigið loðir vel saman. Pakkið deigið í plast og geymið 30 mín. í kæli. Fletjið deigið þá út og hyljið botn og hliðar á vel smurðu bökuformi. Pikkið botninn með gaffli og forbakið hann í ca. 5 mínútur. Brjótið eggin í skál og setjið AB-mjólkina út í. Þeytið saman með gaffli. Setjið silung, spínat, graslauk, hvítlauk og tómata saman við eggin og blandið öllu vel saman. Saltið og piprið. Setjið fyllinguna í bökuformið. Stráið ólífum yfir ásamt rifnum osti. Bakið í 200 gráðu heitum ofni í ca. 20-30 mínútur. Berið fram með fersku salati og kaldri sósu úr AB-mjólk, sítrónusafa, salti og pipar, saxaðri agúrku og kúminfræjum.


! Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30



Grilltilboð!

Esja kjötvinnsla býður **einstaklingum, starfsmannafélögum** og **fyrirtækjum** upp á gómsætan grillmat á mjög hagstæðu verði.

**Föst verðtilboð fyrir lágmark 15 manns.**

Allt meðlæti, diskar, hnífapör og glös fylgja með.

Verð frá 798 kr. á mann



ESJA Kjötvinnsla
Dugguvogi 8, 104 Reykjavík.
Sími 567 6640 Fax 567 6614
www.esja.is



Þjóðlegar nótur 17. júní



Lambahryggur er þjóðlegur, heittelskaður matur sem alltaf á við á hátíðarstundu. Þessi uppskrift gefur þér góða innsýn í hvað sítróna og rósmarín gera skemmtilegt fyrir lambakjöt.

Lambahryggur með rósmarín og sítrónu

4 rósmaríngreinar
1/2 sítróna í sneiðum
safi úr hálfri sítrónu
gróft salt
5 msk ólífuolía
6–8 svört piparkorn

Fáið lambahrygginn snyrtan og skerið grunnt beggja vegna við hryggjarsúluna. Takið rósmarínið frá greinunum saxið gróft og setjið í mortél ásamt sítrónusafanum, piparkornunum og ólífuolíunni og merjið vel. Bætið í 1 tsk af grófu salti og nuddið þessu vel á allan hrygginn. Setjið sítrónusneiðar í rifurnar meðfram hryggjarsúlunni og setjið í 180° heitan ofn í 30–35 mín. eftir smekk. Berið fram t.d. með bökuðum kartöflubátum, jógúrtsósu og góðu salati.

Bakaðir kartöflubátar:
5–700 g kartöflur
timjan
gróft salt
ólíufolía

Skerið kartöflurnar í báta með hýðinu, setjið í skál, dálítið timjan yfir, gróft salt og skvettu af ólífuolíu. Setjið kartöflurnar á ofnskúffu í 180–200° C heitan ofn og bakið í 25–30 mín.

Jógúrtsósa:
1 dós hrein jógúrt
rifinn börkur af 1/2 sítrónu
1 msk sítrónusafi
1 tsk kummin (ath. ekki kúmen)
1 tsk hunang
Hrærið vel saman.




NÝR BÆKLINGUR UPPSKRIFTIR Í NÆSTU VERSLUN

lambakjöt – léttur réttur
Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Fiton / SÍA

## Kertaskraut

Sniðugt er að taka falleg armbönd og perlufestar og setja utan um kerti. Gamlar og slitnar hálsfestar er hægt að setja í litla skál og stinga litlum tekertum á milli þeirra.







Hafðu það betra í Bear Chair



Söluaðilar The Bear Chair garðhúsgagna eru:
Lene Bjerre, Bæjarlind 6
Gróðrarstöðin Birkihlíð, Dalvegi
Ljósvakinn, Akureyri
www.feim.is



ÚTIARNAR ÚR POTTJÁRNI
Hæð 85 cm – br. 40 cm Kr. 18.500.-
Kr. 25.700.- Hæð 113 cm br. 45 cm.
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið) · Sími 567 2133 · www.arinn.is

Íslensk list er góð gjöf



galleri
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122



20% AFSLÁTTUR
ÖLL MATARSTELL
BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN



Sængurverasett í sumarlegum litum
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21, 101 Reykjavík, sími 551 4050

Kringlukast í DUKA
16.-19. júní • Mörg góð tilboð
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322




Hjónin Valgeir og Ásta Kristrún eru með vinnuaðstöðu í horninu góða. Þar hanna þau og þróa veflægt námstæki fyrir nemendur á öllum aldri.

# Eyðir miklum tíma í horninu

***Tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson á uppáhaldshorn í stofunni heima. Þetta notalega horn breyttist nýlega í sjúkrastofu fyrir eiginkonuna og vinnuaðstöðu fyrir spennandi verkefni þeirra hjóna.***

„Uppáhaldsstaðurinn minn er eitt hornið í stofunni heima. Þetta er svona lestrar- og hugleiðsluhorn þar sem maður getur setið og hugsað um leið og maður nýtur útsýnisins út um gluggann,“ segir Valgeir, sem nýlega flutti í hús á Seltjarnarnesinu. Undanfarið hefur þetta uppáhaldshorn Valgeirs fengið algjörlega nýtt hlutverk og innanhússarkitektúrinn varð að víkja fyrir hagnýtara notagildi.

„Húsmóðirin á heimilinu fótbrotnaði illa á dögunum og við hjónin sem höfum verið að vinna saman að verkefni fluttum vinnuaðstöðu okkar í hornið svo við gætum unnið heima. Nú höfum við sett upp vinnuborð á uppáhaldsstaðnum þannig að þegar maður lítur upp frá vinnunni er maður staddur á þessum notalega stað og sér út á sjóinn og upp til fjalla,“ segir Valgeir.

Verkefnið sem Valgeir og kona hans Ásta Kristrún Ragnarsdóttir námsráðgjafi vinna nú að snýr að þróun námstæki fyrir nemendur á öllum aldri. Um er að ræða veflægt námstæki sem hjálpar nemendum að þjálfa upp og viðhalda skilvirkum námsleiðum og auka þannig færni sína. „Þetta tekur allan okkar tíma og það liggur margra ára þróunarstarf að baki. Það þýddi því ekki að leggjast með tærnar upp í loft þótt frúin væri fótbrotin. Maður þarf bara síma, tölvu og nettengingu og þá er komin fín aðstaða hér heima.“

Þau hjónin eyða miklum tíma í horninu sem hefur tekið talsverðum breytingum og er ekki eins friðsælt og áður fyrr. Valgeir á þó von á því að hornið fái aftur sitt gamla hlutverk um síðir enda gott að sitja þar og góður andi í horninu.

*thorgunnur@frettabladid.is*





Keramik fyrir alla
Sumarnámskeið



Ennþá laust á vinsælu barnanámskeiðin.
Ein vika, allt innifalið kr. 8900.-
Bókið núna.
Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is


# Appelsínur gleðja augað

***Hagnýtir hlutir með appelsínumynstri færa sólina inn á heimilin.***

Appelsínumynstrið fæst bæði í hefðbundnum appelsínugulum lit og límónugrænum. Það prýðir ýmsa hluti frá Marimekko eins og hvítar könnur og glös í stíl, pottaleppa, servíettur, ofnhanska og svuntur svo og diskamottur bæði úr taui og með svokallaðri PVC-húð. Þá eru til appelsínumynstruð efni og dúkar í metratali með PVC-húð.

Í gamla daga höfðu menn kallað þá vaxdúka en slíkir dúkar koma sér frábærlega vel á matborðið því ekkert er einfaldara en að strjúka af þeim þegar tekið hefur verið af borðinu. Það sem þessir nýtísku vaxdúkar hafa fram yfir þá gömlu er að óhætt er að setja þá í þvottavélina en þó verður að sleppa því að vinda þá svo þeir krumpist ekki um of. Þá má strauja á bakhliðinni til að gera þá slétta á nýjan leik. Alla þessa sólríku hluti fundum við í Epal í Skeifunni. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sumarlegur blær eru á þessu veisluborði.

## Litlir rammar njóta sín vel

ÞAÐ ER EKKI SNIÐUGT AÐ SETJA LITLAR MYNDIR Á STÓRAN VEGG.

Litlar innrammaðar myndir njóta sín illa á stórum veggjum þar sem þær nánast hverfa. Þær ættu frekar að vera í afmörkuðu rými og tilvalið er að koma litlum myndum fyrir á vegg inn í bókahillum fyrir ofan lítinn bókastafla, eða hvar sem lítið ónýtt rými er að finna. Mörgum litlum myndum er hægt að raða þannig að á stærri vegg myndi þær eina stóra heild, og þá er fallegt að hafa alla rammana eins, eða í sama stíl.



MYND GETTY

Margir litlir myndarammar gefa herberginu líf.

# VESTURLAND OG VESTFIRÐIR

## [ sögustaðir og sagnabrot ]




*Má ekki falla í gleymsku*
**Sögumiðstöð Grundarfirði**
Bls. 6

*Heldur orðsporinu*
**Hótel Búðir**
Bls. 7

*Fjölsóttar ferðir í friðlandið*
**Vesturferðir á Ísafirði**
Bls. 8

*Eini kútterinn á Íslandi*
**Safnasvæðið á Akranesi**
Bls. 11





L.I.T.

Lögmannsstofa – fasteignasala
**Ingi Tryggvason hdl.**

Borgarbraut 61, Borgarnesi
s. 437 1700 símbréf 437 1017
netfang: lit@simnet.is - veffang: lit.is

Límtré Vírnet
ÁREIÐANLEIKI - ÞJÓNUSTA - ÁRANGUR
Borgarbraut 74 310 Borgarnes Sími 530 3400 Fax 437 1819
Reykjavík Sími 530 6000 Garðabær Sími 530 3400
www.limtrevirnet.is

**Ef trúin flytur fjöll**
**flytjum við allt annað**
RAGNAR & ÁSGEIR EHF.
STYKKISHÓLMI - GRUNDARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ
Skrifstofa er opin alla virka daga frá 8.30-12 og 13-16
sími 430-8100 / fax 430-8101



VIÐ ERUM ALLTAF NÁLÆGT
16 HÓTEL
ALLAN
HRINGINN
Verð frá aðeins
3.400 kr.
nóttin á mann
Allar nánari upplýsingar:
www.hoteledda.is
Sími 444 4000

VELKOMIN Í BORGARBYGGÐ
hjarta Vesturlands




Í Borgarbyggð er einstök náttúrufegurð og margt að sjá og upplifa. Þar drýpur sagan af hverju strái og margt er um áhugaverða staði sem gaman og fróðlegt er skoða t.d. Borg á Mýrum, Daníelslundur, Einkunnir, Grábrók, Bifröst, Glanni og Paradísarlaut.

Borgarnes er miðstöð samgangna, verslunar og þjónustu. Þar má finna verslanir, veitingastaði, hótel, söfn, gott tjaldsvæði, frábæra sundlaug og íþróttaaðstöðu svo fátt eitt sé nefnt. Rétt ofan við Borgarnes er glæsilegur 12 holu golfvöllur og góð aðstaða fyrir hestamenn.

Á Varmalandi er skemmtilegt tjaldsvæði og fín sundlaug.

Komdu í Borgarbyggð og upplifðu ævintýrið
Við erum alltaf í leiðinni ...
www.borgarfjordur.com




Hér sést Þróunin í netunum. Þau elstu eru frá 1850. „Þetta sátu karlarnir allan veturinn við að hnýta því netin urðu ónýt á hverju ári," segir Þorkell.

# Mikil saga bundin bökkum Hvítár

***Þorkell bóndi í Ferjukoti í Borgarfirði lumar á mörgum sögulegum minjum frá þeim tíma sem veiðar og útflutningur á laxi var stór atvinnuvegur á staðnum.***

Ferjukot stendur á bökkum Hvítár, rétt við hina tignarlegu brú frá 1928 sem var hluti af þjóðveginum um Vesturland þar til Borgarfjarðarbrúin kom til sögunnar. Í Ferjukoti var pósthús um árabil og ein vinsælasta vegasjoppa landsins. Gömlu húsunum sem eru frá 1880 hefur verið haldið vel við og þótt stundum hafi rétt verið stígvélafært um kjallara íbúðarhússins þegar Hvítá var í ham þá var gert heimilislegt þar aftur um leið og flóðin sjötnuðu.

Í útihúsunum eru ótal tæki og tól sem tilheyrðu veiðum og vinnslu á laxi því hann var fluttur út í stórum stíl, fyrst niðursoðinn og síðar ísaður. Þorkell kann þá sögu upp á sína tíu fingur enda tók hann þátt í ævintýrinu. „Við vorum að veiða þetta svona frá 5.500 upp í 12.000 laxa yfir sumarið í net. Það var rosaleg vinna við þetta. Til dæmis tók það þrjá menn um mánaðartíma að koma netunum niður á vorin. Að vetri voru menn dögum saman að taka ís af ánni sem geymdur var í sérstöku húsi. Hann dugði alveg fram í ágúst bæði í kassana og til að hafa undir þeim. Síðar var farið að fá ís frá Akranesi en útgerðin hélt hér áfram alveg þar til fyrir tíu árum. Þá tókum við netin upp og leigðum ána til stangveiða. Hér veiðist nefnilega ekki á stöng."

Saga Ferjukots bæði sem ferjustaðar og útgerðarstaðar nær langt aftur eins og Þorkell kann að lýsa. „Það var árið 1750 sem ferjan var flutt hingað upp eftir frá Ferjubakka. Þetta var lögferja sem kölluð var og mikil útgerð í kringum hana þó það væru kannski ekki miklir peningar því þetta var auðvitað misjafnlega fátækt fólk sem var að fara yfir. Hins vegar hafa kannski einhver hlunnindi verið hér við ána en það er þó ekki fyrr en um 1850-60 sem fer að verða einhver útgerð í kringum laxveiði hér. Afi minn flutti inn menn bæði frá Noregi og Skotlandi til að kenna mönnum að veiða."

Þorkell og fjölskylda hans fæst við hefðbundinn búskap í Ferjukoti og er líka fús til að sýna ferðamönnum staðinn þótt ekki búist hann við að verða auðugur á því. „Söfn verða aldrei nein peningamylla," segir hann. „En mig langar til að varðveita það sem hér er og gefa öðrum hlutdeild í því ef þeir hafa áhuga á sögunni. Því það er mikil saga í kringum þennan stað."

# Lengi hægt að breyta og bæta

***Á Indriðastöðum í Skorradal er boðið upp á gistingu í smáhýsum, hestaleigu, hlöðupartí, fjórhjólafeðir og fleira spennandi. Það nýjasta er klifuraðstaða utan á súrheysturninum.***

Það er líflegt á Indriðastöðum. Ilm af kleinum leggur á móti blaðamanni og gestir sem ætla að taka fjórhjólin til kostanna eru að renna í hlað. Inger húsfreyja á Indriðastöðum og ævintýrasmiðjan Eskimós hafa sameinað krafta sína í ferðaþjónustunni og útkoman er bæði hefðbundin og nýstárleg. Inger hefur búið á Indriðastöðum í 28 ár, þótt hún eigi rætur sínar í Vogum á Vatnsleysuströnd. Lengi vel bjó hún með kindur og kýr en um aldamótin ákvað hún að söðla um og fara í ferðaþjónustu. Hún byrjaði með hestaleigu og tjaldstæði og lét byggja nokkur vönduð gestahús á staðnum. „Ég get hýst 16-24 í einu," segir hún brosandi. „Húsin eru fyrir fjóra til sex gesti hvert um sig og það er heitur pottur við þau öll. Svo notum við hlöðuna fyrir hópa sem vilja koma saman. Þar er ágætis skjól fyrir veðri og vindum."

Já, hlaðan, sú leynir sannarlega á sér. Þar eru listaverk uppi um alla veggi og Ingólfur Stefánsson frá Eskimós upplýsir að þau séu afrakstur málarakeppni. „Við tökum upp á ýmsu hér," segir hann hlæjandi og nefnir drumbakast, axarkast og keppni í að rúlla heyrúllum sem dæmi. Hann segir gesti hafa farið upp í 240 manns í einu. „Þá vorum við með alls konar skrítna bændaleiki og svo grill á eftir og diskótek. Það var rosa gaman."

Klifurturninn er nýjasta uppátækið hjá Eskimós og fram undan er vinna við að leggja þrautabraut bak við hlöðuna. „Það er alltaf hægt að breyta og bæta," segir Ingólfur hress og býr sig undir að fara með hóp á fjórhjólunum upp í fjall á flottan útsýnisstað".


Ingólfur kennir gestum á hjólin og fer yfir öll öryggisatriði áður en lagt er af stað.


Ingólfur á eftirlætishund sem hér er hálflasinn í löpp en fær hlýtt klapp frá húsbónda sínum.




# heim
## sending

**Bílar Landflutninga-Samskipa eru ávallt hreinir og vel búnir til að flytja nánast hvað sem er.** Hvort sem um er að ræða stóra sendingu eða litla, létta eða þunga, getur þú treyst fagmennsku okkar og tækjabúnaði — hvert sem flytja skal!

Upplýsingar í síma

**458 8000**

og á landflutningar.is

Tökum það með trukki



Landflutningar SAMSKIP

**Heimsending í þéttbýli og í dreifbýli**

**Ekta vestfirskur harðfiskur**
*fæst í eftirfarandi verslunum:*
Fiskbúð Einars, Fiskbúðinni Ásbjörgu, Gallerí Fiskur, Fiskbúðinni Sjávargallerí, Fiskbúðinni Vegamót, Fiskbúðinni Vör, Fiskbúðinni Vík, Verslun Haraldar Júl og Samkaup.
**Harðfiskverkun Antons Proppé**
**Þingeyri, sími:691-0425**


Kjötsúpa að hætti Ensku húsanna alla daga!
ENSKU HÚSIN VIÐ LANGÁ
Hús með sögu og sál
sími: 437 1826 / 862 8946

Gallerí Tína
Steinleir og Gler
**Steinleir og Gler**
Vinnum listmuni úr Steinleir og Gleri, handmálum glös og ýmislegt fleira.
Opið virka daga: 10-12 og 15-18
Grundarfjörður
Vinnustofa og Gallerí
Nesvegur 7, Sími: 438 6911
www.galleritina.com
lina@galleritina.com GSM: 863 9004
kristin@galleritina.com GSM: 863 9007





*Glæsilegir handunnir listmunir*
- klukkur
- borðbúnaður
- styttur
- skartgripir
- Íslenskt handunnið gler og málmur
**...mikið úrval.**
**Kristý gjafavörur / Borgarnesi / Sími 437 1234.**


HJÓLHÝSI
-Í ENDALAUSU ÚRVALI
MUNSTERLAND 430 SD
21.460
pr. mán. í 84 mánuði*
*MIÐAÐ VIÐ ÚTBORGUN KR. 359.000
STAÐGREIÐSLUVERÐ 1.794.000,-
NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ FARA AÐ UNDIRBÚA GOTT FERÐASUMAR.
KOMDU OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ AF HÚSBÍLUM OG HJÓLHÝSUM HJÁ OKKUR.
VÍKUR VERK
www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720


Fréttablaðið/Ísak
Í Stykkishólmi eru mörg af eldri húsum landsins.

# Smakk beint úr sjónum

***Rekstur Sæferða í Stykkishólmi snýst fyrst og fremst um rekstur báta í Breiðafirðinum. Fyrirtækið hefur rekið Breiðafjarðarferjuna Baldur í fimm ár auk annarra bátaferða. Fyrir utan ferjuna Baldur eru Sæferðir með tvo aðra báta.***

„Sæferðir eru stofnaðar á grunni annars fyrirtækis sem stofnað var árið 1986 en Sæferðir (Seatours) voru sjálfar stofnaðar áramótin 1999-2000. Upphaflega var fyrirtækið í samstarfi með Kynnisferðum í Reykjavík, en tengingin þar á milli var mjög óhentug og því slitnaði upp úr samstarfinu," segir Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða í Stykkishólmi. Pétur er skipstjóramenntaður og hefur verið viðriðinn sjómennsku allt frá 19 ára aldri.

„Einn af bátum okkar siglir frá Stykkishólmi á eyjarnar í kring í Breiðafirðinum. Við erum með annan stóran bát í Ólafsvík sem hefur sl. sjö sumur siglt í hvalaskoðunarferðir. Til viðbótar þessu erum við einnig með minni báta fyrir sérferðir eða séróskir fólks. Alltaf er eitthvað um óskir minni hópa sem vilja gera eitthvað sérstakt og við reynum að mæta öllum þeim. Algengt er til dæmis að fólk vilji komast í sjóstöng. Við fáum annan bát á næstu dögum sem tekur 40 farþega. Á sumrin eru hér 45 starfsmenn, sem fækkar niður í 20-25 starfsmenn á veturna en á síðasta ári voru gestir okkar um 55.000 ef allar ferðir eru taldar með.

Ferðirnar út í Breiðafjarðareyjarnar taka tæplega tvo og hálfan tíma og er þar farinn ákveðinn hringur. Farið er út í Breiðafjarðareyjar, skoðað fuglalífið, saga náttúrufars í eyjunum og gamalla bújarða á eyjunum rakin. Breiðafjarðaeyjarnar skarta miklum náttúruperlum og því frá nægu að segja. Auk þess þá veiðum við skelfisk í hverri einustu ferð og gefum gestum að smakka beint upp úr sjónum. Inn í þessa ferð prjónum við stundum veisluferð þar sem bætt er við veisluhlaðborði og höfum þar upp á bjóða nokkrar útgáfur sem njóta vinsælda. Þann 17. júní stendur til að keyra alveg nýja ferð sem er hugsuð sem fjölskylduferð. Hún er aðallega hugsuð fyrir börn þó foreldrar séu með í för. Byrjað er á kynningu á fuglum og síðan veiðum við skel handa börnunum, ekki til að borða heldur skoða. Að því loknu er öllum krökkunum boðið upp á Svala og í pylsupartí og ferðinni lokinni fá krakkarnir litabók og liti með myndum af því sem fyrir auga bar í ferðinni.

Þeir sem velja sérferðir t.d. með sjóstöng, geta fengið aflann sinn matreiddan í veitingahúsinu Pakkhúsið hér við höfnina sem við rekum. Veitingahúsið sjálft er komið til ára sinna, var á árum áður notað sem pakkhús og beitningahús. Rekstur Sæferða einskorðast ekki eingöngu við sjóferðirnar og veitingahúsið, því við erum einnig hér með öfluga minjagripaverslun."


Fréttablaðið/Ísak
Pétur Ágústsson er framkvæmdastjóri Sjóferða á Stykkishólmi.

## VATN MEÐ MIKLA LÆKNINGAEIGINLEIKA

**Þegar borað var fyrir heitu vatni í nágrenni Stykkishólms duttu menn niður á prýðisvatn á Hofsstöðum í Helgasveit. Fljótlega kom í ljós að vatnið í þessari holu var með sérstaka eiginleika til lækninga á húðvandamálum og er þeim helst líkt við vatnið í Baden-Baden heilsulindunum í Þýskalandi.**

„Fljótlega eftir að þetta heilnæma vatn fannst fóru áhugamenn um heilsurækt að setja upp baðaðstöðu í fiskikörum á Hofsstöðum. Heimir Kristinsson, trillukarl hér í Stykkishólmi, sem hefur átt við húðvandamál að stríða, var einn þeirra sem notuðu vatnið og komst fljótlega að því hve góð áhrif vatnið hafði á húð hans," segir Kristín Benediktsdóttir, vaktstjóri íþróttamiðstöðvar Stykkishólms.

„Þegar sundlaug Stykkishólmsbæjar var byggð var ákveðið að hafa hér heita potta með hreinu holuvatni frá borholunni á Hofsstöðum fyrir þá sem vilja notfæra sér lækningamátt þess. Við bætum örlitlu af köldu vatni við í heitu pottana til að ná fram rétta hitastiginu en engum efnum af neinu tagi. Í þessum heitu pottum er sífelld endurnýjun vatns. Í sundlaug Stykkishólmsbæjar er að öðru leyti venjulegt vatn með klór en margir telja sig ekki fá jákvæð áhrif á húð sína ef þeir baða sig þar einnig. Því koma margir hingað í sundlaugina eingöngu til að baða sig í þessum heitu pottum og jafnvel sleppa því að fara í sturtu á eftir. Vatnið í þeim virðist róa húðina og græða sár. Það er eins og endurnýjun húðarinnar verði hraðari hjá þeim sem nota pottana. Auðvitað er bati fólks mismunandi, en þeir sem á annað borð fá bata sækja mikið í þetta heilnæma vatn. Því miður virðist sem útlendingar hafi ekki mikla hugmynd um tilvist þessa vatns, en uppi eru hugmyndir um að breyta aðstöðunni og gera hana þannig að hún sýni betur einstakan lækningamátt vatnsins. Pottarnir hjá okkur skera sig lítið sjónrænt út frá hefðbundnum heitum pottum og henta ekki nægilega vel tilefninu. Með því að koma hér upp jarðlaugum með þessu heilnæma vatni, myndi fólk frekar taka eftir þessu."


Kristín Benediktsdóttir, vaktstjóri íþróttamiðstöðvar Stykkishólms, veit um mörg dæmi þess að fólk með húðvandamál nái umtalsverðum bata.

ÍS HESTAR

info@ishestar.is
www.ishestar.is

# LIFANDI TENGSL VIÐ LANDIÐ

## GIMSTEINN NORÐURLANDS - MÝVATN

**27. JÚNÍ TIL 2. JÚLÍ - 5 DAGAR / 5 NÆTUR.** Mývatnssvæðið heillar með fjölbreyttri náttúru, jarðvarma og fuglalífi. Fylgið gömlum leiðum frá Húsavík um Laxárdal og njótið bjartra sumarnótta í fjallakyrrð Þeistareykja.

## SNÆFELLSNES MEÐ SIGRÚNU SIGURÐARD.

**4. JÚLÍ TIL 8. JÚLÍ - 5 DAGAR / 4 NÆTUR.** Skemmtileg ferð inn til fjalla og niður á Löngufjörur með hinum þekkta reiðkennara Sigrúnu Sigurðardóttur. Tilvalið að taka eigin hesta með eða nota reyndu ferðahestana á staðnum.

## LEYNDARDÓMAR AUSTURLANDS - EGILSSTAÐIR

**4. JÚLÍ TIL 10. JÚLÍ - 6 DAGAR / 6 NÆTUR.** Skoðið Eyjabakkasvæðið og Hafrahvammagljúfur. Þrátt fyrir nálægð við Kárahnjúkasvæðið njótum við óspilltrar náttúru og skoðum þessar slóðir áður en hluti þeirra fer undir vatn.

## KJÖLUR - Á SLÓÐIR FORFEÐRANNA

**17. JÚLÍ TIL 23. JÚLÍ - 6 DAGAR / 6 NÆTUR.** Hestaferð á þeim slóðum sem forfeður okkar tróðu í gegnum aldirnar þegar þeir riðu til þings. Fylgið þeirra dæmi og ferðist um hálendið eins og sönnum Íslendingi sæmir.

## LANDMANNALAUGAR

**31. JÚLÍ TIL 6. ÁGÚST - 6 DAGAR / 6 NÆTUR. Litrík fjöll, svart hraun, og Hekla gnæfir yfir. Ferðin endar í Skaftártungum þar sem grænn mosi þekur aldargamalt hraun.**









## HESTAMIÐSTÖÐ ÍSHESTA Í HAFNARFIRÐI EITTHVAÐ FYRIR ALLA, ALLA DAGA VIKUNNAR





**UPPLÝSINGAR UM FERÐIR OG VIÐBURÐI HJÁ ÍSHESTUM Í**

**SÍMA 555 7000**

BRAUTIN EHF

BÍLALEIGAN BRAUTIN EHF

*Við leigjum 5, 7 og 15 manna bíla*

Dalbraut 16 / 300 Akranes / Sími: 431-2157

JÓN og GUNNA

Austurvegi 2, Ísafirði, sími 456 3464

Í hjarta bæjarins... opið í allt sumar!

Verktakar Klöpp ehf.

Erum með allt til jarðvinnu, 2 – 16 tonna jarðvinnuvélar, Trailer og Flatvagn. og einnig kjarnabora allt að 250mm, S: 431-2529 gsm: 894-0053 fax: 431-3529 E-mail: juliuso@simnet.is

PVC Gluggar • Sólhýsi Hurðir • Svalalokanir

*Frábær lausn í bæði gamalt og nýtt*

*Hvítt - Gulleik Maghagony*



*Einbýlið, fjölbýlið, sumarhúsið eða hvar þar sem fegurð og gæði njóta sín.*

Hafðu samband og við ráðleggjum þér

GLUGGA- OG GLERHÖLLIN

Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828
Netfang: glerhollin@aknet.is • Heimasíða: www.glerhollin.is

*Einangrunargler - Öryggisgler - Speglar*

HÓTEL ÍSAFJÖRÐUR

Hótel Ísafjörður er þægilegt þriggja stjarna hótel. Aðstaða er öll eins og best verður á kosið. Öll herbergi með sturtu, sjónvarpi og öðrum þægindum.

HÓTEL EDDA - ÍSAFJÖRÐUR

Hótel Edda er tveggja stjarna hótel í Menntaskólanum á Ísafirði. Gisting í herbergjum með eða án baðs, einnig svefnpokapláss og tjaldstæði. Ríkulegur morgunverður.

Hótel Ísafjörður- þar sem þú skiptir máli

HÓTEL Ísafjörður



Silfurtorg 2
400 Ísafjörður
Sími: 456 4111
Fax: 456 4767
www.hotelisafjordur.is
netfang: info@hotelisafjordur.is



Fréttablaðið/Ísak

Ingi Hans Jónsson gerir að lítilli bátavél á Sögusafninu í menningarmiðstöðinni á Grundarfirði.

# Má ekki falla í gleymsku

***Nokkrir áhugamenn á Grundarfirði tóku sig saman fyrir þremur árum síðan og keyptu hús til að byggja Sögumiðstöð á Grundarfirði. Þar var áður verslunarfélagið Grund og þá langaði til þess að auka fjölbreytni í menningu og ferðaþjónustu á Grundarfirði.***

„Það var ekki létt að útfæra hugmyndir okkar í húsinu sem við keyptum en við duttum niður á aðferð sem ég held að sé góð. Það sem ekki er hægt að sníkja verður að stela," segir Ingi Hans Jónsson, framkvæmdastjóri sögumiðstöðvar á Grundarfirði.

„Menningarmiðstöðin á Grundarfirði hefur verið tekin í notkun í áföngum. Fyrir þremur árum síðan var opnuð sýning til minningar um Bæring Cecilsson ljósmyndara. Þar eru varðveittar við fyrir Grundarfjarðarbæ um 100.000 ljósmyndir eftir þennan merka mann og töluvert magn af kvikmynda- og myndbandaspólum. Á þeirri sýningu eru sýndar myndir af gamla samfélaginu hérna og við eigum ljósmyndir nánast frá upphafi byggðarinnar á Grundarfirði. Í fyrra var gestastofa tekin í notkun í húsinu þar sem er opið anddyri fyrir gesti sem geta komist í síma eða á netið til að afla sér upplýsinga. Hér geta þeir einnig keypt myndir eða minjagripi frá staðnum. Undanfarið ár hef ég byggt upp sýningarsal hér í húsnæðinu og tók þá ákvörðun, til að gera ekki eins og allir hinir, að sýna hér gripi sem voru í notkun á fyrri hluta síðustu aldar. Hér getur til dæmis að líta bátavél sem kom hingað 1902 sem sett var í vélbát sem byggður var 1913. Það er þrennt í sögu þessarar þjóðar sem hefur meiri áhrif en annað. Það er bárujárnið, gúmmístígvélin og bátavélin. Ég er búinn að byggja hérna lítið bárujárnsklætt heimili sem var týpískt heimili eins og algengt var víða um land. Húsið er byggt með fyrirmynd af bænum að Garðsenda en sá bær er 3,5 sinnum 7 metrar að stærð. Vona ég að bærinn sýni hvernig líf alþýðunnar í landinu var á fyrri hluta síðustu aldar. Þó má til dæmis geta þess, að Garðsendabærinn fór ekki í eyði fyrr en árið 1980. Eins og menn hafa tekið eftir hefur töluvert verið gert upp af húsum hérlendis, þá helst af húsum heldri manna. Minna hefur farið fyrir endurgerð húsa alþýðufólks, þó að Árbæjarsafnið sé þar nokkur undantekning. Fólk sem nú er komið á efri ár, upplifði veruleikann í smáu og þröngu húsnæði og þekkir þessar aðstæður sem mega ekki falla í gleymsku. Hinn 17. júní er áformað að opna þetta safn og á það hef ég safnað að mér margvíslegum hlutum frá frumbyggjum þessa byggðarlags."

# Fjölþætt starfsemi í gömlu húsi

***Pakkhúsið í Ólafsvík, sem er allt í senn upplýsingamiðstöð, safn og kaffihús, er í gömlu verslunarhúsi sem byggt var árið 1844.***

„Pakkhúsið hér í Ólafsvík var birgðageymsla í upphafi en varð síðar að verslun. Margháttuð starfsemi hefur farið fram í þessu húsi í gegnum tíðina, hér hefur verið saltfisksverslun, íbúðarhús og krambúð svo eitthvað sé nefnt. Hér er nú rekin upplýsingamiðstöð með listmunum, handverki og minjagripum og sömuleiðis kaffihúsi," segir Ragnar Mar Sigrúnarson, umsjónarmaður Pakkhússins í Ólafsvík.

„Við reynum að hafa upplýsingamiðstöðina eins öfluga og við getum en viljum helst einangra hana við Vesturland. Árið 1971 var Pakkhúsið friðað, fyrst húsa á Íslandi. Þegar Ólafsvík fagnaði 300 ára verslunarafmæli 1987 var ráðist í fyrsta viðgerðaráfanga hússins. Árið 1997 var uppgerð á miðhæð kláruð og árið á eftir sett upp sýning sem enn stendur. Pakkhúsið var frekar illa farið á sínum tíma. Hér var upphaflega annað hús við hliðina á sem var mun stærra og var verslunarhúsnæði Ólafsvíkur. Það brann hins vegar árið 1843. Stærð Pakkhússins leyfir hreinlega ekki að við þjónustum gesti með upplýsingar um allt landið. Hér er selt íslenskt handverk sem að sjálfsögðu er allt framleitt hér á Íslandi. Einhver hluti þess kemur af okkar svæði, en heimafólk hérna hefur ekki verið nægilega duglegt við framleiðslu handverksmuna. Það stendur vonandi til bóta.



Fréttablaðið/Ísak

Ragnar Mar Sigrúnarson er umsjónarmaður Pakkhússins í Ólafsvík.

Á efri hæð Pakkhússins er byggðasafn þar sem menn geta skoðað hvernig hefðbundið heimili Íslendinga leit út fyrr á öldum. Fyrir tveimur árum opnuðum við sýningu á þriðju hæð hússins sem köllað er Krambúðarloftið sem minnir á það hlutverk sem Pakkhúsinu var ætlað að gegna þegar það var reist. Þar er eftirlíking af búðinni sem var rekin í húsinu á sínum tíma. Pakkhúsið er mikið notað undir listsýningar og nú þessa dagana stendur yfir sýning á verkum Sjafnar Aradóttur. Það er mjög gaman að setja upp sýningar hérna, þetta er hlýtt og gott hús og býr yfir góðum anda."

# BJARNI VÍGÐUR Á SNÆFELLSJÖKLI

***Ný skíðalyfta var tekin í notkun á Snæfellsnesi aðra helgina í júnímánuði. Um er að ræða diskalyftu sem er 450 metra löng og staðsett í norðanverðum jöklinum.***

„Það er Skíðasamband Íslands í samvinnu við ungmennafélagið Víking á Ólafsvík sem stóð að smíði og uppsetningu lyftunnar og koma margir aðilar að því að styrkja verkefnið,“ segir Helgi Geirharðsson, formaður mannvirkjanefndar Skíðasambands Íslands.

„Til þess að komast á staðinn er slóði upp að jökulröndinni um Eysteinsdal, skammt utan við Gufuskála, þar sem styst er í lyftuna. En auk þess má komast að skíðasvæðinu frá Ólafsvík og Arnarstapa. Félagar í skíðadeild Ármanns fjölmenntu á jökulinn opnunarhelgina og vígðu lyftuna sem hlaut nafnið „Bjarni“ og heitir hún eftir Bjarna Einarssyni, fræknum skíðagarpi og slyngum lyftusmiði í skíðadeild Ármanns.

Lyftan er byggð upp sem kerra og var hún dregin á jökulinn þar sem einfalt var að setja hana upp með aðstoð troðara. Þannig er einnig einfalt að taka hana niður að hausti og flytja á önnur snjósvæði. ÍTR hefur einnig lagt til troðara frá Bláfjöllum sem þjónustar gesti „Bjarna“ í sumar. Samningur SKÍ og ungmennafélagsins gerir ráð fyrir því að lyftan muni þjóna almenningi að vetri til og verður hún þá flutt þangað sem best þykir henta.

Með þessu móti fá skíðadeildir íþróttafélaganna tækifæri til að stunda æfingar fram eftir sumri auk þess sem aðstandendur vilja efla skíðaíþróttina meðal almennings. Alþjóðlega skíðasambandið, FÍS, hefur styrkt þetta verkefni sem tilraun til að skapa aðstæður til skíðaiðkunnar að sumarlagi á tímum ört minnkandi jökla í Mið-Evrópu. Því má búast við því að erlend skíðalið leiti hingað til æfinga á næstu árum ef allt gengur að óskum.“



Einfalt var að setja upp skíðalyftuna Bjarna á Snæfellsjökli með aðstoð troðara.



Mikil áhersla hefur verið lögð á matreiðslu á Hótel Búðum á Snæfellsnesi.

# Hefur haldið við orðsporinu eftir brunann

***Fyrsta hótelið á Búðum á Snæfellsnesi var reist árið 1947. Á áttunda áratug síðustu aldar urðu ákveðin kaflaskipti þegar Rúnar Marvinsson matreiðslumaður lagði grunninn að íslenskri matargerðarlist á Hótel Búðum.***

„Vera Rúnars Marvinssonar á Búðum stóð í um áratug og þá var staðurinn orðinn vel þekktur meðal Íslendinga fyrir matargerðalist og auðvitað sitt einstaka umhverfi. Síðan hafa margir góðar kokkar komið að staðnum og hann hefur algerlega náð að halda sérstöðu sinni,“ segir Úlfar Þórðarson, hótelstjóri á Hótel Búðum.

Búðir á Snæfellsnesi voru verslunarstaður um aldaraðir. Um hlaðið lá þjóðbraut bænda sem sóttu vertíðir á Snæfellsnesi og fluttu skreiðina með sér heim á klyfjuðum hestum. Um aldamótin 1900 var fjölmennt verslunarþorp á Búðum og þá risu hér háreist kaupmannshús úr dýru timbri og tígulsteini og einnig lágreistir torfbæir vinnufólksins sem átti hvorki kú né kind en aðeins vinnufúsar hendur.

„Árið 1990 tók Viktor Sveinsson við rekstri Hótel Búða og lagði mikla áherslu á að viðhalda matarmenningu staðarins og viðhalda þessari rómuðu stemningu sem staðnum fylgir. Hótel Búðir brunnu áramótin 2000-2001 og þá var strax ráðist í endurbygginguna. Nýtt hótel opnaði síðan formlega 2003 og var þar ekkert til sparað. Tekist hefur vel að viðhalda gömlu sálinni sem fylgdi þessum stað. Það stóð nokkur styrr um þennan stað eftir brunann og voru ekki allir vissir um að endurbygging myndi takast vel, en óhætt er að segja að staðurinn hafi náð fyrri hæðum og gott betur. Nýja húsið er mun stærra og vandaðra en það sem brann og er í flokki glæsihótela landsins. Fá hótel úti á landsbyggðinni skarta slíkum glæsileik enda hefur hótelið fengið ótal viðurkenningar í erlendum ferða-og dagblöðum. Þess má geta að hið þekkta ferðatímarit Condé Nast Traveler kaus Hótel Búðir eitt af 100 bestu hótelum veraldar árið 2004.“

Úlfar Þórðarson kom á hótel Búðir áramótin 2003-04 og tók við rekstri hótelsins ásamt Sigurði Skúla Bárðarsyni.

„Hótel Búðir hafa ákveðna sérstöðu samanborin við Íslensk landsbyggðarhótel.Hérna koma mikið af Íslendingum, yfir sumartímann, bæði í gistingu og sem matargestir sem þekkja að hverju þeir ganga. Ég hef orðið var við að ferðamynstrið hefur tekið nokkrum breytingum, núorðið er minna um hópa og meira um einstaklinga sem koma á eigin vegum eða í gegnum ferðaskrifstofur.

Einnig hef ég tekið eftir því að áhugi fólks fyrir Snæfellsnesinu er alltaf að aukast og verðum við áþreifanlega varir við það í aðsókninni hingað. Hótelið er rekið árið um kring og yfir vetrartímann höfum við verið með þemahelgar, sérstaklega vil ég vekja athygli á Agöthu Christie-helgunum hjá okkur.“


Hafðu samband, geri fast verðtilboð.

NÝHÖNNUN

ERTU Í FRAMKVÆMDAHUGLEIÐINGUM?



NÝHÖNNUN
Teiknistofan
Ómar Pétursson
Byggingafræðingur
Hvanneyrargötu 3
Hvanneyri
311 Borgarnes
s: 4371500 og 8995140

póstfang: nyhonnun@nyhonnun.is - veffang: www.nyhonnun.is




Fréttablaðið/Ísak

Katrín Hjartardóttir, safnstjóri Sjóminjagarðsins á Hellissandi, vill gjarnan fá fleiri gesti í heimsókn.

# Bátur notaður í eina öld

Rétt utan við bæinn Hellissand, yst á Snæfellsnesinu er Sjóminjagarður sem lætur ekki mikið yfir sér en hefur að geyma merkar minjar. „Hér í Sjóminjagarðinum við bæinn Hellissand geta gestir skoðað mjög gamlan árabát sem byggður var 1826, en hann var í notkun í yfir 100 ár hér frá Hellissandi. Þetta var róðrarbátur fyrir níu manna áhöfn og er einkennandi fyrir þá báta sem notaðir voru við fiskveiðar hér á Íslandi áður en vélarnar komu til sögunnar.

Hér er einnig gamall torfbær sem var byggður upp árið 1970 að gamalli fyrirmynd, en þar geta menn skoða byggingarmáta fyrri alda,“ segir Katrín Hjartardóttir, safnstjóri Sjóminjagarðsins á Hellissandi.

„Það er alltaf eitthvað um gestagang hér í Sjóminjagarðinum við Hellissand en furðu fáir vita um tilvist hans og það mættu gjarnan fleiri koma hingað.“


birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



Heimili að heiman!
Verið velkomin í Hæstakaupstaðinn á Ísafirði.
Gistiheimili Áslaugar og Faktorshúsið ANNO 1788.
Gisting og veitingar.
www.randburg.com/is/aslaug
Símar: 456-3868 og 899-0742 Símbréf: 456-4075

N framleiðsla á Íslandi




VANDAÐ OG VISTVÆNT
- Rotþrær, siturlagnir og fráveitulagnakerfi í húsgrunna jafnt innan sem utan, fráveitubrunnar, heildarlausnir
- Einangrunarplast í grunninn
- Takkamottur fyrir gólfhitalagnir
- Jarðgerðarílát, þrjár gerðir
- Vatnsgeymar og lindarbrunnar

*Leiðbeiningar og góð ráð reyndra starfsmann ávallt til reiðu!*

BORGARPLAST
www.borgarplast.is
Seltjarnarnesi, sími 561 2211 • Borgarnesi, sími 437 1370

Lífeyrissjóður Vesturlands
Kirkjubraut 40 • 300 Akranes
Sími: 431 1577 • Fax: 431 2841
Netfang: lifvest@lifvest.is
Veffang: www.lifvest.is

Sumarhúsaþjónustan
Þórðargata 24
310 Borgarnes

Nýsmíði og viðhald
Gerum föst verðtilboð

Sími: 862 1364 Þorsteinn
Sími :861 8032 Ingi Valur

TJALDVAGNALEIGAN STYKKISHÓLMI
Leigjum út Combi Camp tjaldvagna á 23000 kr. vikuna.

FÉLAGSHEIMILIÐ SKJÖLDUR VIÐ STYKKISHÓLM
Svefnpokagisting á 1200 kr. tjaldstæði á 500 kr.

REIÐHJÓLALEIGAN STYKKISHÓLMI
Reiðhjól á 1500 kr. dagurinn.

UPPLÝSINGA OG PANTANASÍMI 8937050 OG 4381510

Vatnsfjörður er með fallegri stöðum á vestfjörðum
Hótel Flókalundur Vatnsfirði býður ykkur velkomin í sumar.

Gott tjaldstæði.
Við tökum vel á móti ykkur.

Sími 456-2011
www.flokalundur.is
Hótel FLÓKALUNDUR

Þóra auglýsir
Nú er sumarið komið og stutt í færeyska daga í Ólafsvík. Fallegur og smart barnafatnaður á minnstu börnin (0-6 ára).
Snæfellingar sjá um sig og sína

Gleðilegt og gott sumar
Verslunin Þóra Ólafsvík

VATNSverk
GUÐJÓN & ÁRNI EHF
Alhliða pípilagnir – Efnissala – Röramyndavél
Guðjón Árnason – sími 892-4416 / Árni Guðjónsson sími 896-3142
Fax 437-1512



**Látrabjarg** Flestir vitja bjargsins til að skoða fuglalíf en ekki er óalgengt að gönguhópar leggi leið sína þangað.

# Tvöfalt fleiri ferðamenn í ár

Látrabjarg er ein fallegasta náttúruperla landsins. Í Breiðavík á Látrabjargi rekur Birna Atladóttir gistiheimili ásamt eiginmanni sínum og hefur varla undan við að taka á móti ferðamönnum sem fjölgar á ári hverju.

Arnarfell vinnur nótt og dag að borun ganga sem eiga að veita vatni inn í göngin sem liggja frá Kárahnjúkum í væntanlegt raforkuver í Fljótsdal. Notaður er tölvustýrður bor sem þarf stöðugt vatnsrennsli til að skola um sex ára skeið hafa hjónin Birna Atladóttir og Keran Stueland Ólason rekið gistiheimili í Breiðavík við Látrabjarg. Birna segir að bjargið sé auðvitað það sem dregur menn að, en það sé vissulega margt annað að sjá og skoða á sunnanverðum Vestfjörðum.

„Fólk kemur fyrst og fremst út af fuglinum í Látrabjargi en það er farið að bera meira á gönguhópum en áður, segir Birna. „Fólk gengur oftar en ekki meðfram öllu bjarginu, frá Bjargtöngum að Saxavík og sjá alla flóruna. Ætli það taki um fjórar til fimm klukkustundir.“

Fyrsta árið sem Birna og Keran ráku gistiheimilið í Breiðavík gistu um þúsund manns það sumarið. Þeim hefur fjölgað jafnt þétt og í fyrra voru þeir 2800. Og Birna á ekki von á að þeim fækki í sumar. „Það tala margir um hvað ferðamönnum hefur fækkað en við verðum ekki vör við það hér. Ég var einmitt að bera saman tölur og sá að það komu tvöfalt fleiri til okkar í maí í ár en á sama tíma og í fyrra. Við njótum þess fyrst og fremst að búa í grennd við eina mestu náttúruperlu landsins.“

Í grennd við Breiðavík er önnur náttúruperla, Rauðisandur. Steinsnar frá er flug- og minjasafnið að Hnjóti sem Egill Ólafsson setti á laggirnar á sínum tíma. Þá eru Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur í grenndinni þar sem má finna kaffihús, golfvelli og sundlaugar. Frá Bíldudal er stutt í Selárdal þar sem stendur bær Gísla Gíslasonar bónda að Uppsölum.

Nánari upplýsingar um Breiðavík fást á vefsíðunni breidavik.net.



**Birna Atladóttir** Birna hefur rekið gistiheimili í Breiðavík í sex ár og þekkir svæðið eins og handarbakið á sér.

# Nefna þrjár óskir

***Upplýsingamiðstöðin í Stykkishólmi var í íþróttamiðstöðinni til nokkurra ára, en flutti fyrir tveimur árum í annað húsnæði sem byggt var árið 1867.***

„Hér í upplýsingamiðstöð Stykkishólms er opið á sumrin alla daga frá 10-18. Gamla húsið þar sem upplýsingamiðstöðin er staðsett, var lengi notað sem verslunarhúsnæði. Hér var sjoppa síðustu árin áður en við fluttum hingað. Þetta gamla hús er algerlega í hjarta bæjarins og ætti ekki að fara fram hjá neinum sem á annað borð þarf að leita sér upplýsinga,“ segir Rúnar Úlfarsson, upplýsingafulltrúi hjá Upplýsingamiðstöð Stykkishólms.
Þeir sem hingað sækja, geta fengið upplýsingar um ýmsa merka staði hér á Snæfellsnesinu sem annars gætu farið framhjá þeim. Nefna má til dæmis gönguferðir á Helgafellið hér sunnan af Stykkishólmsbæ sem ættu ekki að vera neinum ofviða. Helgafellið er ekki nema 67 metra hátt, en útsýnið af toppinum er stórfenglegt og hægt að sjá meginhluta Snæfellsnessins ef veður er gott. Helgafellinu fylgir skemmtileg þjóðsaga. Þeir sem ganga á Helgafellið eftir ákveðnum stíg án þess að líta við eða tala á leiðinni, eiga að líta í austur á toppnum og fara þar með þrjár óskir. Sé nákvæmlega farið eftir fyrirmælum, eiga óskirnar að rætast.



Fréttablaðið/Ísak

Rúnar Úlfarsson, upplýsingafulltrúi hjá Upplýsingamistöð Stykkishólms, segir það orðið algengt að höfuðborgarbúar kaupi sér hús í Stykkishólmi til sumardvalar.

Við höfum orðið vör við að ferðamannastraumurinn á Snæfellsnesið hefur aukist mikið á undanförnum árum. Einnig er algengt að fólk af höfuðborgarsvæðinu kaupi sér hús hérna sem það notar sem sumarbústað. Hér hefur verið töluvert um nýbyggingar af þeim sökum.“



Ferðir út í eyjuna Vigur í Ísafjarðardjúpi njóta vinsælda.

# Fjölsóttar ferðir í friðlandið

***Helstu ferðir Vesturferða á Ísafirði eru siglingar út í eyjuna Vigur í Ísafjarðardjúpi og einnig bátsferðir frá Ísafirði norður á Hornstrandir, þar á meðal dagsferðir bæði á Hesteyri og á Hornbjarg.***

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

---

## Sumarstörf á Jökulsárlóni

Glacier lagoon

**Jökulsárlón ehf óskar eftir að ráða sumarstarfsfólk á Jökulsárlón, einn vinsælasta ferðamannastað Íslands.**

Störfin felst í ýmsum þjónustustörfum við ferðamenn á Jökulsárlóni. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum að snyrtilegum og þjónustuliprum einstaklingum með góða tungumálakunnáttu og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Aldurstakmark 20 ár.

Umsókn ásamt ljósmynd og ferilskrá skal skila á netfangið atvinna@jokulsarlon.is. Einnig er hægt að fylla út starfsumsókn á www.jokulsarlon.is.

Upplýsingar um störfin veitir Erna í síma 478 2122

---

# Tré-mót ehf.

**Byggingaverktakar**

Óskum eftir að ráða verkamenn og smiði, eða menn vana smíðavinnu, til starfa á höfuðborgarsvæðinu.

**Upplýsingar veita:**

Brynjar s: 899-6482 og Jón s: 898-2062

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

**Lagerhúsnæði óskast til leigu.**

Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands óskar eftir að taka á leigu ca. 400 fm lagerhúsnæði í Reykjavík frá 20/6 – 15/8.

**Nánari upplýsingar veittar í síma 545 0400 á skrifstofutíma.**

STÓREIGN
FASTEIGNASALA

Skorradalur – vatnalóðir

Höfum til sölu tvær einstaklega vel staðsettar leigulóðir við Skorradalsvatn. Hvor lóð er rúmlega hálfur hektari, leyfi fyrir byggingu á bátaskýli við vatnið fylgir, hér er um einstakt tækifæri að ræða. **Allar nánari upplýsingar veitir Baldur í síma 861-2535.**

Lágmúla 7, 108 Reykjavík, S: 551 2345, storeign@storeign.is

SEILUGRANDI – M/ BÍLSKÝLI



Rúmgóð og vel skipulögð íbúð. á annari hæð. Sér inngangur af svölum. Stærð íbúðar 68,4 fm, geymsla 9,0 fm og bílageymsla 30,9 fm. Parket og flísar á gólfum. Hús og sameign í góðu ástandi. **Verð 15,4 millj.** nr. 5135

DUNHAGI – M/ BÍLSKÚR



Mjög góð 5 herb. endaíbúð á 2. hæð um 108,9 fm. ásamt 21,6 fm bílskúr. Eignin skiptist í hol, eldhús, bað, gang, þrjú svefnherbergi, tvær saml. stofur. Suður svalir. **Verð 20,5 millj**. nr. 5157

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign.is@kjoreign.is • www.kjoreign.is

MIKIL SALA
VILTU LÁTA META ÞÍNA EIGN?

Vegna mikilla breytinga undanfarið á fasteignamarkaði hafa flestar eignir hækkað mikið í verði á skömmum tíma.

Ef þú ert að hugsa um að selja, hafðu þá samband við mig og ég met eignina þína ásamt löggiltum fasteignasala. FRÍTT og skuldbindingalaust.

Hringdu núna í síma 822 - 3702

Gunnar Valsson
GSM: 822-3702,
Sími 520-9500
e-mail: gv@remax.is



Birgir Birgisson
Löggiltur fasteigna- og skipasali
RE/MAX Kópavogi

# Þing. (Suðursvæði Vatnsenda)
# Breiðahvarf og Dimmuhvarf
## Úthlutun á byggingarrétti

Kópavogsbær auglýsir byggingarétt til úthlutunar á eftirtöldum lóðum:

**1. Fjölbýlishús (klasahús) við Eiðaþing og Gulaþing.** Eiðaþing: Um er að ræða þrjár lóðir Eiðaþingi 1, 3 og 5. Á lóðunum má byggja fjölbýlishús á tveimur hæðum með kjallara að hluta. Möguleiki er á niðurgrafinni bílgeymslu. Eiðaþing 1 verður með 12 íbúðum og hámarks grunnflötur húss með bílageymslu er áætlaður 1.000 m2. Eiðaþing 3 verður með 14 íbúðum og hámarks grunnflötur hússins ásamt bílgeymslu er áætlaður 1.500 m2. Í Eiðaþingi 5 verða 16 íbúðir og hámarks grunnflötur hússins með bílgeymslu er áætlaður 1.700 m2.
Gulaþing: Um er að ræða tvær lóðir Gulaþingi 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 22, 24, 26 og Gulaþing 28, 30, 32, 34, 36, 38, 40, 42, 44. Á lóðunum má byggja fjölbýlishús á tveimur hæðum með kjallara að hluta. Möguleiki er á niðurgrafinni bílgeymslu. Gulaþing 4-26 verður með 24 íbúðum og er grunnflötur hverrar einingar áætlaður 190-210 m2. Gulaþing 28-44 verður með 18 íbúðum og er grunnflötur hverrar einingar áætlaður 190-210 m2.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á íbúð miðað við 350 m3 eru áætluð um 3.0 milljónir kr.

**2. Raðhús við Ásaþing,** Aðalþing og Gulaþing. Um er að ræða byggingarrétt fyrir 2 hæða raðhús við Ásaþing 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 2, 4, 6 og 8, 10, 12, Aðalþing 4, 6, 8, 10 og Gulaþing 52, 54, 56, 58. Hámarks grunnflötur er um 130 m2 þ.m.t. bílageymsla sem skal vera innbyggð.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á raðhús miðað við 600 m3 eru áætluð um 5.3 milljónir kr.

**3. Parhús við Álaþing, Dalaþing, Frostaþing, Hafraþing og Hálsaþing.** Um er að ræða byggingarrétt fyrir 2 hæða parhús við Álaþing, 4-6, 8-10,12-14, 16-18, 20-22, Dalaþing 14-16, Frostaþing 1-3, Hafraþing 1-3, 2-4, Hálsaþing 1-3, 2-4, 5-7, 6-8, 9-11. Hámarks grunnflötur er áætlaður 165 m2. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á raðhús miðað við 600 m3 eru áætluð um 5.3 milljónir kr.

**4. Parhús við Hálsaþing og Heiðaþing.** Um er að ræða byggingarrétt fyrir parhús á einni hæð við Hálsaþing 10-12, 14-16 og Heiðaþing 1-3, 2-4, 6-8. Hámarks grunnflötur er 190-250 m2. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á raðhús miðað við 600 m3 eru áætluð um 5.3 milljónir kr.

**5. Einbýlishús við Álaþing, Aðalþing, Fróðaþing, Frostaþing, Gulaþing og Dimmuhvarf.** Um er að ræða 43 lóðir fyrir 1-2 hæða einbýlishús við Álaþing 1, 3, 5, Aðalþing 1, 3, 5, Fróðaþing 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 16, 18, 20, 22, 30, 31, 33, 35, 37, Frostaþing 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, Gulaþing 1, 5, 9, 11, 13 og Dimmuhvarf 15. Flatarmál lóða er 750-850 m2 og grunnflötur bygginga 215-250 m2. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið eða stakstæðri (fer eftir staðsetningu).

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 750 m3 eru áætluð um 7.5 milljónir kr.

**6. Einbýlishús við Frostaþing, Fróðaþing, Dalaþing, Gulaþing og Hólmaþing.** Um er að ræða 28 lóðir fyrir 1 hæða einbýlishús auk kjallara við Frostaþing 12, Fróðaþing , 32, 34, 36, 38, 40, Dalaþing 8, 10, 32, 34, Gulaþing 19, 21, 23, 25, 60, 64, 66, Hólmaþing 1, 3, 6, 7, 8, 9, 10, 12, 13, 14, 15. Flatarmál lóða er 700-900 m2 og grunnflötur bygginga 165-260 m2. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið eða stakstæðri (fer eftir staðsetningu).

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 750 m3 eru áætluð um 7.5 milljónir kr.

**7. Einbýlishús við Frostaþing.** Um er að ræða 2 lóðir fyrir 1 hæða einbýlishús við Frostaþing 13 og 15. Flatarmál lóða er um 750 m2 og hámarks grunnflötur bygginga 250 m2. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið eða stakstæðri (fer eftir staðsetningu).

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 750 m3 eru áætluð um 7.5 milljónir kr.

**8. Einbýlishús með hesthúsi við Dalaþing og Breiðahvarf.** Dalaþing: Um er að ræða 3 lóðir fyrir 1-2 hæða einbýli við Dalaþing 1, 3 og 5 með möguleika á byggingu hesthúss á lóðinni. Flatarmál lóða er 1300 – 1500m2. Hámarks grunnflötur íbúðarhúss er 250 m2 (bílgeymsla meðtalin) og grunnflötur hesthúss er að hámarki 80 m2 og má það rúma 4-6 hesta ásamt litilli hlöðu.
Breiðahvarf: Um er að ræða 2 lóðir fyrir 2 hæða einbýli við Breiðahvarf 3 og 5 með möguleika á byggingu hesthúss á lóðinni. Flatarmál lóða er 900 – 1000 m2. Hámarks grunnflötur íbúðarhúss er 182 m2 (bílgeymsla meðtalin) og grunnflötur hesthúss er að hámarki 60 og má það rúma 4-6 hesta ásamt lítilli hlöðu.
Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 850 m3 eru áætluð um 9.5 milljónir kr.

**GERT ER RÁÐ FYRIR** að ofangreindar lóðir í Þingum verði byggingarhæfar í maí 2006. Lóðirnar að Breiðahvarfi 3 og 5 og Dimmuhvarfi 15 eru byggingarhæfar.

**SKIPULAGSUPPDRÆTTIR,** skipulags- og byggingarskilmálar ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum fást afhent gegn 1000 kr. gjaldi á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2 hæð frá kl. 8-16 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8-14 frá fimmtudeginum 16. júní 2005. Umsóknum skal skilað á sama stað fyrir kl. 15:00 mánudaginn 4. júlí 2005.

**VAKIN ER SÉRSTÖK** athygli á því að umsóknum einstaklinga um byggingarrétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfi. Fyrir umsækjendur einbýlishúsalóða kr. 25 milljónir, fyrir umsækjendur rað- og parhúsa kr. 20 milljónir.
Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2004 og eða milliuppgjöri fyrir árið 2005 áritaðum af löggiltum endurskoðendum.

**Byggingarrétti í Þingum verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.**

*Bæjarstjórinn í Kópavogi*

# Airbus selur þotur

Qatar Airlines hyggst kaupa 60 A350 þotur af evrópska flugvélarisanum Airbus. Er kaupsamningurinn metinn á um 700 milljarða króna. Var þetta tilkynnt á flugsýningunni í París sem nú stendur yfir.

Stjórnarformaður flugfélagsins Akbar al Baker sagði þá ákvörðun að kaupa af Airbus frekar en keppinautnum, Boeing, hafa verið erfiða: „Það skipti mestu að Airbus bauð okkur betri kjör, auk þess sem Airbus-vélarnar passa betur við þann flota sem við eigum fyrir“.

Boeing og Airbus hafa deilt hart um yfirráð á markaðnum undanfarin ár og því er ekki víst að þessar fréttir hafi farið vel í forsvarsmenn Boeing. Þeir geta þó huggað sig við það að Qatar Airlines ákvað jafnframt að kaupa tuttugu smærri vélar af félaginu. -jsk



**FLUGSÝNINGIN Í PARÍS** Qatar Airlines hyggst kaupa 60 A350 þotur af Airbus.

# Fjárfestar haldi bréfum sínum

## Nýtt verðmat Íslandsbanka á Össuri.

Greiningardeild Íslandsbanka mælir með því að fjárfestar haldi bréfum í Össuri samkvæmt nýju verðmati á félaginu. Ráðgjöfin er til lengri tíma. Verðmatsgengi á Össuri er 82,5 krónur á hlut miðað við núverandi gengi Bandaríkjadals. Össur gerir upp í Bandaríkjadölum og því er verðmatið í sömu mynt.

Greiningardeild Össurar mælir með því að fjárfestar markaðsvegi bréf Össurar í eignasöfnum sem taka mið af íslenska markaðnum og er það skoðun greiningardeildar Íslandsbanka til skemmri tíma litið.

Gengi félagsins í gær var í kringum 79 krónur á hlut. -dh



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÖSSUR METINN Á 26 MILLJARÐA KRÓNA** Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar.



# Bjarga markaðinum

## Kínversk stjórnvöld koma hlutabréfamarkaðinum til hjálpar með stofnun sjóðs.

Kínversk stjórnvöld íhuga að stofna 15 milljarða Bandaríkjadala sjóð til að kaupa skráð hlutabréf í Kína. Hann yrði notaður til að kaupa hluti ríkisins en hingað til hafa slíkar aðgerðir ekki dugað sem skyldi. Hlutabréfamarkaðurinn í Kína hefur ekki staðið sig vel og ástæðan er talin sú að stór hluti fyrirtækjanna er enn í ríkiseigu.

Gagnrýnendur segja ástæðu lélegs árangurs kínverska hlutabréfamarkaðarins þá að einkafyrirtæki fá ekki að skrá sig á hlutabréfamarkað en rekstur einkafyrirtækja hefur gengið mun betur en þeirra ríkisreknu á síðustu árum. -dh



Konungsfjölskyldan þarf ekki að örvænta.

# Óbreytt verðbólga

## Ekki búist við vaxtalækkunum.

Verðbólga í Bretlandi stóð óbreytt í maí en hún hefur verið óbreytt þrjá mánuði í röð. Helstu ástæður verðbólgunnar voru verðhækkanir á matvælum og flugfargjöldum en á móti kom lækkun á eldsneytisverði. Í Vegvísi Landsbankans kemur fram að verðbólgan hafi verið umfram væntingar markaðsaðila. Minni líkur eru á því að Englandsbanki lækki stýrivexti sína á árinu sökum verðbólgunnar. -dh

!
Talstöðin
FM 90,9

NISSAN
PATHFINDER
NISSAN
SKIPT_um landslag



SUMARIÐ BÍÐUR EKKI!

Pathfinderinn þinn er kominn til landsins til að halda upp á sumarið. Hann fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætunum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fína í einum best heppnaða útivistarbíl síðari ára.

PATHFINDER SE
Beinskiptur
174 hestöfl
5 dyra

STAÐALBÚNAÐUR
• Þokuljós
• Krómað grill
• Leðurklætt stýri og gírstöng
• Krómaðar höldur inni í bíl
• Hiti í speglum
• Áttaviti í baksýnisspegli
• Litað gler
• 7 sæta
• Birtuskynjari í spegli
• Útvarpsfjarstýring í stýri
• Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
• Regnskynjari
• Hraðastillir (Cruise Control)

Verð: 4.450.000 kr.
46.581 kr. á mán.*

250.000 krónum flottari!
Þeir sem kaupa Nissan Pathfinder í júní fá 32" dekk, krómstigbretti og dráttarkrók í kaupbæti.

PATHFINDER ER KOMINN TIL LANDSINS
KLÁR Á GÖTUNA Á FIMM DÖGUM

VEIÐIKORTIÐ FYLGIR MEÐ!
Með veiðikortinu má veiða nánast ótakmarkað í a.m.k. 20 vötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust hjá mörgum þeirra. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Glitnir
*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Fiton/SÍA FI013384

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100
Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230
Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141
Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808
Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376
Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990
Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453
Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540
Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jón Valdimar Tryggvason**

Grænumýri 10, Akureyri,

lést á heimili sínu þann 14. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

**Inga Kristín Skarphéðinsdóttir**
**Björk Jónsdóttir, Stefán Alfreðsson**
**Ingibjörg Hanna Jónsdóttir**
**Jón Ingi Sveinbjörnsson**
**Arnar Sveinbjörnsson**
**Íris Harpa Stefánsdóttir**
**Eva Sóley Stefánsdóttir.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólöf Pálsdóttir**

áður að Norðurtúni 2, Keflavík,

lést aðfaranótt 14. júní sl. á hjúkrunarheimilinu Garðvangi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gestur Ágúst Bjarnason** **Sigríður Guðrún Birgisdóttir**
**Páll Valur Bjarnason** **Sigríður Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hans Clementsen**

andaðist á sjúkrahúsi Seyðisfjarðar mánudaginn 13. júní. Útförin fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 18. júní kl. 14.00.

**Jóhann Hansson** **Hrefna Vilbergsdóttir**
**Björn Hansson** **Lonnie Jensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur og bróðir*

**Sigurður Þröstur Hjaltason**

Knarrarbergi 7, Þorlákshöfn,

sem lést á líknardeildinni í Kópavogi mánudaginn 13. júní, verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju laugardaginn 18. júní kl. 13.30.

**Anna Steinþórsdóttir**
**Víðir Þór Þrastarson** **Karen Hrund Heimisdóttir**
**Halla Guðrún Þrastardóttir** **Örvar Már Michelsen**
**Örvar Snær Þrastarson**
**Guðrún Sigurðardóttir** **Hjalti Bjarnason**
**Guðrún Pálsdóttir** **Steinþór Runólfsson**
**systkini og aðrir aðstandendur.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Ingvar Þorsteinn Þórðarson**

sem bjó lengst af á Faxabraut 33b í Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði þriðjudaginn 14. júní. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 20. júní kl. 16.00.

**Svanhvít Þorsteinsdóttir** **Karl Einarsson**
**Elínborg Þorsteinsdóttir** **Sigurjón Skúlason**
**Valgerður Þorsteinsdóttir** **Sæmundur Pétursson**
**Bára Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Þorsteinsson**
**Guðlaug Þorsteinsdóttir** **Lúðvík Finnsson**
**Jónína Þorsteinsdóttir** **Peter W. Giedras**
**Haukur Þorsteinsson**
**Erla Þorsteinsdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

**STAN LAUREL (1890-1965)**
fæddist þennan dag.



*Ef eitthvert ykkar grætur við útför mína tala ég aldrei við ykkur aftur!*

***Breski leikarinn Stan Laurel var annar helmingur gríntvíeykisins Laurel og Hardy, eða Steina og Olla eins og þeir eru betur þekktir sem á íslensku.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

**1877** Ísafoldarprentsmiðja er stofnuð.

**1903** Fyrirtækið Pepsi Cola er stofnað.

**1943** Þýsk flugvél skýtur á strandferðaskipið Súðina. Tveir létust.

**1947** Dagblaðið Pravda fordæmir Marshall-áætlunina.

**1960** Kvikmyndin Psycho er frumsýnd.

**1977** Leoníd Brésnev er kjörinn forseti Sovétríkjanna.

**1980** Gufuneskirkjugarður tekinn í notkun.

**1991** Borís Jeltsín er kjörinn forseti Rússlands.



**GUFUNESKIRKJUGARÐUR** Um 8.600 grafir hafa verið teknar í garðinum síðan árið 1980 og síðan 1983 hafa fleiri verið jarðsungnir í Gufunesi en í Fossvogi.

TÍMAMÓT: GUFUNESKIRKJUGARÐUR 25 ÁRA

# Kirkjustaður í margar aldir

Í dag er réttur aldarfjórðungur síðan Gufuneskirkjugarður var tekinn í notkun. Gufunes er austur af Viðeyjarsundi, suðvestan Eiðsvíkur. Það virðist snemma hafa orðið sjálfstæð jörð og kirkja og var hún komin þar um 1150 og henni fylgdi kirkjugarður. Gufuneskirkja var lögð niður 1886 en beinin úr kirkjugarðinum voru tekin upp árið 1968 og flutt í nýjan grafreit, sunnar í túninu, vegna byggingaframkvæmda Áburðarverksmiðjunnar.

Árið 1973 úthlutaði Reykjavíkurborg Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma 90,7 hekturum úr landi Gufuness og Korpúlfsstaða. Fyrst var grafið í Gufuneskirkjugarði þennan dag árið 1980. Fram til maí 2005 hafa rúmlega 8.600 grafir verið teknar í garðinum og frá 1983 hafa mun fleiri verið jarðsettir í Gufuneskirkjugarði.

Þórsteinn Ragnarsson, framkvæmdastjóri kirkjugarðanna, segir að á næstu tveimur áratugum verði byggðar þjónustubyggingar í Gufunesi á svipuðum nótum og þær sem eru í Fossvogskirkjugarði og reistar voru fyrir hálfri öld. Ýmislegt hefur þó breyst á síðustu fimmtíu árum, til að mynda hvað varðar útfararsiði og umhverfismál, sem kallar á breyttar áherslur til dæmis vegna aukinnar fjölmenningar, en kirkjugarðarnir þjóna öllum án tillits til trúfélaga. ■

## ANDLÁT

**Elísabet Finnbogadóttir** lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 6. júní. Útförin fór fram í kyrrþey.
**Ágúst K. Eyjólfsson**, sóknarprestur í Berge í Þýskalandi, lést fimmtudaginn 9. júní.
**Kjartan Stefánsson**, frá Móbergi, Hrísey, lést miðvikudaginn 8. júní.
**Óskar Emilsson**, Bólstaðarhlíð 41, lést mánudaginn 13. júní.
**Ólöf Pálsdóttir**, áður Norðurtúni 2, Keflavík, lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi þriðjudaginn 14. júní.

## JARÐARFARIR

11.00 **Sigurður Ármann Guðmundsson** frá Vestmannaeyjum, Kríuhólum 4, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Áskell Bjarnason** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Svavar Vemundsson**, múrarameistari, Lækjarsmára 6, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.



**Heimir Ólafsson**

frá Læk varð

**50 ára**

þann 14. júní.

Af því tilefni verða hann og fjölskylda hans með opið hús í félagsheimilinu Þingborg, Hraungerðishreppi, föstudaginn 17. júní frá kl. 20.30.



**SMÍÐAÐ FYRIR GUÐINA** Trésmiðir reka smiðshöggið á hjól undir vagna guðsins Krishna vegna Rath Yatra-hátíðarinnar sem hefst bráðum.







GERÐU ÞÉR MAT ÚR PAPRIKUM

## PAPRIKU FISKISÚPA

1 rauð paprika
1 græn paprika
1 gul paprika
1 hvítlauksgeiri
1 msk olía
1 l vatn
1 msk grænmetis- eða fiskkraftur
nýmalaður pipar
salt
safi úr 1/2 sítrónu, eða eftir smekk
500 g lúða, ýsa eða annar fiskur

Paprikurnar fræhreinsaðar og skornar í ræmur. Hvítlaukurinn saxaður smátt. Olían hituð í potti og paprikurnar og hvítlaukurinn látinn krauma við vægan hita þar til paprikurnar eru byrjaðar að mýkjast. Þá er vatni og grænmetis- eða fiskkrafti bætt í pottinn, hitað að suðu, kryddað með pipar og salti (en munið að spara saltið ef krafturinn er saltur) og látið malla í 5–6 mínútur. Þá er safi úr hálfri sítrónu kreistur út í og síðan er fiskurinn skorinn í bita, settur út í og súpan látin malla í 4–5 mínútur í viðbót. Smökkuð og bragðbætt með pipar, salti og e.t.v. sítrónusafa eftir smekk.

íslensk paprika

Fíton/SÍA FI012675

www.islenskt.is - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur



## Heyrst hefur ...

... að Jón Arnór Stefánsson muni ekki leika áfram með rússneska félaginu Dinamo St. Petersburg. Liðið er nýbúið að semja við einn efnilegasta bakvörð Rússlands og hefur þegar samið við alla stjórnuleikmenn sína frá því í fyrra nema Jón Arnór.

**sport**

sport@frettabladid.is

**HASARINN Á ENDA Í GRINDAVÍK:** ÓLI STEFÁN VERÐUR ÁFRAM HJÁ FÉLAGINU

# *Við Janko erum búnir að slíðra sverðin*

Ágreiningur Óla Stefáns Flóventssonar, leikmanns Grindavíkur, og Milans Stefáns Jankovic, þjálfara Grindavíkur, hefur verið jafnaður og Óli Stefán mun því leika með félaginu í sumar en hann hætti skyndilega um síðustu helgi.

„Ég átti fínan fund með Grindvíkingum á þriðjudagskvöldið og við Janko vorum báðir sammála um að leggja ágreining okkar til hliðar og erum því búnir að slíðra sverðin ef svo má segja. Við mættumst á miðri leið og gáfum báðir eftir. Ég var nokkuð sáttur eftir fundinn,“ sagði Óli Stefán.



Lengi vel var fátt sem benti til þess að Óli Stefán og Milan myndu ná sáttum enda var Óli verulega óánægður með þjálfarann og framkomu hans gagnvart honum. „Við Milan erum báðir miklir „prinsippmenn“ og við vorum ósáttir við hluti í fari hvors annars. Við ræddum þetta bara eins og menn og þurftum báðir að éta ýmislegt ofan í okkur. Það er veruleg ánægjulegt að þetta mál sé útkljáð því mér er búið að líða ömurlega yfir þessu.“

Þó sáttafundurinn hafi gengið vel vildi Óli ekki ganga svo langt að segja að menn hefðu fallist í faðma að loknum fundinum. „Ég læt það nú vera,“ sagði Óli og hló létt. „Ég mæti á æfingu í kvöld (gærkvöld) og reyni að koma mér fyrst í hópinn og svo vonandi í liðið. Ég er alveg maður í að vinna mitt sæti í liðinu aftur og það er næst á dagskrá hjá mér. Við Janko byrjum núna með hreint borð og ég verð með Grindavík út þetta tímabil. Það er alveg á hreinu,“ sagði Grindvíkingurinn Óli Stefán Flóventsson.



## > Við hrósum ...

... Óla Stefán Flóventssyni og Milan Stefáni Jankovic fyrir að sýna þroska og grafa stríðsöxina. Það síðasta sem Grindavík má við er að missa lykilmenn eins og Óla úr liðinu vegna rifrilda. Þeir fjölmörgu einstaklingar í Grindavík sem leggja mikið á sig til að halda úti öflugu knattspyrnustarfi í Grindavík eiga líka annað og meira skilið frá tvímenningunum.



## > Við hrósum ...

.... íslenska landsliðinu í knattspyrnu en það er á hraðri uppleið í knattspyrnuheiminum og gerði sér lítið fyrir og klifraði upp um sjö sæti á styrkleikalista FIFA sem var gefinn út í gær. Með sama áframhaldi gæti liðið forðast að detta út af topp 100.



LANDSBANKADEILDIN

# París er borg upp á tíu

**Handknattleiksmaðurinn Ragnar Óskarsson er á leið til Frakklands á ný eftir skamma viðveru í Danmörku. Hann hefur ákveðið að ganga til liðs við Parísarliðið US Ivry.**

**HANDBOLTI** Ragnar lék undir stjórn Arons Kristjánssonar í danska liðinu Skjern í vetur, en í samráði við forráðamenn liðsins ákvað hann að fara til Frakklands á ný eftir að nokkur tilboð bárust í hann þaðan.

„Þetta byrjaði allt þannig að við fengum tilboð í Ragnar frá gamla félaginu hans Dunkerque í Frakklandi. Við settumst niður og ræddum málin og úr varð að við samþykktum að hann fengi að fara frá okkur.

Svo kom upp úr kafinu að hann fékk fleiri tilboð og hann ákvað að slá til og skoða samningstilboð frá Ivry. Staðan hjá okkur í Skjern er sú að við erum með annan leikstjórnanda sem er mjög góður líka og okkur fannst ekki alveg ganga að vera með tvo jafn sterka leikstjórnendur í liðinu.

Við erum að skoða að fá til okkar finnskan strák sem er leikstjórnandi en getur leyst flestallar aðrar stöður líka, svo þetta hentar okkur ágætlega þannig lagað. Ég held að Ragnar sé mjög sáttur við að fara aftur til Frakklands og er ekki frá því að boltinn sem spilaður er þar henti honum betur,“ sagði Aron í samtali við Fréttablaðið.



**AFTUR TIL FRAKKLANDS** Ragnar Óskarsson er ánægður með að vera á leið til Frakklands á ný. Hann hefur engin tækifæri fengið með landsliðinu síðan hann yfirgaf landið síðast. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Saknaði Frakklands

„Ég spilaði hérna í Frakklandi í fjögur ár og þekki því deildina hérna mjög vel. Mér leið vel í Frakklandi og ég er spenntur að fara þangað aftur að spila. Það var sameiginleg ákvörðun okkar allra hjá Skjern að það hentaði öllum aðilum bara ágætlega að ég færi aftur til Frakklands.

Ég var fyrst með tilboð frá gamla félaginu mínu Dunkerque, en var að vísu ekkert sérstaklega spenntur fyrir að fara þangað aftur því ég endaði á svo skemmtilegum nótum þar. Svo kom upp úr kafinu að ég fékk fleiri tilboð og ákvað að skoða tilboðið frá Ivry.

Það er toppklúbbur sem varð meistari nokkur ár í röð fyrir nokkru síðan og endaði í þriðja sæti í fyrra. Þeir ætla að styrkja sig mikið fyrir átökin á næsta tímabili og mér líst bara ansi vel á þetta lið. Stefnan er sett á að vinna titilinn á næsta tímabili og ég vil gjarnan taka þátt í því.

Ég þekki líka nokkra leikmenn í hópnum hjá þeim og það er auðvitað toppurinn að vera í París. Það er náttúrlega borg upp á tíu og ég verð að viðurkenna að ég saknaði þess dálítið að vera í Frakklandi,“ sagði Ragnar Óskarsson, kátur í bragði með að vera á leið til Frakklands á ný.

baldur@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

13 14 15 **16** 17 18 19

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Grindavík** og **KR** mætast á Grindavíkurvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- 19.15 **Fylkir** og **Fram** mætast á Fylkisvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- 19.15 **Þróttur** og **ÍBV** mætast á Laugardalsvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- 20.00 **Víkingur Ó.** og **Haukar** mætast á Ólafsvíkurvelli í 1. deild karla í knattspyrnu.
- 20.00 **Víkingur R.** og **KA** mætast á Víkingsvelli í 1. deild karla í knattspyrnu.
- 20.00 **Þór** og **Völsungur** mætast á Akureyrarvelli í 1. deild karla í knattspyrnu.
- 20.00 **KS** og **Breiðablik** mætast á Siglufjarðarvelli í 1. deild karla í knattspyrnu.

### LEIKIR

- 07.00 - 09.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur fjórum sinnum.
- 17.35 **Landsbankadeildin** á Sýn. Endursýndur leikur.
- 19.15 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 20.30 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- 21.30 **Kraftasport** á Sýn. Sterkasti maður Íslands.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn. Bein útsending.
- 22.00 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- 22.30 **Álfukeppnin** á Sýn. Leikur Brasilíu og Grikklands.

Detroit Pistons minnkaði muninn í baráttunni við San Antonio Spurs:

# Meistararnir með lífsmarki

**KÖRFUBOLTI** Meistarar Detroit Pistons sýndu í fyrrinótt að þeir eru ekki dauðir úr öllum æðum, þrátt fyrir að hafa tapað tveimur fyrstu leikjum úrslitanna nokkuð illa í San Antonio. Leikmenn Pistons voru fegnir að komast á heimavöll sinn á ný og sýndu gamalkunna varnartakta í þriðja leiknum, þegar þeir slógu lið San Antonio algerlega út af laginu með hörkulegum varnarleik og baráttu, sem einkenndi liðið í fyrra þegar þeir urðu meistarar svo óvænt.

Eftir að jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik og San Antonio virtist alveg eins líklegt til að vinna þriðja leikinn í röð spýttu heimamenn í lófana og skelltu í lás í vörninni. „Strákarnir virtust loksins gera sér grein fyrir hversu gríðarlega mikið þeir þurfa að leggja á sig til að svo mikið sem gera þetta einvígi spennandi á ný,“ sagði Larry Brown, þjálfari Detroit, eftir leikinn, en þessa baráttu hafði tilfinnanlega vantað í liðið í fyrstu tveimur leikjunum.

„Ben Wallace átti stórleik. Hann var svo sannarlega maðurinn á bak við sigur þeirra með baráttu sinni,“ sagði Tim Duncan, sem átti erfitt uppdráttar gegn vörn heimamanna, eins og Manu Ginobili, sem skoraði aðeins 7 stig í leiknum. Richard Hamilton var stigahæstur í liði Detroit með 24 stig og Chauncey Billups skoraði 20 stig. Tony Parker var stigahæstur gestanna með 21 stig. **- bb**



**WALLACE FRÁBÆR** Ben Wallace fór á kostum gegn Spurs í þriðja leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS / GETTY



**TAKK FYRIR TRYGGVI** Íslenska landsliðið getur þakkað frábærri frammistöðu Tryggva Guðmundssonar að liðið fór nú upp Styrkleikalista FIFA en ekki niður hann eins og undanfarið ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HARII

Íslenska landsliðið fór upp um heil sjö sæti á á nýjasta Styrkleikalista FIFA:

# Hækkar sig í fyrsta sinn í 13 mánuði

**FÓTBOLTI** Nú horfir til bjartari daga hjá íslenska landsliðinu í knattspyrnu eftir afar langt og erfitt ár. Í gær komu nefnilega loksins jákvæðar fréttir um stöðu íslenska landsliðsins á styrkleikalista FIFA sem FIFA birti í gær fyrir júnímánuð.

Íslenska landsliðið hafði fallið nánast í frjálsu falli úr 56. sæti niður í það 97. á undanförnum 12 mánuðum en eftir góðan 4-1 sigur á Möltu í undankeppninni í síðustu viku hækkar íslenska liðið sig um heil sjö sæti og fer upp í það 90.

Ísland hefur ekki verið ofar á listanum síðan í október 2004 og þetta er líka mesta hækkun íslenska liðsins á listanum síðan í september 2003 þegar liðið fór upp um átta sæti. Ungverjar sem unnu Ísland á Laugardalsvellinum á dögunum hækka sig um 4 sæti og Svíar fara upp um eitt sæti en Króatar og Möltubúar lækka sig um eitt sæti en þessi lið eru eins og kunnugt er með Íslandi í riðli.

Það eru aðeins þrjár þjóðir sem hækka sig meira en Ísland á júnílistanum, Tógó (67. sæti) fer upp um 12. sæti, Kóngó (68. sæti) upp um 9. sæti og Gínea stekkur upp um 9. sæti og er nú í 83. sætinu.

Brasilíumenn eru enn á toppi listans og halda sínu sæti ásamt Tékkum (2. sæti) og Argentínumönnum (3. sæti) en Hollendingar komust upp fyrir Frakka upp í 4. sætið. Englendingar lækka einnig um eitt sæti og eru komnir niður í 7. sæti listans á eftir Mexíkó. **- óój**

**STAÐA ÍSLANDS Á FIFA-LISTANUM Á EINU ÁRI:**

| | |
|---|---|
| Maí 2004: | 56. sæti |
| **Júní 2004:** | **65. sæti (-9 sæti)** |
| Júlí 2004: | 75. sæti (-10 sæti) |
| **Ágúst 2004:** | **79. sæti (- 4 sæti)** |
| September 2004: | 80. sæti (- 1 sæti) |
| **Október 2004:** | **88. sæti (-8 sæti)** |
| Nóvember 2004: | 90. sæti (-2 sæti) |
| **Desember 2004:** | **93. sæti (- 3 sæti)** |
| Janúar 2005: | 94. sæti (- 1 sæti) |
| **Febrúar 2005:** | **94. sæti (Sama)** |
| Mars 2005: | 95. sæti (- 1 sæti) |
| **Apríl 2005:** | **95. sæti (Sama)** |
| Maí 2005: | 97. sæti (- 2 sæti) |
| **Júní 2005:** | **90. sæti (+ 7 sæti)** |

KB ÍBÚÐALÁN – NÝJUNG!

VIÐ BORGUM AF ÍBÚÐALÁNINU FYRIR ÞIG




Dæmi um mánaðariðgjald af KB Lánavernd m.v. 10 milljóna kr. KB Íbúðalán til 40 ára og að KB Lánavernd taki yfir greiðslur af láninu í u.þ.b. þrjú ár.

| Aldur | Karl | Kona |
|---|---|---|
| 25 ára | 385 kr. | 317 kr. |
| 35 ára | 538 kr. | 522 kr. |
| 45 ára | 1.195 kr. | 1.069 kr. |

Alvarleg áföll gera sjaldnast boð á undan sér og þeir sem fyrir þeim verða eru oft illa í stakk búnir að kljást við fjárhagsskuldbindingar eins og greiðslur af íbúðarhúsnæði. KB Lánavernd tryggir greiðslur afborgana og vaxta KB Íbúðaláns við andlát eða alvarlegan sjúkdóm.

Nánari upplýsingar og umsókn má nálgast í þjónustuveri KB banka í síma 444 7000, á kbbanki.is eða í næsta útibúi.

KB Lánavernd er unnin í samvinnu við **KB líf**, dótturfélag KB banka.

KB BANKI

AGA GASOL HEIM




800 5555

Alla daga frá 10 til 22




Linde Gas AGA

# FH-ingar eru í algerum sérflokki

**FH-ingar tróna á toppi Landsbankadeildarinnar með fullt hús stiga eftir sanngjarnan sigur á Val í gær, 1–0. Sigurinn hefði hæglega getað orðið stærri.**



Valur 0-1 FH

Valsvöllur, áhorf: 2950 Egill Már Markússon (7)

*0–1 Allan Borgvardt (13.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–15 (5–9) |
| Varin skot | Kjartan 5 – Daði 3 |
| Horn | 0–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 20–19 |
| Rangstöður | 0–1 |

**FÓTBOLTI** Fullt hús eftir sex leiki og eru ekki enn farnir að spila af fullum styrkleika. FH er einfaldlega langbesta fótboltalið Íslands í dag og það sönnuðu þeir á Hlíðarenda í gær. Með álíka áframhaldi munu þeir sjá til þess að mótið klárist fyrr en áður hefur þekkst. Þeir hafa klárlega getuna til þess og þótt þeir hafi aðeins gefið eftir í síðari hálfleik í gær náði Valur aldrei að opna vörnina og það segir meira en mörg orð um styrkleika besta liðs Íslands.

Það var aðeins eitt lið sem mætti tilbúið í leikinn og það var FH. Íslandsmeistararnir tóku leikinn traustataki strax frá fyrstu mínútu og heimamenn að Hlíðarenda voru sem börn í höndunum á þeim í fyrri hálfleik.Strax á fyrstu mínútu fengu FH-ingar tvö dauðafæri í sömu sókninni en á einhvern ótrúlegan hátt vildi boltinn ekki inn fyrir línuna.

### Sóttu nær linnulaust

FH var grimmara í öll návígi, sótti nær linnulaust og var í fimmta gír á meðan Valsmenn virtust fastir í þeim fyrsta. Eitthvað varð undan að láta og á 12. mínútu skoraði Allan Borgvardt verðskuldað mark eftir varnarmistök taugaveiklaðra varnarmanna Vals. Valsmenn voru nær meðvitundarlausir fyrir framan 3000 áhorfendur og virtust ekki vita hvernig þeir áttu að haga sér.

Það er sama hvar var drepið niður fæti í leik liðsins í fyrri hálfleik, það var allt í ólagi. Vörnin vann illa saman, var taugaveikluð og skilaði boltanum illa frá sér. Bakverðirnir áttu fullt í fangi með vaska kantmenn FH og gátu því ekki fært sig mjög framarlega. Á miðjusvæðinu réðu Heimir Guðjónsson, fyrirliði FH, og félagar ríkjum. Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Vals, og félagar hans vissu vart sitt rjúkandi ráð og sýndu litla mótstöðu þegar þeir voru yfirspilaðir hvað eftir annað. Húsvíkingarnir á vængjum Valsmanna, Baldur og Sigþór, voru eins og hræddir 3. flokks strákar og ógnuðu bakvörðum FH ekki svo mikið sem einu sinni í hálfleiknum. Það segir þar með sjálft að sóknarleikur Vals var enginn.

FH-ingar voru með flugeldasýningu í fyrri hálfleik og þeir fengu fleiri færi áður en Egill Már blés til leikhlés en blessunarlega fyrir Val náðu þeir ekki að nýta færin en ekki hefði verið ósanngjarnt að FH leiddi með þrem til fjórum mörkum í leikhléi. FH-ingar byrjuðu síðari hálfleikinn eins og þeir luku þeim fyrri og héldu áfram að þjarma að Valsmönnum. Willum, þjálfari Vals, gerði lífsnauðsynlegar breytingar á liði sínu á 56. mínútu. Tók tvo slaka leikmenn af velli, færði Baldur á miðjuna og Matthías út á kantinn.

### Of lítið og of seint

Allt annað var að sjá til Valsliðsins í kjölfarið og það byrjaði loksins að spila fótbolta á meðan FH-ingar bökkuðu örlítið og gáfu Valsmönnum meira svæði til að vinna með. Bjarni Ólafur byrjaði loksins að skokka upp völlinn, Guðmundur Ben datt til baka og byrjaði að sækja boltann og þó fyrr hefði verið. Valsmenn fengu að auki loksins trú á því sem þeir voru að gera, fóru einnig í návígi af meiri grimmd en áður. Lengi vel litu þeir út fyrir að ætla að jafna leikinn en sterk vörn FH hélt vel. Bestu færi Vals komu úr langskotum frá Guðmundi sem enduðu í markslá FH-marksins. Það var einfaldlega of lítið og of seint.

**henry@frettabladid.is**



**BORGVARDT SKORAÐI SIGURMARKIÐ** Allan Borgvardt tryggði FH-ingum sigur á Val í toppslagnum á Hlíðarenda í gær með marki strax á 13. mínútu leiksins. Hér sést hann í baráttu við Valsmanninn Bjarna Ólaf Eiríksson. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

| VALUR 4–4–2 | | FH 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan | 8* | Daði | 7 |
| Steinþór | 4 | Guðmundur | 7 |
| Atli Sveinn | 6 | Auðun | 8 |
| Grétar | 5 | Nielsen | 7 |
| Bjarni Ólafur | 6 | Freyr | 7 |
| Baldur | 6 | Ásgeir Gunnar | 7 |
| Sigurbjörn | 3 | Heimir | 6 |
| (56. Stefán Helgi | 6) | (71. Baldur | –) |
| Kristinn | 3 | Davíð Þór | 7 |
| (56. Garðar | 6) | Jón Þorgrímur | 7 |
| Sigþór | 4 | (84. Ármann Smári | –) |
| (82 Sigurður S. | –) | Borgvardt | 7 |
| Guðmundur | 6 | Tryggvi | 7 |
| Matthías | 6 | (74. Atli Viðar | –) |

*MAÐUR LEIKSINS

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

| | |
|---|---|
| ÍA–KEFLAVÍK | 1–2 |
| **Valur–FH** | **0–1** |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 6 | 6 | 0 | 0 | 16–2 | 18 |
| **VALUR** | **6** | **5** | **0** | **1** | **15–4** | **15** |
| KEFLAVÍK | 6 | 3 | 1 | 2 | 10–14 | 10 |
| **FYLKIR** | **5** | **3** | **0** | **2** | **9–6** | **9** |
| FRAM | 5 | 2 | 1 | 2 | 6–4 | 7 |
| **ÍA** | **6** | **2** | **1** | **3** | **5–9** | **7** |
| KR | 5 | 2 | 0 | 3 | 5–6 | 6 |
| **GRINDAVÍK** | **5** | **1** | **0** | **4** | **7–14** | **3** |
| ÍBV | 5 | 1 | 0 | 4 | 5–12 | 3 |
| **ÞRÓTTUR** | **5** | **0** | **1** | **4** | **4–11** | **1** |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 7 |
| **Guðmundur Steinarsson, Keflavík** | **5** |
| Matthías Guðmundsson, Val | 4 |



**NÓG AÐ GERA** Kjartan Sturluson, markmaður Vals, var besti maður vallarins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Viðbrögð eftir leikinn:

## Mjög sanngjarn sigur

**FÓTBOLTI** „Fyrstu sextíu mínútur leiksins var aðeins eitt lið á vellinum,“ sagði sigurreifur fyrirliði FH, Heimir Guðjónsson eftir leikinn. „Við spiluðum virkilega flottan fótbolta og pressuðum út um allan völl. Vorum klaufar að skora ekki fleiri mörk í fyrri hálfleik. Í seinni hálfleik gáfum við eftir og héldum ekki pressunni nógu vel en sem betur fer náðum við að halda þetta út og vinna góðan sigur sem var mjög sanngjarn að mínu mati.“

Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Vals, átti ekki góðan dag í gær og hann var frekar brúnaþungur í leikslok. „Við vorum sofandi í byrjun leiks og það kostaði okkur eitt mark. Síðan komum við af meiri krafti inn í seinni hálfleikinn og hefðum getað tekið annað stigið. FH er þannig lið að það refsar fyrir öll mistök og það má ekki gefa færi á sér gegn þeim. FH átti þennan sigur skilinn,“ sagði Sigurbjörn

-mh



**ÞEKKTUR FYRIR ÞRUMUSKOT** Sinisa Mihajlovic var vel fagnað af félögum sínum í Internazionale. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslit ítalska bikarsins:

## Fyrsti titill Inter í 16 ár

**FÓTBOLTI** Internazionale varð ítalskur bikarmeistari í gær eftir 1-0 sigur á AS Roma í seinni úrslitaleik liðanna en Inter vann fyrri leikinn 2-0 og því 3-0 samanlagt. Þetta er fyrsti titill Inter heima fyrir í heil 16 ár.

Það var serbneski varnarmaðurinn Sinisa Mihajlovic sem tryggði sínum mönnum sigur í gær með marki beint úr aukaspyrnu á 52. mínútu. Adriano skoraði bæði mörk liðsins í fyrri leiknum en hann var ekki með í gær þar sem hann var kallaður í brasilíska landsliðið sem tekur nú þátt í Álfubikarnum.

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, eftir níunda deildarsigurinn í röð:

## Við FH-ingar erum geysilega ánægðir

**FÓTBOLTI** „Fyrri hálfleikurinn hjá okkur var mjög góður og við áttum þá að setja á þá þrjú eða fjögur mörk. Eitt mark er lítið forskot og því vorum við varkárir í seinni hálfleik. Við erum með góða vörn og þá freistuðumst við til þess að detta aðeins niður og halda þessu forskoti. Við höfum sjaldan fengið eins mörg færi í sumar og við fengum í fyrri hálfleik nú. Sem betur fer dugði þetta eina mark,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH kátur eftir leik en FH-liðið hefur nú unnið alla sex leiki tímabilsins. „Ég held að munurinn hafi legið í því að við erum með reynslumikið lið og þetta er leikur sem mínir menn lifa fyrir og finnst gaman að taka þátt í. Reynslan kom okkur vel í þetta sinn því ég held að þeir hafi verð svolítið stressaðir,“ sagði Ólafur en hann er sáttur við frábæra byrjun meistaranna. „Næsti leikur er úti í Garði í bikarnum svo við erum ekki farnir að huga að næsta deildarleik. Við erum geysilega ánægðir með byrjun okkar á mótinu. Við höfum einbeitt okkur að því að hugsa um okkur sjálfa og það hefur gengið vel. Það er ekki hægt að gera betur, ég held það ekki, ég veit það,“ sagði Ólafur sem hefur stjórnað FH í 22 deildarleikjum í röð án þess að tapa.



**HART BARIST** Steinþór Gíslason, Val, hefur hér betur í einum af fjölmörgum einvígum sínum gegn Tryggva Guðmundssyni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**FLJÓTARI Í ALLA BOLTA** FH-ingurinn Ásgeir Gunnar Ásgeirsson er hér á undan Valsmanninum Atla Svein Þórarinssyni í boltann í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Willum Þór Þórsson um sína menn í fyrri hálfleik:

## Þeir stóðu ekki í lappirnar

**FÓTBOLTI** „Við vorum bara slakari aðilinn í þessum leik og þá sérstaklega í fyrri hálfleik,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Valsliðsins eftir leik en honum fannst það sárt að tapa fyrsta leiknum á tímabilinu.

„FH-ingar eru náttúrulega með hörkulið en það sem við verðum að gera í fyrsta lagi er að standa í lappirnar og það gerðum við ekki í 45 mínútur. Það að sleppa lifandi út úr fyrri hálfleik með aðeins eitt mark á bakinu sýnir kannski styrk liðsins og þá sérstaklega styrk markvarðarins. Þetta skánaði heldur í seinni hálfleik þannig að menn geta gengið þolanlega stoltir af velli. Ég er alveg sáttur við leik minna manna í seinni hálfleik en í fyrri hálfleik voru mínir menn heftir af stressi,“ sagði Willum Þór. „Nú reynir á það hvort við erum fótboltalið eður ei. Það er í þessarri í stöðu sem það kemur í ljós hversu sannir keppnismenn leikmenn eru,“ sagði Willum Þór að lokum en hann hefur nú ekki náð að vinna í átta leikjum í röð gegn Ólafi Jóhannesyni en hefur haft betur í sjö af þessum átta innbyrðisleikjum liða þeirra.



**Í ELDLÍNUNNI** Heiðar skoraði 20 mörk fyrir Watford síðastliðið tímabil, sem var sennilega hans síðasta þar. Hér er hann í leik gegn West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

### Heiðar Helguson er eftirsóttur þessa daganna:

# Nýtt tilboð frá Sheffield

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Sheffield United, sem leikur í ensku 1. deildinni, hafa ekki gefið upp vonina um að krækja í Heiðar Helguson.

Boði þeirra var hafnað fyrr í mánuðinum en þeir hafa nú komið með nýtt boð sem Watford hefur ekki enn svarað. Heiðar hefur undanfarið verið orðaður við fjöldamörg lið eftir að hann hafnaði nýjum 3ja ára samningi við Watford í vor. Hefur hann verið orðaður við West Ham, Ipswich, Sunderland og einnig Wigan en stjóri liðsins, Paul Jewell, mun vera að undirbúa 1,5 milljóna punda boð.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Heiðari fyrr í vikunni var hann enn í fríi hér á Íslandi og sagðist ekkert nýtt hafa frétt af sínum málum.

Terry Robinson, aðstoðarforseti Sheffield United, segir að boð félagsins sé enn gott og gilt þó að svar hafi ekki boðið. - esá

### Hollendingurinn Robin van Persie hjá Arsenal:

# Þarf að dúsa áfram í fangelsi

**FÓTBOLTI** Robin van Persie, leikmaður Arsenal og hollenska landsliðsins, fær enn að dúsa í fangelsi en í morgun vaknaði hann eftir þriðju nóttina í steininum. Hann var handtekinn á mánudag vegna nauðgunarmáls sem kom upp á laugardagskvöldið í heimabæ hans, Rotterdam.

Hollensk yfirvöld geta haldið grunuðum einstaklingum í gæsluvarðhaldi í þrjá sólarhringa og verða eftir það að sleppa viðkomandi eða gefa út kæru. En hollenskur saksóknari mun í dag reyna að fá dómara til að framlengja gæsluvarðhaldið um tvær vikur, til að rannsókn málsins geti haldið áfram.

Van Persie hefur ráðið sér lögfræðing sem segir skjólstæðing sinn saklausan. -esá





www.toyota.is




**COROLLA WAGON.** Fjölskyldubíll með ferðaþrá.

Corolla Wagon er freistandi kostur fyrir fólk sem langar bæði til að njóta lífsins í borginni og ferðast á eigin vegum. Hönnunin er stílhrein og gleður augað en ekkert er gefið eftir þegar kemur að notagildi. Innanrými er sérstaklega vel skipulagt með þægindi og nýtingu í huga og gefur möguleika á miklu farangursrými. Corolla Wagon er sparneytinn og ríkulega hlaðinn staðalbúnaði.

**Líttu inn, skoðaðu og reynsluaktu nýjum Corolla Wagon.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Verðlistaverð** | **1.849.000 kr.** | **Einkaleiga** | **34.200 kr.*** |
| **Tilboðsverð** | **1.756.000 kr.** | **Bílasamningur** | **21.060 kr.**** |

* pr. mán. Miðast við 36 mán. leigu og 136.000 kr. í tryggingafé.

** pr mán. Miðað við 84 mán. samning og 20% útborgun.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



**HÆTTI VIÐ ELVERUM** Kristinn Björgúlfsson spilar með Runar í Noregi næsta vetur.

Kristinn Björgúlfsson á útleið:

## Hefur samið við Runar

**HANDBOLTI** Á þriðjudagskvöld skrifaði handknattleiksmaðurinn Kristinn Björgúlfsson undir samning við norska liðið Runar til tveggja ára.

Upphaflega ætlaði Kristinn að semja við Elverum en hlutirnir voru fljótir að gerast eftir að Runar sýndi honum áhuga.

„Þetta er stórt stökk fyrir mig enda er þetta eitt stærsta liðið í Noregi. Það lenti í öðru sæti í bikarnum á tímabilinu og varð í þriðja sæti í útsláttarkeppninni. Aðstæðurnar hjá félaginu eru allar fyrsta flokks og alvöru lyftingaaðstaða sem dæmi. Ég gat ekki annað en tekið tilboðinu enda er Runar stórt lið og tekur til að mynda þátt í Evrópukeppninni," sagði Kristinn.

Þeir hjá Elverum eru skiljanlega mjög svekktir við að missa af Kristni. „Ég átti bara eftir að skrifa undir hjá Elverum þegar þetta kom upp. Þeir eru því ekkert sérstaklega ánægðir þessa dagana." **-egm**

Sterkasti maður Íslands:

## Afmælismótið hefst í dag

**AFLRAUNIR** Í ár eru liðin 20 ár síðan keppnin Sterkasti maður Íslands var haldin hér á landi í fyrsta sinn og í tilefni af því verður sérstakur heiðursgestur með í keppninni. Það er sterkasti maður Bretlands, Adrian Rollings, sem náði góðum árangri í keppninni um sterkasta mann heims í fyrra. Keppendur í ár eru í yngri kantinum, þar sem ákveðin kynslóðaskipti eru að eiga sér stað í greininni um þessar mundir.

Fyrsta greinin verður á dagskrá í dag, þar sem keppt verður í hnébeygju í gamla Sjónvarpshúsinu og hefst keppni klukkan 16.00. Einnig verður keppt við Ráðhús Reykjavíkur klukkan 14 á morgun og í Hlégarði í Mosfellsbæ klukkan 16 sama dag. Keppninni lýkur svo í fjölskyldugarðinum á laugardaginn þar sem fjórar greinar verða á dagskrá klukkan 14. Mótið veitir keppendum þátttökurétt á ýmsum stórmótum í aflraunum og því má gera ráð fyrir að hart verði barist um sigurinn. **-bb**



**VERÐUR SAKNAÐ** Bandaríski tenniskappinn Andrea Agassi er meiddur.

Wimbledon-mótið í tennis:

## Enginn Agassi

**TENNIS** Bandaríski tenniskappinn Andrea Agassi, verður líklega ekki með á Wimbledon mótinu í tennis vegna meiðsla.

Agassi hefur þegar sent forsvarsmönnum mótsins yfirlýsingu, þar sem hann segist harma þá stöðu sem sé upp komin, því ekkert mót sé skemmtilegra en Wimbledon. „Þetta er leiðinlegt, en mér finnst alls ekki líklegt að ég geti keppt, því miður. Hásinin hefur verið að stríða mér lengi og nú er svo komið að ég get varla stigið í löppina eftir átök." **-mh**

# Vinnusigur Keflavíkur á Skipaskaga

Skagamenn mega vera mjög ósáttir eftir að liðið tapaði fyrir Keflavík, 2-1, á Skipaskaga. Þetta var mikill baráttusigur Keflvíkinga sem mega prísa sig sæla með stigin þrjú. Guðmundur Steinarsson var hetjan.

**ÍA 1-2 Keflavík**

Akranesv., áhorf: 903 Gylfi Þór Orrason (3)

*1–0 Hjörtur Hjartarson (45.)*
*1–1 Guðjón Antoníusson (54.)*
*1–2 Guðmundur Steinarsson (77.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–5 (5–4) |
| Varin skot | Bjarki 2 – Ómar 0, Magnús 2 |
| Horn | 1–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 7–13 |
| Rangstöður | 6–3 |



**SIGURMARKIÐ BEINT ÚR AUKASPYRNU** Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur, lagði upp fyrra markið og skoraði sigurmarkið síðan beint úr aukaspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**FÓTBOLTI** Leikurinn á Akranesi var ekkert sérstaklega skemmtilegur. Þarna voru mætt tvö miðlungslið, í besta falli, sem mega muna fífil sinn fegurri - sérstaklega heimamenn. Ekkert var að gerast löngum stundum í leiknum og í örfá skipti tókst leikmönnum að skapa eitthvað sem vit var í.

Dómarinn var engin undantekning og var verulega hallað á Skagamenn í þeim efnum. Gylfi Orrason hefði átt að dæma víti í fyrri hálfleik og þegar Hjörtur Hjartarson er við það að sleppa í gegn dæmir hann brot á Keflvíking aftar á vellinum. Í svona leik hafa slík mistök mikið að segja.

Keflvíkingar byrjuðu betur í báðum hálfleikjum en það fjaraði undan leik þeirra er leið á. Mark Hjartar undir lok fyrri hálfleiksins var glæsilegt, sem og sigurmark Guðmundar Steinarssonar. Hann lagði einnig upp jöfnunarmark sinna manna sem Guðjón Árni skoraði af miklu harðfylgi.

Sóknarmennirnir og markaskorararnir voru bestu menn sinna liða en þeir þurftu algerlega að sjá um sitt sjálfir. Það var ekkert að gerast í kringum þá. Hjörtur var vitanlega ekki sáttur í leikslok er Fréttablaðið hitti á hann.

„Þetta er bara vitleysa. Þeir eiga tvö skot á markið og tvö mörk. Við erum miklu betri allan leikinn en töpum samt," sagði Hjörtur.

Aðspurður um dómgæslu Gylfa Orrasonar hafði Hjörtur sitthvað til málanna að leggja. „Gylfi var gjörsamlega á afturendanum. Ef menn mæta í svona standi upp á Skaga eiga þeir að hypja sig heim til sín. Svona frammistaða verðskuldar það að menn séu dæmdir niður. Hann rænir okkur færi og sleppir að dæma víti og ég var farinn að halda að línuvörðurinn hefði verið upp á skraut. Ég veit ekki hvað þeir eru að gera á vellinum, þeir horfa upp á menn klippta niður í teignum og gera ekki neitt. Og Gylfi er ekki í takt við allan leikinn, hann er aldrei í kringum baráttusvæðið og er á eftir boltanum í öllum aðgerðum. Svo spjaldar hann tvo, þrjá leikmenn ÍA eftir leikinn fyrir mótmæli. Svona frammistaða á ekki heima hérna," sagði Hjörtur.

Það skal tekið fram að málfar Hjartar var lagað þannig að það gæti talist hæft til birtingar hér.

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur var sáttur eftir leik. „Við ákváðum að rífa okkur upp eftir Valsleikinn og það tókst.."

Hann bætti því við að hann skildi ekki af hverju Skagamenn væru ósáttir við dómgæsluna. „Þetta er hluti af leiknum," sagði hann. **-esá, egm**



**MEIDDIST** Ómar Jóhannsson.

## Ómar á spítala

**FÓTBOLTI** Markvörður Keflvíkinga, Ómar Jóhannsson, var fluttur á sjúkrahúsið í gær eftir að hann lenti í samstuði við Guðjón Heiðar Sveinsson, leikmann ÍA, á 12. mínútu.

Ómar fékk hart högg á höfuðið og rotaðist í nokkrar mínútur og lá hann hreyfingarlaus á vellinum en rankaði fljótt við sér. Eftir átta mínútna töf á leiknum hélt hann áfram og var Ómar borinn af velli og fluttur burt í sjúkrabíl. Eftir leik sögðu forráðamenn liðs Keflavíkur að Ómari liði eftir atvikum vel og gæti hann verið samferða liðinu aftur heim. **-esá**

| ÍA 4–3–3 | | KEFLAVÍK 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Bjarki | 6 | Ómar | – |
| Unnar Örn | 4 | (12. Magnús | 6) |
| (67. Pesic | 5) | Guðjón (mark) | 6 |
| Reynir (gult spjald) | 6 | Johansson | 5 |
| Gunnlaugur (gult spjald) | 6 | Baldur | 7 |
| Finnbogi | 6 | Gestur | 6 |
| (35. Helgi Pétur | 5) | (72. Milicevic | –) |
| Martin | 4 | Hörður | 3 |
| Pálmi | 7 | Bjarni | 3 |
| Guðjón Heiðar (gult spjald) | 5 | Jónas Guðni | 6 |
| Andri | 4 | Hólmar Örn | 6 |
| (61. Sigurður R. | 3) | Stefán Örn | 6 |
| Hjörtur (mark, gult spjald) | 7 | (87. Guðmundur H. | –) |
| Ellert Jón | 3 | **Guðmundur** (mark) | 7* |

*MAÐUR LEIKSINS

Tveir leikir fóru fram á fyrsta degi Álfubikarsins í fótbolta í Þýskalandi í gær:

## Tíu mörk í tveimur líflegum leikjum

**FULLT AF MÖRKUM** Per Mertesacker fagnar marki sínu ásamt Kevin Kuranyi (22) sem var einnig á skotskónum í 4-3 sigri Þjóðverja á Áströlum í fyrsta alvöru landsleiknum undir stjórn Jurgens Klinsmann. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**FÓTBOLTI** Fimmti Álfubikarinn í knattspyrnu hófst í gær með tveimur leikjum. Eins og búist var við unnu Argentínumenn og Þjóðverjar sigur en fengu þó að hafa fyrir hlutunum gegn Túnis og Ástralíu og unnu að lokum bæði aðeins eins marks sigur í líflegum og skemmtilegum leikjum.

Juan Riquelme og Javier Saviola skoruðu mörk Argentínu í 2–1 sigri, Riquelme úr vítaspyrnu á 33. mínútu en Saviola á 57. mínútu eftir góða sókn. Túnisbúar fengu tvö víti í leiknum, það fyrra fór framhjá á 17. mínútu en Haykel Guemamdia minnkaði muninn á 72. mínútu úr seinni spyrnunni.

Þjóðverjar unnu Ástrali, 4-3, í seinni leik dagins þar sem heimamenn fengu verðuga mótspyrnu. Kevin Kuranyi (17. mínútu), Per Mertesacker (23.), Michael Ballack (60., víti) og Lukas Podolski (88.) skoruðu mörk þýska liðsins í leiknum. Josip Skoko, sem leikur með Ankara í Þýskalandi, skoraði fyrsta mark Ástrala beint úr aukaspyrnu og lagði síðan upp hin tvö fyrir John Aloisi sem leikur á Spáni með Osasuna.

Tveir leikir fara fram í dag, Japan mætir Mexíkó og Brasilíumenn spila við Grikki.

ooj@frettabladid.is

Liðauki hjá Glasgow Rangers í skoska boltanum:

## James Bond náði í nýjasta leikmanninn á Ibrox

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Glasgow Rangers eru með réttu samböndin. Þeir fengu aðstoð sjálfs James Bond, einnig þekktur sem Sean Connery, til að ná í leikmenn. Rangers voru búnir að vera að eltast við hinn franska Brahim Hemdani, fyrirliða Marseille, sem var víst eitthvað tregur til að samþykkja að leika í skosku úrvalsdeildinni næsta vetur.

Þýska liðið Bayer Leverkusen hafði einnig boðið Hemdani samning og voru því góð ráð dýr hjá Skotunum. David Murray, stjórnarformaður Rangers og góðvinur Connery, fékk stórleikarann til að hitta Hemdani á flugvellinum í Cannes þar sem þeir félagar ræddust við í drykklanga stund.

Því næst flaug Hemdani til Glasgow og skoðaði sig um og eftir smá umhugsunarfrest skrifaði hann undir fjögurra ára samning við Rangers-liðið en liðið endaði í 2. sæti í nýloknu tímabili aðeins tveimur stigum á eftir nágrönnunum í Celtic.



**BOND, JAMES BOND** Sean Connery er farinn að hjálpa til við að fá leikmenn til Glasgow Rangers. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Ekki er vitað hvað nákvæmlega Connery sagði við Hemdani en það hefur greinilega virkað vel. Enda erfitt að segja nei við sjálfan Bond, James Bond. **-esá**

Newcastle að styrkja sig fyrir ensku úrvalsdeildina:

## Parker kominn í svart og hvítt

**FÓTBOLTI** Scott Parker var í gær kynntur sem nýr leikmaður Newcastle United, hann stóðst læknisskoðun og samþykkti tilboð liðsins. Newcastle var í samkeppni við Everton og Tottenham um leikmanninn en gulrótin sem gerði gæfumuninn var sú að Newcastle var tilbúið að greiða honum jafn há laun og hann hafði hjá Chelsea.

Parker er 24 ára og var keyptur til Chelsea frá Charlton fyrir 10 milljónir punda í lok janúar í fyrra. Á þeim tíma var Charlton á mikilli siglingu og Parker lykilmaður í velgengni liðsins. Hann átti þó í erfiðleikum með að vinna sér inn sæti í liði Chelsea enda samkeppnin hörð og því sló hann ekki hendinni á móti því að vera seldur til Newcastle en kaupverðið í þetta skipti er um 6,5 milljónir punda.

Jose Mourinho hafði Parker ekki í sínum framtíðaráætlunum og þar sem leikmaðurinn hefur sett sér það markmið að vera í enska landsliðinu lagði hann mikla áherslu á að fá að spila eitthvað og ljóst að þurfti að leita annað eftir því.



**PARKER SELDUR** Chelsea hefur selt Scott Parker til Newcastle. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Graeme Souness, framkvæmdastjóri Newcastle, stefnir á að styrkja lið sitt töluvert í sumar og er ljóst að Parker er sá fyrsti en ekki sá síðasti sem semur við liðið í sumar. **-egm**




Fylltu út þátttökuseðil í Fjarðarkaupum og vertu með í leiknum.
Dregið verður úr pottinum í beinni á Bylgjunni og á fjardarkaup.is

FK
FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30,
föstudaga 09:00 - 19:30 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

einstök




Stærsta mynd ársins er á leiðinni og eina leiðin til að sjá hana á undan öllum öðrum er að vera með stillt á FM957.

Innrásin er að hefjast...

FM 957

SUMARIÐ ER TÍMINN

# STUÐ MILLI STRÍÐA : Sækjast sér um líkir

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** FYLGDIST SPENNT MEÐ JACKO

MYND: HELGI SIGURÐSSON



„Var hann örugglega ekki sekur? Það vita allir að hann er perri, eða að minnsta kosti alveg snarbilaður. Ég meina, hann getur ekki verið alveg eðlilegur.“ Einhvern vegin svona hafa umræður um Michael Jackson réttarhöldin hljómað í minni návist. Eftir að dómurinn féll nú á mánudag hef ég alveg fengið nýja innsýn í hugarheim vina og kunningja. Svona yfir höfuð hefði ég talið að þetta væri fólk sem hefði ekki mikinn áhuga á Michael Jackson og hans lífi. Það hlustaði örugglega á Thriller hérna í den, jafnvel eru einhverjir sem þekkja líka Bad, en þessar staðreyndir eru svo vel faldar í mismyrkum minningum unglingsáranna að þær eru aldrei dregnar upp í dagsljósið.

Eini virki Jackson-aðdáandinn sem ég þekki er erlend kona. Hún kvartar mikið undan því að ekki sé hægt að kaupa almennileg föt í dag. Hún finnur hvergi jakka með risaaxlarpúðum, sem passar við pínulitla leðurpilsið hennar og pinnahælana. Hún þorir ekki í klippingu á hárgreiðslustofu, því hún er svo hrædd um að vængirnir verði klipptir í burtu. Ég hef fengið að heyra allar sögurnar af því hvernig pabbi hennar keyrði þær vinkonurnar, ungar að árum, á Jackson tónleika mörgum klukkustundum áður en þeir hófust svo þær gætu örugglega séð goðið. Og svo andvarpaði þessi kona, því Jacko væri svo æðislegur, og hana langaði til að eignast börn með honum.

Ég er nokkuð viss um að þessi kona, þrátt fyrir að vera komin nokkuð á fertugsaldurinn, hefði staðið fyrir utan dómssalinn í Santa Maria og tryllst af gleði þegar Jackson gekk aftur út úr réttarsalnum og kviðdómendur höfðu fundið hann sýkn saka. Ég get alveg séð þessa erlendu kunningjakonu fyrir mér með skilti sem á stendur „I want to have your children,“ þrátt fyrir að hún sé gift inn í virðulega kaþólska fjölskyldu. Líkur sækir líkan heim. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott









# Tilboð

Afsláttur á útimálningu og viðarvörn
í verslunum Hörpu Sjafnar

10 ltr. **4.990 kr.**

101879

HarpaSjöfn

Stórhöfða 44
Skeifan 4
Snorrabraut 56
**www.harpasjofn.is**

Bæjarlind 6
Dalshraun 13
Hafnargata 90
**www.flugger.com**

Austursíða 2
Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4

Flügger

**!** **Kl. 16.00**

*Ljósmyndasýningar **Kristins Ingvarssonar** og **Haraldar Jónssonar** verða opnaðar í Þjóðminjasafninu klukkan 16:00. Sýningin er fyrsta stóra einkasýningin sem **Kristinn** heldur og **Haraldur** er fyrsti samtímalistamaðurinn sem sýnir í Þjóðminjasafninu.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Óperur fyrir 20 putta

Píanóleikararnir Antónía Havesi og Kurt Kopecky halda hádegistónleika í Hafnarborg, Hafnarfirði, klukkan 12 á fimmtudaginn. Þau munu leika ferhent á píanó. Verkin sem þau munu leika eru Ungverskur dans nr. 1-J og 5-J eftir Brahms, forleikur úr Rakaranum í Sevilla eftir Rossini og forleikur að Nabucco eftir Verdi. Ókeypis er inn á tónleikana.

„Ekkert af þessum lögum var upphaflega samið fyrir ferhentan flutning. Það er mikil upplifun að spila með öðrum á píanó, ég hef ekki gert það síðan ég var barn í Ungverjalandi og tók þátt í keppnum þar sem keppt var í ferhentum píanóleik,“ segir Antónía Havesi, annar píanóleikaranna.



**FERHENTUR PÍANÓLEIKUR** Antónía Havesi og Kurt Kopecky halda tónleika í Hafnarborg, Hafnarfirði, klukkan 12 á fimmtudag á vegum menningarhátíðarinnar Bjartra daga.

## EKKI MISSA AF…



… setningu **Víkingahátíðar** við **Fjörukránna** klukkan 18:00.

… gönguferð um miðbæ Reykjavíkur með **Eiríki Þorvaldssyni** forstöðumanni Listasafns Reykjavíkur klukkan 20:00.

… tónleikum **KK Bands** á **Grandrokk** klukkan 22:00.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*
**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14, Lau 13/8 kl 14
Sun 14/8 kl 14

**SIRKUS SIRKÖR**
**- ÓGLEYMANLEG UPPLIFUN**

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

*STÓRA SVIÐ*
**99% UNKNOWN - Sirkussýning**
*CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ*
Í kvöld kl 20,
Fö 17/6 kl 20
*Aðeins þessar sýningar*

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*
**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20,
Lau 18/6 kl 20,
Su 19/6 kl 20
*Síðustu sýningar*




# Ósammála akademíunni

**Íslensku leiklistarverðlaunin Gríman verða veitt í þriðja skipti í kvöld. Einungis tvær sýningar af fimm sem akademían hefur tilnefnt eru meðal þeirra fimm sýninga sem fengið hafa flest atkvæði í netkosningu á visir.is. Fréttablaðið fékk nokkra valinkunna einstaklinga til að tjá sig um málið.**



**MÝRARLJÓS** Sýningin Mýrarljós sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu er önnur þeirra sýninga sem bæði er á lista akademíunnar og almennings. Hún er tilnefnd til ellefu verðlauna á afhendingu Íslensku leiklistarverðlaunanna Grímunnar sem fram fer í kvöld. Leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins Valgeir Skagfjörð telur að sýningin muni hljóta flest verðlaun af tilnefndum sýningum.

„Þetta kemur mér ekkert á óvart því við erum annars vegar að tala um vinsældakosningu og hins vegar fagkosningu. Þetta er eins og með Eurovision þar sem engin fagsjónarmið ráða um. Meirihluti þeirra sem fer í leikhús eru konur yfir sextugt sem kannski ná að draga karlana sína með á einhverja sýningu en hinn venjulegi karlmaður vill frekar horfa á fótboltaleik en fara í leikhús. Það er þetta fólk sem flykkist í leikhús en greiðir svo ekki atkvæði um leikhússýningar á netinu því fólk á þessum aldri kann yfirleitt ekki á tölvur. Það er frekar fólk sem sá verk eins og Alveg brilljant skilnaður sem greiðir atkvæði í slíkri netkosningu,“ segir Valgeir Skagfjörð leikhúsgagnrýnandi Fréttablaðsins.

### Ekki vinsældakosning

„Ef Grímuverðlaunin væru vinsældakosning þá þyrfti ekkert annað en að kanna áhorfendatölur til að sjá hvað almenningi finnst skemmtilegast en Grímuverðlaunin byggjast á fagkosningu. Ef þetta væri vinsældakosning þá væri besta verkið Lína Langsokkur eða eitthvað slíkt,“ segir Guðjón Pedersen, leikhústjóri Borgarleikhússins. Guðjóni finnst áhugavert að Híbýli vindanna og Mýrarljós séu á listanum yfir bestu sýningarnar hjá lesendum visir.is því það staðfesti þá skoðun leikhúsfólks, að alvarleg og dramatísk verk eigi einnig upp á pallborðið hjá almenningi. Eitt atriði sem gæti spilað inn í kosningu almennings er það að konur sækja leikhús mun meira en karlar. „Ég held að öll leikhús í heiminum séu meira sótt af konum en körlum, ég held að við karlmenn séum búnir að glata einhverri löngun í andlega næringu,“ segir Guðjón.

### Leikhúsið á að þjóna almenningi

„Smekkur akademíunnar er ekki endilega spegill á það sem almenningi finnst en vitanlega á leikhúsið að taka mark á því sem almenningur segir. Mér finnst þessar tölur ekkert óeðlilegar, það er unga fólkið sem er netvætt og það skýrir kannski af hverju Hárið er á lista almennings,“ segir Tinna Gunnlaugsdóttir, leikhússtjóri Þjóðleikhúss Íslands. Tinna segir það galla á íslensku leiklistarverðlaununum að tilnefningarnar séu ekki tilkynntar fyrr svo að leikhúsin geti hampað þeim sýningum sem tilnefndar eru auk þess sem margar



**HÍBÝLI VINDANNA** Híbýli vindanna sem sýnt var í Borgarleikhúsinu er bæði á lista akademíunnar og almennings. Verkið er tilnefnt til fjögurra verðlauna á Grímunni í kvöld

sýningar sem frumsýndar eru seint á leikárinu falli milli stafs og hurðar því fólk komist ekki til að sjá þær og ekki náist að skapast umræða um sýningarnar áður en tilnefningar til leiklistarverðlaunanna eru tilkynntar. Tinna nefnir í því samhengi sýninguna Rambó 7 sem frumsýnd var á Litla sviðinu í Þjóðleikhúsinu um miðjan maí. Hún segir að um 75 prósent þeirra sem kaupi miða á leiksýningar Þjóðleikhússins séu konur en vitanlega þýði það ekki að 75 prósent gesta leikhússins séu konur því oft eru það konurnar sem kaupa miða fyrir sig og maka sína.

### Val almennings er álit breiðari hóps

Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar, segir leiklistarverðlaunin fyrst og fremst vera uppskeruhátíð leikhúsfólks þar sem litið er yfir veturinn og minnt á það sem vel er gert. Hann segir verðlaunin afskaplega jákvæð og ánægjuleg og að allir séu vel að tilnefningunum komnir.

„Ég er sannfærður um að akademían vinni sína vinnu faglega og af heiðarleika, en það gefur auga leið að allir meðlimir akademíunnar sjá ekki allt. Sennilega bitnar það einna helst á smærri sýningum og einnig sýningum sem sýndar eru utan höfuðborgarsvæðisins. Áhorfendaverðlaunin gefa góða vísbendingu um álit íslenskra leikhúsgesta og hvaða sýningar snertu þá. Það má færa fyrir því ágæt rök að sýningarnar sem áhorfendur velja séu kannski sýningar sem höfði til breiðari hóps en þær sem akademían velur,“ segir Magnús.

### Smekksatriði hver vinnur

„Kosning almennings endurspeglar fyrst og fremst þá aðsókn sem sýningarnar hafa fengið og um leið hversu ánægt fólk er með sýningarnar. Mér finnst þessi niðurstaða úr kosningu almennings mjög áhugaverð og jákvæð því verkin sem almenningur velur eru mjög ólík og sýnir kannski hversu breið flóran í íslensku leikhúslífi er orðin,“ segir Viðar Eggertsson, formaður Leiklistarssambands Íslands. Viðar segir að vissulega sé munur á vali almennings og valnefndar Grímunnar en undirstrikar hversu erfitt er að keppa í smekk. „Ég hef alltaf sagt að 16. júní, þegar við höldum upp á leiklistarárið, sé gott að geta horft til baka á allt það góða sem við höfum gert á árinu og eru sigurvegararnir allir þeir sem hlotið hafa tilnefningar til verðlaunanna. Hver ber sigur úr býtum er einungis smekksatriði,” segir Viðar. ■

**TILNEFNINGAR AKADEMÍUNNAR:**

- Draumleikur
- Héri Hérason
- Híbýli vindanna
- Mýrarljós
- Úlfhamssaga

**TILNEFNINGAR ALMENNINGS:**

Þau fimm verk sem hlutu flest atkvæði á netkosningu á visir.is

- Alveg brilljant skilnaður
- Hárið
- Híbýli vindanna
- Mýrarljós
- Óliver

# Netkosningu er lokið... símakosning hefst!

Sýningar ársins, að mati áhorfenda á vísir.is eru:

vísir

| Símanúmer | Sýning |
|---|---|
| 900-1101 | Alveg brilljant skilnaður<br>Edda Björgvinsdóttir / Borgarleikhúsið |
| 900-1102 | Hárið<br>Austurbær |
| 900-1103 | Híbýli vindanna<br>Leikfélag Reykjavíkur |
| 900-1104 | Mýrarljós<br>Þjóðleikhúsið |
| 900-1105 | Óliver!<br>Leikfélag Akureyrar |

Kjóstu þína sýningu!

Ein sýning verður krýnd Áhorfendasýning ársins á Grímunni í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

Athöfnin fer fram í beinni útsendingu Sjónvarpsins og verður hægt að greiða atkvæði allt þar til í lok hátíðarinnar.



Fylgstu með í kvöld!

BaseCamp Productions

GRÍMAN

ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

* símtalið kostar 99 kr.

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu í kvöld

Í samvinnu við:

BAUGUR GROUP | actavis | DAGUR group

Taktu þátt... vísir
í kjöri um áhorfendaverðlaun ársins á visir.is
og þú gætir farið frítt í leikhús - 40 miðar og 4 árskort í boði!
BaseCamp Productions
GRÍMAN
ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN
Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní
Í samvinnu við:
BAUGUR GROUP | actavis | DAGUR group



„Hæ hó og Jibí ja jey“
Geirmundur Valtýrsson
fagnar afmæli lýðveldisins á Kringlukránni í kvöld
Café/Restaurant KRINGLU KRÁIN –á góðri stund

Hollenska reaggae hljómsveitin
FIVE-4-VIBES



DANSLEIKIR
á Víkingahátíðinni um helgina
fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag
...auk þess
Rammíslenska hljómsveitin
VÍKINGASVEITIN



VIKING village
FJÖRUKRÁIN
Sími 565-1213 - www.fjorukrain.is

# Lífið er yndislegt

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Niðurstaða:** Maður hrífst með frá fyrstu mínútu. Þetta unga glæsilega fólk hefur ekki einasta yfirburða vald á líkömum sínum heldur geislar af þeim slík gleði og ástríða við að skemmta áhorfendum sínum að hver taug áhorfandans er strengd til hins ítrasta á meðan á sýningunni stendur.

Sirkuslífið hefur löngum heillað ævintýragjarna menn og konur. Þeir eru nokkrir Íslendingarnir sem kynntust sirkuslífinu hér á árum áður. Mönnum er enn í fersku minni Jóhann Pétursson risi úr Svarfaðardal og Jóhannes glímukappi á Borg sem unnu hjá frægum sirkusum í Ameríku og þóttu merkir menn fyrir vikið. Ungur að árum sá ég hina frægu kvikmynd „The greatest show on earth“ sem fjallaði um ástir og örlög fólks í fjölleikahúsi en sú mynd kveikti áhuga minn og vina minna. Við reyndum ýmsar kúnstir með bolta, hringi, reyndum línudans, stukkum úr rólum, ofan af húsþökum, gerðumst sverðagleypar, eldgleypar og hvað þetta heitir nú allt. (Ef einhverjir úr Slysavarnarfélaginu hefðu fylgst með uppátækjum okkar þá hefðum við án efa allir verið teknir úr umferð.) Ekki fórum við í skóla til að læra sirkustrix enda voru slíkir skólar ekki í boði fyrir strákpjakka eins og okkur. Við urðum að brenna okkur sjálfir á mistökunum og svo fór að við uxum frá þessu með tímanum.

Sænski fjölleikahópurinn Cirkus Cirkör sem heiðrar okkur með nærveru sinni býður nú upp á þá nýlundu að ungt fólk á þess nú kost að þjálfa sig í sirkusskóla. Þar er fólk við þriggja ára stranga þjálfum að ná sem næst fullkomnun í sinni grein hvort sem það er að „joggla“, leggja stund á jafnvægislist, loftfimleika, stökk eða hvaðeina. Á hverju ári setur Circus Cirkör upp sýningar, bæði fyrir leikhús og eins á götum úti. Leikstjórinn og jafnframt stofnandi og listrænn leiðtogi heitir Tilde Björfors og er ekki nema 34 ára gömul. Mér hefur skilist að hún hafi átt erfitt uppdráttar í skóla en alið með sér þann draum að starfa við sirkus og látið þann draum sinn rætast og nú stjórnar hún öllu heila klabbinu. Hún segir listræna stefnu sína vera að vinna útfrá kaos (óreiðu) en markmiðið er að bæta mannlífið í heiminum.



**CIRKUS CIRKÖR** Sýndi verkið 99% Unknown í Borgarleikhúsinu á þriðjudag. „Ég hvet alla sem vettlingi geta valdið til að steðja inn í Borgarleikhús til að upplifa sýningu Circus Cirkör og í guðanna bænum takið krakkana með,“ segir Valgeir Skagfjörð í dómi sínum um sýninguna.

Circus Cirkör blandar saman leikhúsi, fjölleikahúsi, dansi, óperu, tónlist og við fyrstu kynni hljóman er það hálf klisjukennt en útkoman er hreint stórkostleg. Þeir líkamsgjörningar sem eru framdir á sviðinu í Borgarleikhúsinu eru töfrum líkastir. Maður hrífst með frá fyrstu mínútu. Þetta unga glæsilega fólk hefur ekki einasta yfirburða vald á líkömum sínum heldur geislar af þeim slík gleði og ástríða við að skemmta áhorfendum sínum að hver taug áhorfandans er strengd til hins ítrasta á meðan á sýningunni stendur. Ástæðan liggur í augum uppi. Hættan. Hættan er alltaf nálæg. Hvað sem er getur gerst. Ýmislegt getur farið úrskeiðis og ef eitthvað bregður út af þá er hætta á ferðum. Það sem gert er á sviðinu er lífshættulegt.

Yfirlýst markmið Tildu Björfors er ... að vera opinskár, með húmor, stjórnleysi og hlýju. Það tekst svo sannarlega í þessari sýningu og í fullkominni auðmýkt þar sem hið kaótíska form tekur á sig kristalstæra mynd situr maður og upplifir hættuna, mistökin, gleðina og fegurð lífsins í gegnum magnaðasta sköpunarverkið: mannslíkamann. Ég get ekki látið staðar numið án þess að nefna tónlistina og tónlistarfólkið í sýningunni sem á ekki svo lítinn þátt í að gera þessa sýningu eftirminnilega en tónlistin er kapítuli útaf fyrir sig. Ég hvet alla sem vettlingi geta valdið til að steðja inn í Borgarleikhús til að upplifa sýningu Circus Cirkör og í guðanna bænum takið krakkana með. ■



**TÓNLISTARMENN FRAMTÍÐARINNAR** Strengjanámskeið í Skálholti hefur nú sitt fjórtánda starfsár. Tvö námskeið verða í sumar. 13. til 16. júní fyrir börn á aldrinum 5 til 10 ára og seinna námskeiðið verður frá 8. til 14. ágúst fyrir fólk aldrinum 10 til 20 ára.

## Strengjafestival í Skálholti

„Á Strengjanámskeið í Skálholti koma mjög góðir nemendur og einbeita sér að tónlistinni allan daginn en jafnframt er séð til þess að vinna og leikur nái að blandast vel saman. Það er verið að ala upp tónlistarmenn framtíðarinnar,“ segir Auður Hafsteinsdóttir, fiðluleikari, sem kennt hefur á Strengjanámskeiðinu í Skálholti síðastliðin þrjú ár.

Strengjanámskeiðið er nú á sínu fjórtánda starfsári, hófst 13. júní og lýkur í dag. Námskeiðið sækja börn á aldrinum 5 til 10 ára. „Það er svo merkilegt með litlu krakkana að þau hegða sér alveg eins og fullorðið fólk því aginn í tónlistarnáminu er svo mikill. Mönnum er tíðrætt um forvarnargildi íþróttanna en tónlistin er ekki síður góð forvörn þótt öll börn sem leggja stund á tónlist verði ekki tónlistarmenn,“ segir Auður.

Strengjafestival í Skálholti saman stendur af spilatímum, samspili, tónleikum, listsköpun og kvöldvökum. Á námskeiðinu kenna bæði íslenskir og erlendir kennarar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

13 14 15 **16** 17 18 19

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

- 20.00 Tónleikar í félagsmiðstöðinni **Músík og Mótór** í Hafnarfirði. Unglingahljómsveitir úr félagsmiðstöðinni leika tónlist sína og hljómsveitin **Botnleðja** lýkur tónleikunum.
- 20.30 **Kolbeinn Bjarnason** flautuleikari og **Elísabet Waage** hörpuleikari halda tónleika í Stykkishólmskirkju á vegum sumartónleikaraðarinnar og hefjast þeir kl. 20:30. Fjölbreytt efnisskrá.
- 22.00 **KK Band** heldur tónleika á **Grand Rokk**.
- 23.00 Klúbbadanskvöld á NASA með **Mick Warren** úr hljómsveitinni **Way Out West** þeytir skífum. **Grétar G.** og **Danni** hita upp. Brjálað Þjóðhátíðardjamm!

### OPNANIR

- 16.00 Tvær sýningar opnaðar í Myndasal Þjóðminjasafns Íslands; **Skuggaföll**- Portrettmyndir **Kristins Ingvarssonar** og **Story of your life**- ljósmyndir **Haraldar Jónssonar**. Sýningarnar standa yfir til 18. september.
- 18.00 Opnun sýningarinnar **Sænskt Listgler** í sýningarsal Listasafns Reykjavíkur í Duushúsum. Sýningin kemur frá Hönnunarsafni Íslands og stendur til 28. ágúst.

## ÚTIVIST

☐ 20.00 Rölt verður um miðborgina og Hljómskálagarðinn með **Eiríki Þorlákssyni**, forstöðumanni Listasafns Reykjavíkur og skoðuð útilistaverk eftir marga þjóðkunna, íslenska listamenn. Gangan hefst hjá gamla Geysishúsinu Aðalstræti 2, Vesturgötumegin.

## BJARTIR DAGAR

☐ 12.00 **Kurt Kopecky**, tónlistar- og hljómsveitarstjóri Íslensku óperunnar og **Antonía Hevesi** píanóleikari flytja vinsæla óperutónlist í eldfjörugum útsetningum fyrir fjórhent á píanó á hádegistónleikum í Sverrissal Hafnarborgar.

☐ 18.00 Setning **Víkingahátíðar** við Fjörukrána.

☐ 20.00 Björtum dögum lýkur með **útitónleikum á Víðistaðatúni** þar sem nokkrar hafnfirskar hljómsveitir koma saman og hita upp fyrir þjóðhátíðardaginn. Hljómsveitirnar eru **Diðrik, Gettu Betur bandið, My toe is stuck in the magnari, Rýrð, Elect, Form áttanna** og **Botnleðja**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.















*„As I was saying, I'm a woman and can't be taken for granted. Life's a bitch, now so am I.“*

Af öllum þeim illmennum sem Leðurblökumaðurinn hefur þurft að kljást við hefur honum sennilega þótt skemmtilegast að kljást við Kattarkonuna. Hún gerði honum snemma grein fyrir því hvers kyns væri.

# bíó

bio@frettabladid.is

## *Látlausi leikarinn*

Það er ekki hægt að segja að **Liam Neeson** láti mikið fyrir sér fara. Hann hefur hægt og sígandi orðið að einum besta kvikmyndaleikara Hollywood í dag án þess að nokkur tæki eftir því. Ef nafn hans er að finna meðal leikara er yfirleitt hægt að reikna með því að myndin sé góð.

Það var þó enginn hægðarleikur fyrir Neeson að koma sér á framfæri. Hann lék sveitalubbann *Briar Gates* á móti **Patrick Swayze**. Þar var **Swayze** í aðalhlutverki en **Neeson** óþekktur. **Swayze** myndi væntanlega vera þakklátur ef hann fengi lítið aukahlutverk í mynd með **Neeson** í dag.

Skömmu síðar kom svo stóra tækifærið þegar hann lék lækninn *Peyton Westlake* sem hyggur á hefndir eftir að hafa verið dýpt ofan í sýruker í *Darkman*. Myndinni var leikstýrt af **Sam Raimi** og sló rækilega í gegn.

**Neeson** ákvað að gefa hasarmyndum frí í smá tíma og einbeitti sér að „alvarlegri myndum“. Tækifærið kom þegar **Woody Allen** bauð honum hlutverk í kvikmynd sinni *Husbands & Wives*.

Í framhaldi af frammistöðu hans í þeirri myndi kom **Steven Spielberg** að máli við hann og bauð honum að leika **Oscar Schindler**. Ekki stóð á svarinu og með leik sínum tryggði Neeson sér stöðu meðal virtustu leikara Hollywood enda var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna.

**Neeson** hefur brugðið sér í allra kvikinda líki, frá *Qui – Gon Jinn* í *Star Wars* til frelsishetjunnar *Rob Roy*.

Árið hefur verið **Neeson** gott því hann hefur leikið í tveimur vinsælum kvikmyndum. Hann fór með **Orlando Bloom** í krossferð í *Kingdom of Heaven* og hann kennir **Christian Bale** allar kúnstir í *Batman Begins*.



**NEESON OG BALE** Hinn norður-írski Neeson er orðinn einn af stærstu leikurum Hollywood án þess að mikið fari fyrir því.

### EKKI MISSA AF...

Leonardo DiCaprio, Cate Blanchett, John C. Reilly og Jude Law í kvikmyndinni The Aviator eftir Martin Scorsese. Myndin kemur á myndbandaleigurnar í dag en hún var tilnefnd til ellefu Óskarsverðlauna og fékk fimm, þar á meðal Cate Blanchett fyrir leik sinn sem Katharine Hepburn.



### NÝJAR Í KVIKMYNDAHÚSUM

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**ARE WE THERE YET**
Internet Movie Database 3,7 / 10
Rottentomatoes.com 12% / Rotten
Metacritic.com 3,4



**BATMAN BEGINS**
Internet Movie Database
Rottentomatoes.com 83% / Fresh
Metacritic.com 8,7 / 10



**MR. & MRS. SMITH**
Internet Movie Database 6,9 / 10
Rottentomatoes.com 60% / Fresh
Metacritic.com 5,5 / 10

## Erfiðir krakkar í löngu ferðalagi

Nick er glaumgosi af líf og sál. Hann er þó smám saman að verða hrifinn af Suzanne, fráskildri móður með tvö börn á framfæri. Honum gengur þó eitthvað illa að ganga í augun á henni en telur sig detta í lukkupottinn þegar Suzanne þarf að vinna á nýársdag í Vancouver. Hún tjáir honum að hún eigi eftir að sakna barnanna sinna með tárin í augunum. Nick lætur ekki bjóða sér þetta tækifæri tvisvar heldur grípur gæsina og býðst til þess að skutla börnunum til hennar. Það séu ekki nema rúmlega 700 kílómetrar. Ferðin verði bara skemmtileg. Það sem Nick veit hins vegar ekki er að börnin halda hlífiskildi yfir mömmu sinni og er meinilla við einhverja karla sem ganga með grasið í skónum á eftir henni. Þessi ferð verður því enginn hægðarleikur fyrir piparsveininn Nick, sem þarna lendir í útsmognum krökkum.

Það er Brian Levant sem leikstýrir Are We There Yet. Levant hóf feril sinn sem handritshöfundur að þáttunum Happy Days þar sem Ron Howard sló fyrst í gegn. Hann hefur síðan setst meira í leikstjórastólinn og gerði síðast Snow Dogs með Cuba Gooding Jr. og Sisqo.

Stjarna myndarinnar er án nokkurs vafa Ice Cube. Ice Cube er einn vinsælasti rappari Bandaríkjanna. Hann, ásamt sveit sinni N.W.A, voru meðal þeirra sem gerðu rappið að vinsælli tónlist um allan heim. O'Shea Jackson, eins og hann heitir réttu nafni, reyndi fyrst fyrir sér í kvikmyndaleik þegar hann fór með hlutverk Darin „Doughboy“ Baker í Boyz n the Hood. Síðan þá hefur hann einbeitt sér mestmegnis að þeirri atvinnugrein þótt hann grípi í hljóðnemann öðru hvoru.



**NICK OG KRAKKARNIR** Ferðalagið reynist Nick ekki eins auðvelt og hann hafði gert ráð fyrir enda er krökkunum í nöp við alla þá sem gera hosur sínar grænar fyrir móður þeirra.




## Stjörnustríð, hjónaerjur og *Leðurblökumaðurinn*

Það er blómlegt um að litast í kvikmyndahúsunum þessa dagana. Hver stórmyndin rekur aðra núna og þegar hafa þrjár þeirra ratað upp á borð til okkar Íslendinga. Mr. & Mrs. Smith kom mjög á óvart og var frumsýningarhelgin hennar sú næst stærsta í ár en átta þúsund og fimm hundruð manns sáu Angelinu Jolie og Brad Pitt berast á banaspjótum. Hún er þegar komin í sextán þúsund manns á einni viku og verður það teljast nokkuð óvænt. Markaðsbragðið með meint ástarsamband Brad Pitt og Angelinu Jolie hefur að einhverju leyti virkað því myndin hefur fengið misjafna dóma hér heima. Star Wars hefur einnig gengið mjög vel og á 25 dögum hafa 35 þúsund manns séð Anakin ganga til liðs við hin illu öfl.



**PITT OG JOLIE**

Smith hjónin fá þó verðugan andstæðing um helgina en í gær var Batman Begins frumsýnd. Má reikna með því að þau verði þá að lúta í lægra haldi fyrir „Íslandsvininum“.



**LEÐURBLÖKUMAÐURINN Á FLUGI** Myndin um Leðurblökumanninn hefur fengið frábæra dóma og ekki skemmir fyrir að fjórtán mínútur af myndinni gerast á Íslandi.

# Heimsendir og Syndabæli

Stórmyndirnar eru að tínast inn hver af fætur annarri og geta íslenskir kvikmyndahúsagestir hlakkað til næstu vikna og mánaða.

Næsta mynd sem telst stórmynd verður að teljast Tom Cruise og Steven Spielberg-myndin War of the Worlds en hún verður frumsýnd 29. júní. Mikil spenna hefur verið í kringum þá mynd en hún er byggð á bók H.G Wells. Þar næst kemur Syndabæli Rodrigues en hún verður frumsýnd 8. júlí. Þar fara þeir Mickey Rourke, Bruce Willis og Clive Owen hamförum. Ekki minnkar spennan því The Island með Ewan McGregor og Scarlett Johansson verður frumsýnd 3. ágúst en henni er leikstýrt af Michael Bay. Hinn 10. ágúst kemur svo Fantastic Four. Það verður því líf og fjör í kvikmyndahúsum á næstunni.



**BRUCE WILLIS** Mætir eitursvalur til leiks áttunda júlí í kvikmyndinni Sin City ásamt Mickey Rourke og Clive Owen.



**TOM CRUISE** Mætti ekki með Katie Holmes þegar War of the Worlds var frumsýnd í Japan. Hún hefur sennilega verið önnum kafin við kynningu á Batman Begins

SONY

Sumartilboð í Sony Center

Alvöru klippihugbúnaður og 3 spólur fylgja!



DSR-HC22
**Stafræn myndavél**
• 2,5 snertiskjár
• 20x optical Carl Zeiss linsa
• Tengistöð einfaldar allar tengingar

**4.995 krónur á mánuði vaxtalaust***
**59.940 krónur staðgreitt.**



DSR-PC55
**Stafræn myndavél**
• 3" snertiskjár
• 12x optical Carl Zeiss linsa
• Tengistöð einfaldar allar tengingar

**7.495 krónur á mánuði vaxtalaust***
**89.940 krónur staðgreitt.**

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Þjónustuver KB banka er opið frá 8-19 alla virka daga

444 7000

Við aðstoðum þig við alla almenna bankaþjónustu frá morgni til kvölds

- upplýsingar um stöðu reikninga
- millifærslur
- innborgun á kreditkort
- innborgun á skuldabréf
- framlenging á yfirdráttarheimild

KB BANKI

www.kbbanki.is

FIMMTUDAGS-TILBOÐ

DÖMUSKÓR

5.995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú
litir: bleikt, blátt, base
stærðir: 36 - 41



TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109
OPIÐ: MÁN. - FÖS. 12 - 18, LAU. 10 - 16

! 90,9
MARKAÐURINN
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30



**ÞEYTIR SKÍFUM** Hinn sjóðheiti plötusnúður Nick Warren spilar á Nasa í kvöld.

# Nick Warren þeytir skífum

Nick Warren, einn vinsælasti klúbbaplötusnúðurinn í heiminum, mun þeyta skífum á skemmtistaðnum Nasa í kvöld. Það er hið nýstofnaða fyrirtæki Flex Music ehf. sem stendur fyrir komu Warren til landsins.

„Hann er rosalega heitur plötusnúður," segir Heiðar Hauksson, annar af eigendum Flex. „Við bókuðum hann fyrir fjórum mánuðum en núna er hann bókaður allar helgar fram í miðjan janúar. Þetta er langflottasta klúbbatónlistin. Hann heldur þér á dansgólfinu allan tímann, þú kemst ekkert í burtu."

Nick Warren er að koma til landsins í annað skiptið. Hann kom hingað seinast í ágúst 2002 ogtók þá upp plötuna Global Underground Reykjavík en flestir stærstu plötusnúðar heims í house-, teknó- og progressive house-geiranum gefa út hjá Global Underground. Warren er einmitt um þessar mundir að gefa út aðra Global Underground-plötu sem er tekin upp í Sjanghæ.

Að sögn Heiðars er stefnan að bóka fullt af þekktum plötusnúðum í sumar og haust. Á meðal þeirra verða líklega Sasha, Deep Dish og Sander Kleineberg.

Byrjað verður að hleypa inn á Nasa klukkan 23.00 í kvöld og er miðaverð 1.500 krónur í forsölu, sem fer fram í Þrumunni á Laugavegi. ■




KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!
Hér &nú



MYND/REUTERS

**NICOLE KIDMAN** Nýjasta mynd hennar, Bewitched, er endurgerð á sjónvarpsþáttum sem voru afar vinsælir í Bandaríkjunum fyrir allmörgum árum.

# Baulað á Nicole

Þrátt fyrir að vera fögur, rík og dáð um allan heim er lífið ekki auðvelt fyrir Nicole Kidman. Kvikmyndaleikkonan er alltaf elt á röndum af ágengum ljósmyndurum og þau skipti sem hún vill ekki láta taka mynd af sér hreyta þeir í hana ónotum. Það gerðist í síðustu viku þegar hún mætti á frumsýningu nýjustu myndar sinnar, Bewitched. Nicole mætti á svæðið og var svolítið sein fyrir svo hún hafði nauman tíma á rauða dreglinum. Þar af leiðandi gat hún ekki stoppað beint fyrir framan hvern einasta ljósmyndara til að láta þá mynda sig í bak og fyrir. Er hún hugðist ganga inn í salinn þá byrjaði einn ljósmyndari, sem fannst hann sniðgenginn, að baula á hana hátt og skýrt og kalla að henni ókvæðisorð. Þetta fór svo fyrir brjóstið á vesalings Nicole að eftir ráðfæringu við aðstoðarmann sinn gekk hún hröðum skrefum til ljósmyndarans og sagði: „Þú ert svakalega dónalegur". Svo gekk hún til baka inn í salinn en þegar aðstoðarmaðurinn spurði hana hvort allt væri í lagi heyrðist hún svara: „Nei, það er ekki allt í lagi". ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Teri Hatcher** er alls ekki ánægð með líkama sinn. *Desperate Housewives*-stjarnan sagði nú fyrir skemmstu að hún færi aldrei í bikiní. Þrátt fyrir að vera með líkama sem flestar konur myndu gefa sína hægri hönd fyrir er það ekki nóg fyrir Teri, sem sagði: „Helmingnum finnst ég kannski sæt en hinn helmingurinn myndi segja að ég væri með lafandi rass.“



**Nicole Richie** og **Lindsay Lohan** eru orðnar bestu vinkonur. Eins og allir vita eru **Paris Hilton** og Nicole orðnar óvinkonur og Paris var ekki lengi að finna sér nýja bestu vinkonu í **Kimberley Stewart**, dóttur **Rod Stewart**. Nicole fann sér þá Lindsay, í stað Parisar, og sjást fröken Richie og fröken Lohan nú saman á öllum rauðum dreglum, hlæjandi og knúsandi hvor aðra.



**Hollywood-stjarnan Val Kilmer** þurfti að húkka sér far með vegfaranda þegar limósína hans mætti ekki til að sækja hann. Kilmer þurfti nauðsynlega að komast á súludansstað og gat hreinlega ekki beðið eftir leigubílnum sem átti að koma í stað limósínunnar. Hann gekk bara upp að fyrsta bílnum sem hann sá og sagði: „Ég heiti Val Kilmer – geturðu keyrt mig á strippstaðinn Stringfellows?“ Bílstjórinn varð við ósk hans.



Fótboltastjarnan **David Beckham** og rapparinn **Snoop Dogg** eru orðnir góðir vinir. Félagarnir hafa undanfarnar vikur verið að senda hvor öðrum smáskilaboð og ætla að reyna að hittast við fyrsta tækifæri. „Beckham var himinlifandi þegar Snoop hringdi í hann í fyrsta skipti, því hann er mjög mikill rappunnandi,“ sagði heimildarmaður. „David trúði því varla að þetta væri Snoop. Þeir hafa verið að senda hvor öðrum gjafir, áritaðar treyjur og geisladiska,“ sagði annar vinur Beckhams.



Clueless-stjarnan **Alicia Silverstone** gekk í það heilaga með kærastanum sínum **Christopher Jarecki** á laugardag. Alicia, sem síðast vakti athygli í þáttunum *Miss Match*, var mjög fögur í athöfninni, sem fór fram á ströndinni og var berfætt. Nýbakaður eiginmaður hennar er söngvari hljómsveitarinnar S.T.U.N.



**Sienna Miller** er mjög heit fyrir hlutverk Edie Sedgwick í væntanlegri kvikmynd um Andy Warhol. Búið var að ræða við **Katie Holmes** um að taka að sér hlutverkið, en eins og var í fréttum nýlega þá vildi **Tom Cruise**, kærasti Katie, ekki að hún tæki það að sér. Sienna er afar glöð að Katie sé út úr myndinni og hefur keypt myndir af Edie til að ná betri tengslum við karakterinn.



# Crowe biðst afsökunar í þætti Lettermans

Russell Crowe baðst afsökunar á hegðun sinni á Mercer-hótelinu á dögunum í þætti David Letterman. Crowe var handtekinn á hótelinu í New York fyrir að hafa hent síma í hótelstarfsmann og slasað hann lítillega. Nokkrum dögum eftir atburðinn sagði Crowe að hann hefði verið pirraður vegna þess að hann saknaði eiginkonunnar. Nú hefur konan hans, Danielle Spencer, lýst yfir vanþóknun sinni í ummælum bóndans því hún vill ekki að hann skelli skuldinni á konuleysið. „Hann er alveg meðvitaður um hvað fór úrskeiðis hjá honum. Ég skil að þegar fólk er svona aðskilið taki einmanaleikinn yfir og þá verður síminn augljóslega mjög mikilvægur. En ég er ekki að réttlæta hegðun hans. Ég vil ekki afsaka hann neitt,“ sagði Danielle, en Crowe henti símanum í reiðiskasti þegar símasamband náðist ekki til Ástralíu. Í Letterman-þættinum bað Crowe hótelstarfsmanninn og eiginkonu sína afsökunar og sagði að atvikið væri það skammarlegasta sem hann hefði nokkurn tímann lent í. ■



MYND:NORDIC PHOTOS/GETTY

**RUSSELL CROWE** Crowe, handjárnaður, á leið í réttarsalinn til að heyra ákæruna.


# Lei rétting

AU LEIÐU MISTÖK ÁTTU SÉR STAÐ Í AUGLÝSINGU MORGUNBLAÐSINS UM SÍÐUSTU HELGI AÐ SÚLUR SEM SÝNDU HVAÐA DAGBLAÐ ER MEST LESIÐ Á ÍSLANDI „GLEYMDUST“Þ AÐ LEIÐRÉTTIST HÉR MEÐÞ




Tölur skv. Gallupkönnun í apríl 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

Fiton/SÍA

# Coldplay beint í efsta sætið

Hljómsveitirnar Coldplay og The White Stripes heyja harðvítuga baráttu á breska breiðskífulistanum með sínar nýjustu plötur, sem komu báðar út sjötta júní.

Coldplay fór beint í efsta sætið með plötuna X&Y og ruddi þar með nýjustu plötu Oasis, Don't Believe the Truth, úr vegi. The White Stripes endaði í þriðja sæti með Get Behind Me Satan. Hljómsveit fyrrum meðlima Suede, The Tears, komst í 15. sæti listans með sína fyrstu plötu, Here Comes The Tears. ■



**COLDPLAY** Hljómsveitin er í efsta sæti breska breiðskífulistans með plötuna X&Y.



**THE ZUTONS** Breska hljómsveitin The Zutons spilar á Iceland Airwaves í haust.

# Mikill fjöldi hljómsveita á Iceland Airwaves

Hljómsveitirnar The Zutons, The Fiery Furnaces og The International Noise Conspiracy eru á meðal fjölmargra sveita sem munu spila á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni sem verður haldin í Reykjavík dagana 19. til 23. október.

Fjölmargar íslenskar sveitir troða einnig upp. Þeirra á meðal verða Leaves, Gus Gus, Ghostdigital, Mínus, Bang Gang og Deep Jimi, sem áður gekk undir nafninu Deep Jimi and the Zep Cream.

„Takmarkið er að gera hátíðina flottari en áður; gera alltaf betur," segir Árni Einar Birgisson hjá Hr. Örlygi, sem sér um framkvæmd hátíðarinnar. „Það var uppselt á hátíðina í fyrra í fyrsta skipti og miðasalan er strax farin vel í gang, til dæmis í Bretlandi. Hún er miklu meiri en á sama tíma og í fyrra."

The Zutons er pönkuð fönkhljómsveit frá Liverpool sem hefur vakið mikla athygli upp á síðkastið. The Fiery Furnaces kemur frá Bandaríkjunum og hefur meðal annars verið á tónleikaferðalagi með The Shins og Franz Ferdinand. Sveitin gaf á síðasta ári út plötuna Blueberry Boat, sem þótti afar sérstök.

Hinn þekkti upptökustjóri Rick Rubin sá um upptökur á nýjustu plötu sænsku sveitarinnar International Noise Conspiracy, sem hefur notið töluverðra vinsælda undanfarin ár. Breska hljómsveitin The Mitchell Brothers er einnig væntanleg en Mike Skinner, betur þekktur sem The Streets, er upptökustjóri nýjustu plötu þeirra sem er gefin út hjá nýju hljómplötufyrirtæki hans, The Beach.

Að sögn Árna Einars er öruggt að eitt til tvö stærri nöfn muni bætast við hátíðina á næstunni. Miðasala hér á landi hefst í haust. Um 3500-4000 miðar verða í boði á fimm til sex staði í miðborginni og því þurfa tónlistarunnendur að hafa hraðar hendur ætli þeir sér að tryggja sér miða. ■


Nýtt Líf
er komið út



Vinkonur og mæðgur
Unnur Steinsson og Unnur Birna

Konur og kókaín
Glæpur – ekki glamúr



Skór, baðföt, sólgleraugu og fleira flott fyrir sumarið

VIÐTÖL • GREINAR • TÍSKUÞÁTTUR
MATUR • HEILSA • ÚTLIT

Áskrift: 515 5500 / www.frodi.is



Einstakt tilboð!
Þjóðhátíðardagshelgi á Hótel Örk

Daganna 16. - 19. júní
Í tilefni Þjóðhátíðardagsins 17. júní.
Frí gisting í tvíbýli ef keyptur er þriggja rétta þemakvöldverður hússins.
Verð kvöldverðar 4.900,- krónur.
Fjör fram eftir nóttu í Hveragerði fimmtudag, föstudag og laugardag





Suðræn stemming sundlaugarbakkann
Njótið veðurblíðunnar í hinum nýuppgerða sundlaugargarði sunnan við hótelið .
Léttar veitingar, garðhúshögn og sólbekkir.
Veðurspáin góð og því von á sannri Spánarstemmingu.

Veljum íslenskt! Hátíðarmatseðill
Tómas Þóroddsson og Jakob V. Arnarson matreiðslumenn á Hótel Örk hafa sett saman matseðil fyrir þjóðhátíðardagshelgina með úrvals íslensku hráefni.

Pantanir í síma:
483 4700
info@hotel-ork.is www.hotel-ork.is
HÓTEL ÖRK




**BERGLIND OG SELMA** Leggja mikla áherslu á góða stemningu á sýningunni.

# Va-Gina sýnir götutísku Berglindar og Selmu

